

Höfum virkjað nóg náttúruvernd **28**



Þór Breiðfjörð og sýningarnar þúsund leikhús **34**



spottið **16**



Opið í dag **12-16**

Sumarbæklingur

Heimsferða

fylgir Fréttablaðinu í dag



FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

11. febrúar 2012
36. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



Tilraunakennt upphaf
Knútur Björnsson gerði fyrstu brjóstastækkunina á Landspítalanum árið 1967.
heilsa 24

Draumar og straumar
Rýnt í lögin í undankeppni Eurovision í gegnum tíðina.
tónlist 36



Elskar að tromma
Máni Ramzy Norðfjörð Secka er fjölhæfur strákur.
krakkar 50

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Fermingarveislur | Allt | Allt atvinna



KÍKT Í KAFFI Veðrið hefur verið eilítið skaplegra hér á landi síðustu daga, jafnvel svo að fólk hefur vogað sér að fá sér hressingu utandyra. Þessar mætu konur fengu sér kaffibolla fyrir utan Mokka á Skólavörðustíg í vikunni, en með þeim í för voru þessi myndarlegu Cavalier-hvolpar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjarnámið helmingi dýrara

Nemendum í fjarnámi hefur stórum fækkað eftir hrun. Stúdentspróf kostar 740 þúsund krónur. Þeir sem gerst þekktu gagnrýna að þeim nemendum sem námið var upphaflega hugsað fyrir fækkar stöðugt.

MENNTAMÁL Grunnkostnaður við að ljúka stúdentsprófi í fjarnámi hefur tvöfaldast frá því haustið 2009. Nemendum hefur fækkað frá hrúni eftir stöðuga fjölgun frá því að fyrst var boðið upp á fjarnám. Námsframboð er minna og þeim fækkar í náminu sem það var upphaflega hugsað fyrir.

Þuríður Jóhannsdóttir, lektor við menntavísindasvið Háskóla Íslands, segir það umhugsunarefni að félagslegt réttlæti hafi verið undirliggjandi þegar fjarnám kom

til og svo lengi eftir það. „Þróunin vekur hins vegar upp spurninguna um hverjir það eru sem hafa efni á fjarnámi. Ef til vill er það ekki sá hópur sem átti helst að nýta sér þennan kost í upphafi.“

Sigurlaug Kristmannsdóttir, fjarnámsstjóri Verzlunarskóla Íslands, segir að eftir hrun hafi nemendum fækkað, meðalaldur þeirra lækkað og hlutfall kvenna af heildarfjölda orðið lægra. Kennurum fækkaði einnig og vinna þeirra sem eftir voru minnkaði.

“Próunin vekur hins vegar upp spurninguna um hverjir það eru sem hafa efni á fjarnámi.”

ÞURÍÐUR JÓHANNSDÓTTIR
LEKTOR VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Í dag kostar hver námseining í fjarnámi fjögur til fimm þúsund krónur, en kostaði tvö þúsund krónur árið 2009. Með inn-

ritunargjaldi kostar fullt nám til stúdentsprófs um 740 þúsund krónur miðað við fjögurra ára nám. Fyrir hrun kostaði námið um 370.000 krónur. Þá er ótalin kostnaður við námsgögn og fleira.

Á haustönn árið 2001 voru nemendur í fjarnámi 810 en vel á fimmta þúsund árið 2009, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Hafði þá nemendum fjölgað ár frá ári, mest á árunum 2006 til 2008. - shá / sjá síðu 6

Ný sending, mikið úrval striga í öllum stærðum
Strigar, ótal stærðir frá kr 195

Myndlistavörur í miklu úrvali

Verkfæralagerinn
Smáratorgj 1, 201 Kópavogj, sími 588 6090, vl@simnet.is

11 dagar til Öskudags

Sjáðu búningana okkar á Facebook

Barnabúningar: 1.490, 2.990 og 4.990

PARTÝ BÚÐIÐ
ALLT FYRIR VEISLUNA
Faxafeni 11 • sími 534 0534

Opið til **18** í dag

Smáralind



Páll, stendurðu í lóðabraski?

„Nei, verða ekki allir að leggja sitt lóð á vogarskálarnar?“

Geirmundur Vilhjálmsson, fyrrverandi fangelsisstjóri á Kvíabryggju, sem sætir ákæru fyrir fjádrátt, hefur kært Pál Winkel fangelsismálastjóra fyrir að stela af honum lyftingalóðum og selja þau.

Nýjar tölur frá landlækni:

68 prósent með sprungna púða

HEILBRIGÐISMÁL Búið er að ómskoda 105 konur með PIP-púða hér á landi, af þeim tæplega 300 sem fengu boðun í skoðun. Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá landlækniseimbættinu hefur 71 kona greinst með leka púða, eða um 68 prósent af þeim sem hafa verið skoðaðar.

Þetta er lægra hlutfall en greindist í ómskoðun fyrir viku, þar sem rúmlega 80 prósent voru með sprungna púða. Landlæknir fær þessar tölur frá leitarstöð Krabbameinsfélagsins, sem sér um að skoða konurnar á fimmtudögum og föstudögum í viku hverri.

- sv / sjá síðu 24

Vistvæn landbúnaðarafurð:

Marklaus vistvæn merking

LANDBÚNAÐUR Ekkert eftirlit er með því hvort vörur merktar sem vistvæn landbúnaðarafurð uppfylli kröfur um umhverfsvæna framleiðsluhætti.

Bændasamtökin höfðu áður eftirlit með vörum merktum sem vistvæn landbúnaðarafurðir. Þau hvetja ekki lengur til þess að merkingin sé notuð og hafa ekki eftirlit með gæðum framleiðslunnar.

Neytendasamtökin hafa gagnrýnt íslensk fyrirtæki fyrir að nota merki vistvænnar landbúnaðarafurðu. Telja samtökin merkinguna villandi fyrir neytendur, sem telji margir að vörur merktar vistvænar séu sambærilegar lífrænt vottuðum vörum.

- hhs / sjá síðu 32



Fékk 12 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að kaupa vændi af 14 ára barni: Dómur mildaður vegna afleiðinga

DÓMSMÁL Maður sem keypti vændi í tvígang af fjórtán ára dreng var í gær dæmdur í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Vesturlands í gær.

Maðurinn játaði að hafa haft kynmök við drenginn í tvígang, og greitt honum fyrir í bæði skiptin. Dómurinn telur að þar sem maðurinn játaði brot sitt skýlaust, auk afleiðinga málsins fyrir hann, sé rétt að skilorðsbinda árs fangelsisdóm yfir manninum. Þar var einnig litið til þess að hann hafi bætt ráð sitt í kjölfar málsins.

Í dóminum er vísað í vottorð

■ ■ ■ Rannsókn málsins hafði að sögn geðlæknisins alvarlegar afleiðingar fyrir fjölskyldulíf mannsins, auk þess sem hann missti vinnuna.

geðlæknis. Niðurstaða hans var að maðurinn hafi um árábil lífað í felum með kynhneigð sína. Hann hafi leitað eftir samskiptum við aðra karlmenn í gegnum netið.

Rannsókn málsins hafði að sögn geðlæknisins alvarlegar afleiðingar fyrir fjölskyldulíf mannsins, auk þess sem hann missti vinnuna.

Geðlæknirinn sagði manninn hafa unnið vel í sínum málum eftir að lögregla hóf rannsókn á kynferðisbroti hans. Hann hafi farið í áfengismedferð og stundað fundi hjá samtökum kynlífs- og ástarfíkla.

Geðlæknirinn taldi víst að maðurinn þjáðist ekki af barnahneigð.

- bj

Fjárlög Bandaríkjanna: 1.300 milljarða halli á árinu

BANDARÍKIN, AP Fjárlagafrumvarp Baracks Obama Bandaríkjaforseta, sem kynnt verður á mánudag, gerir ráð fyrir 1.300 milljarða dala halla í ár.

Áætlun Obama mun, að sögn fjölmiðla fela í sér skattahækkun á þá tekjuhæstu, aukin útgjöld til vegagerðar og landsamgangna auk niðurskurðar á framlögum til almannatryggingakerfisins.

Vonir stjórnvalda standa til þess að jákvæðar atvinnutölur sem komið hafa fram nýlega muni bæta horfurnar.

Grunaður um að drepa konu:

Slasaðist í bílslysi eftir morð

DANMÖRK Karlmaður um fertugt er í haldi lögreglu í Danmörku sterklega grunaður um að hafa myrt og nauðgað starfskonu á sambyli þar sem hann bjó.

Maðurinn, sem hefur oft komið við sögu lögreglu vegna óreglu og ofbeldisverka, hélt í bílferð með konunni á fimmtudag. Þegar þau sneru ekki aftur hófst leit og fannst konan látin með fjölmörg stungusár á líkama.

Hinn grunaði fannst í gær, mikið slasaður eftir að hafa klessukeyrt stolinn bíl á flotta undan réttvínni. Hann hafði ekki verið yfirheyrður vegna ástands síns.

- þj

Meirihluti kjósenda vill kosningar í vor

Ríflega helmingur landsmanna vill rjúfa þing og boða til alþingiskosninga í vor samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Mikill meirihluti stuðningsmanna stærstu stjórnarandstöðuflokkanna vill þingkosningar í vor.

KÖNNUN Meirihluti landsmanna vill að þing verði rofið og boðað til kosninga í vor, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var á miðvikudag og fimmtudag.

Alls sögðust 55,9 prósent þeirra sem afstöðu tóku vilja kjósa til þings í vor, en 44,1 prósent eru því andvígir. Tæplega 86 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

Stuðningsmenn stjórnarflokka voru síst á því að boða ætti til kosninga í vor. Um 22,5 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa Samfylkinguna ef gengið yrði til kosninga nú vilja kosningar, en 20 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna.

Afgerandi meirihluti þeirra sem styðja Sjálfstæðisflokkinn, Framsóknarflokkinn og Samstöðu, framboð undir forystu Lilju Mósesdóttur, vill að þing verði rofið.

Alls sögðust 82,2 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins vilja kosningar, 71,4 prósent þeirra sem kjósa myndu Framsóknarflokkinn og 68,7 prósent þeirra sem styðja Samstöðu.

Þeir sem sögðust myndu kjósa Bjarta framtíð, flokk Guðmunds Steingrímssonar, voru síður áfjáðir í kosningar. Um 30 prósent þeirra sögðust vilja að þing verði rofið og gengið til kosninga í vor. Ekki reyndist marktækt að reikna afstöðu þeirra sem styðja önnur framboð.

Lítill munur var á afstöðu fólks eftir búsetu. Þó sögðust heldur fleiri íbúar landsbyggðarinnar vilja kosningar samanborið við íbúa höfuðborgarsvæðisins.


Fólk á aldrinum 18 til 49 vill frekar kosningar en þeir sem eru 50 ára



KOSIÐ Haldi ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna út kjörtímabilið verður næst kosið til þings vorið 2013.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Meirihlutinn vill kosningar



HEIMILD: SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2

eða eldri. Tæplega 59 prósent yngri aldurshópsins vilja slíta þingi og kjósa í vor samanborið við tæplega 53 prósent þeirra sem eldri eru.

Hringt var í 800 manns 8. og 9. febrúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá.

Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Á að leysa upp þing og boða til alþingiskosninga í vor? Alls tóku 85,9 prósent afstöðu til spurningarinnar.

brjann@frettabladid.is

Námskeið fyrir fólk í makaleit

Á námskeiðinu er farið í hvar og hvernig megi kynnaast öðrum, samræðulist, líkamstjáningu, mörk, kynlíf, samskipti kynjanna og fleira. Sérstök áhersla er lögð á sjálfstyrkingu og að uppræta mögulegar hindranir á sviði náinna tengsla.



Námskeiðið hefst 28. febrúar nk. og stendur yfir í átta vikur, alls 18 klst. Stjórnendur námskeiðs eru dr. Gyða Eyjólfssdóttir og Sóley D. Davíðsdóttir sálfræðingar. Nánari upplýsingar um námskeiðið og umsagnir fyrir þátttakenda má finna á www.salarafi.is og www.kms.is en skráning og fyrirspurnir fara fram á salarafi@salarafi.is og kms@kms.is.



Maður á áttæðisaldri handtekinn vegna sprengingar við Hverfisgötu í janúar: Telja sig hafa manninn á myndinni

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á áttæðisaldri var í gær handtekinn grunaður um að hafa komið fyrir sprengju við hús neðst á Hverfisgötu í Reykjavík að morgni dags 31. janúar síðastliðinn.

Lögregla birti myndir úr eftirlitsmyndavélum sem sýna lágvaxinn, feitlaginn mann á vettvangi. Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins, staðfestir að maðurinn sem nú er í haldi sé grunaður um að vera sá sem sést á upptökunni.


„Rannsóknin er enn í fullum gangi,“ segir Friðrik Smári. Hann segir að mikil áhersla hafi verið lögð á að upplýsa málið sem fyrst.

Lögregla lagði hald á ýmiss konar búnað sem talinn er tengjast málinu og tók bíl mannsins í sína vörslu. Hann er sömu gerðar og bíll sem sást á upptökum úr eftirlitsmyndavélum við Hverfisgötu.

Tveir menn til viðbótar voru handteknir í gær, en þeim var sleppt að loknum yfirheyrslum, segir Friðrik Smári. Hann vildi ekki skýra frekar hvernig þeir eru taldir tengjast málinu.

Spurður hvort farið verði fram á gæsluvarðhald yfir manninum segir Friðrik Smári það verða að koma í ljós eftir því sem yfirheyrslu vindi fram.

- bj



GRUNAÐUR Lögregla telur sig hafa handtekið manninn sem sést á upptökum úr eftirlitsmyndavél skömmu eftir sprenginguna við Hverfisgötu.

Settu Nova símkort í farsímamann pinn!



Hjá Nova hringir þú og sendir SMS í alla sem þú þekkir – og líka þá sem þú þekkir ekki – fyrir 0 kr. Auk þess fylgir netið í farsímamann, 100 MB á mánuði, hjá viðskiptavinum í áskrift.

Það kostar ekkert að flytja símanúmerið til Nova – þú getur líka valið þér nýtt og flottara símanúmer sem byrjar á 77 x xx xx.

**0 kr. Nova
í Nova!**

1.000 mín. og 500 SMS/MMS á mánuði.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lág múla, Miðgarði Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**
NOVA

GENGIÐ 10.02.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	121,90 122,48
Sterlingspund	192,94 193,88
Evra	161,55 162,45
Dönsk króna	21,733 21,861
Norsk króna	21,165 21,289
Sænsk króna	18,316 18,424
Japanskt jen	1,5674 1,5766

SDR 189,10 190,22

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

221,9666

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tveir gripnir í Sundahöfn: Vildu laumast af landi brott

LÖGREGLUMÁL Tveir menn voru stöðvaðir í nótt þegar þeir reyndu að lauma sér um borð í skip í Sundahöfn. Mennirnir eru erlendir hælisleitendur. Lögregla var kvödd á staðinn og handtók hún mennina. Þeir gistu fanga-geymslur og voru yfirheyrðir í gær með aðstoð túlka.

Skipið var á leið til Kanada og ætluðu mennirnir að komast þangað sem laumufarþegar. Slík sigling tekur nokkra daga en mennirnir voru illa nestaðir, einungis með poka af döðlum og hnetum. Þeir munu áður hafa gert mislukkaða tilraun af þessu tagi.

Tveir samningar skoðaðir:

Þarf að tryggja betra eftirlit

STJÓRNSÝSLA Umhverfissráðuneytið þarf að tryggja að eftirlit með framkvæmd skuldbindinga þjónustusamninga sé í samræmi við ákvæði þeirra. Þá þarf ráðuneytið að tengja greiðslur til viðsejenda við frammiðstöðu þeirra og bæta yfirferð upplýsinga sem frá þeim berast.

Þetta er mat ríkisendurskoðunar eftir úttekt á öllum gildandi þjónustusamningum sem ráðuneytið hefur gert við aðila utan ríkisins. Þeir eru við Skógræktarfélag Íslands og Sklugskága. Eftirlit hefur að mestu verið í samræmi við ákvæði samninganna að mati ríkisendurskoðunar.

LEIÐRÉTT

Auglýsing fyrir samstarfsverkefni Össurar og Nike hefur ekki verið og verður ekki sýnd í sjónvarpi í Bandaríkjunum, ólíkt því sem sagði í Fréttablaðinu í gær. Hún er aðeins aðgengileg á netinu.

Baugur Group fékk að sögn skiptastjóra lán úr þremur styrktarsjóðum sem talið er að hafi verið ólögmæt:

Deilt um hvort Baugur Group var gjaldfær

VIÐSKIPTI Lán frá Hugverkasjóði, Sólarjóði og Styrktarsjóði eru færð í bókhaldi Baugs Group í árslok 2008 og ársbyrjun 2009, samkvæmt upplýsingum frá Erlendi Gíslasyni, skiptastjóra Baugs.

Fjallað er um lánveitingarnar í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli þrotabús Baugs gegn þrotabúi SPRON til riftunar á 100 milljóna króna greiðslu Baugs til SPRON á árinu 2008. Krafan um riftun er gerð á þeirri forsendu að Baugur hafi verið orðinn ógjaldfær þegar greiðslan var innt af hendi.

Erlendur segir að greiðslurnar

hafi verið skráðar sem lán. Sú hæsta hafi verið innan við 10 milljónir króna. Hann bætir því við að færslurnar úr sjóðunum hafi í öllum tilfellum verið greiddar til baka mjög fljótlega aftur.

Þótt talið hafi verið að umrædd lán Baugs frá styrktarfélagunum hafi verið ólögmæt voru þau ekki tilkynnt til lögreglunnar. Erlendur segir að ástæðan sé sú að lánin hafi verið greidd til baka í öllum tilfellum.

Jón Ásgeir Jóhannesson, fyrrverandi stjórnarformaður og helsti eigandi Baugs, segir að dómurinn



SJÓÐUR Sólarjóðurinn var stofnaður með 100 milljóna fjárframlagi og hefur vaxið, ekki rýrnað, segir Jón Ásgeir Jóhannesson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

komist að þeirri niðurstöðu að Baugur hafi verið gjaldfær þvert á það sem skiptastjóri Baugs haldi fram. Jón Ásgeir segir að Baugur hafi lagt út ákveðinn kostnað fyrir Sólarjóðinn við stofnun, til dæmis hönnun heimasíðu.

„Sjóðurinn var stofnaður með 100 milljóna framlagi frá eigin konu minni og mér. Engin rýrnun hefur orðið á því fé. Þvert á móti hefur sjóðurinn vaxið og dafnað,“ segir Jón Ásgeir og bendir á ársreikning frá árinu 2010. Þar kemur fram að Sólarjóður hafi átt 125 milljónir í lok árs.

Stefnir í tugmilljarðatap Seðlabanka vegna FIH

FIH hefur afskrifað 48 milljarða síðan Seðlabankinn seldi hann. Virði hlutar í Pandoru fór úr 22,7 milljörðum í 4,6 milljarða. Hvort tveggja hefur afar neikvæð áhrif á virði seljendaláns sem Seðlabankinn veitti FIH.

VIÐSKIPTI Hinn danski FIH Erhverbsbank tilkynnti í fyrradag að hann hefði tapað 25,7 milljörðum króna á árinu 2011. Tap bankans er nánast einvörðungu vegna niðurfærslu á óbeinni eign hans í skartgripaframleiðandanum Pandoru og vegna afskrifta lána. Þetta kemur fram í ársreikningi FIH sem var gerður opinber á miðvikudag. Hvort tveggja hefur neikvæð áhrif á virði seljendaláns sem Seðlabanki Íslands veitti FIH haustið 2010.

Þegar Seðlabankinn seldi 99,89% hlut í FIH 18. september 2010 var söluandvirðið sagt 5 milljarðar danskra króna. 1,9 milljarðar danskra króna (39 milljarðar króna) voru staðgreiddir. Auk þess veitti Seðlabankinn nýjum eigendum, FIH Holding, seljendalán upp á 3,1 milljarðar danskra króna. Virði þess á gengi dagsins í dag er 67,6 milljarðar íslenskra króna. Lánið á að greiðast í árslok 2014, höfuðstóll þess er bundinn við danska neyslúvísitölu og það ber ekki vexti.

Í tilkynningu sem Seðlabankinn sendi frá sér við söluina kom þó fram að seljendalánið yrði „leiðrétt með tilliti til þess taps sem FIH verður fyrir vegna eigna á efnahagsreikningnum þann 30. júní 2010 þar til 31. desember 2014 auk þess sem mögulegur hagnaður FIH af Axcel III sjóði kemur til hækkunar“.

Frá miðju ári 2010 hefur FIH bankinn afskrifað um 48 milljarða íslenskra króna eða sem samsvarar rúmlega 70% af upphaflegu virði seljendaláns Seðlabankans. Þar af voru 21,6 milljarðar afskrif-

aðir á síðasta ári. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum dragast þær afskriftir sem átt hafa sér stað vegna eigna sem voru á efnahagsreikningi FIH um mitt ár 2010 frá seljendaláninu. Bankinn leggur þó áherslu á að það er ekki á gjalddaga fyrr en í lok árs 2014.

Þá lækkaði virði Axcel III sjóðsins, sem á 57,4% í Pandoru, úr 22,7 milljörðum króna í 4,6 milljarða króna á síðasta ári. Virðisrýrnunina má nánast einvörðungu rekja til hruns á hlutabréfaverði Pandoru. Virði bréfanna var 336 danskar krónur á hlut í byrjun árs 2011 en 53 danskar krónur á hlut í lok þess. Virðisrýrnunin nemur því 18,1 milljarði króna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var gert ráð fyrir því í kaupsamningi Seðlabankans og nýrra eigenda FIH að hagnaður bankans af Axcel III sjóðnum yrði á bilinu 15,3-32,7 milljarðar króna (700-1.500 milljónir danskra króna). Til að það verði sem Seðlabankinn gaf upp við sölu á FIH gangi upp þarf hagnaður FIH vegna sjóðsins að verða um 26 milljarðar króna (1,2 milljarðar danskra króna), eða mjög nálægt efri mörkunum. Heildarvirði Axcel III sjóðsins um síðustu áramót var tæplega fimmtungur af þeirri upphæð. Hlutabréf í Pandoru hafa hækkað nokkuð það sem af er ári en miðað við gengi þeirra í gær er heildarvirði hlutar Axcel III sjóðsins í félaginu enn einungis tæplega helmingur af neðri mörkunum sem tilgreind voru í samkomulaginu, eða um sjö milljarðar króna.

thorur@frettabladid.is



SEÐLABANKASTJÓRI Seljendalánið er vistað inni í Eignasafni Seðlabanka Íslands (ESÍ), dótturfélagi Seðlabankans. Mátthias Guðmundsson er stjórnarformaður ESÍ.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tóku FIH sem veð fyrir neyðarláni til Kaupþings

FIH bankinn var í eigu Kaupþings fyrir bankahrun. Öll hlutabréf hans voru sett að veði fyrir 500 milljóna evra (81 milljarðs króna) neyðarláni frá Seðlabanka Íslands 6. október 2008. Lánið átti upphaflega að vera til fjögurra daga. Áður en það endurgreiddist féll Kaupþing og Seðlabankinn gekk að veðinu. Seðlabankinn hefur einungis endurheimt um helming þeirrar fjárhæðar sem hann lánaði enn sem komið er.

Matsfyrirtækið Moody's lækkaði í október síðastliðnum lánshæfiseinkunn FIH úr Ba2 í B1 með neikvæðum horfum. Við það færðist bankinn neðar í hinum svokallaða ruslflokki auk þess sem hann er á athugunarlista Moody's. Matsfyrirtækið hefur áhyggjur af því að hann geti ekki endurfjármagnað um 1.100 milljarða króna lán og ábyrgðir á skuldbréfum sem hann fékk frá danska ríkinu sem hluta af björgunarpakka þess fyrir þarlent fjármálakerfi. Lánin og skuldbréfin eru á gjalddaga frá ágúst 2012 til júní 2013. Heildareignir bankans nema 1.836 milljörðum króna.

Aðalfundur FEB árið 2012

Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður haldinn föstudaginn 17. febrúar nk. í félagsheimilinu að Stangahyl 4. Dagskrá fundarins verður í aðalatriðum sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2011.
2. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins fyrir árið 2011.
3. Tillaga um lagabreytingar og greidd atkvæði um þær.
4. Kosning fimm aðalmanna og tveggja varamanna í stjórn. - Kaffihlé.
5. Umræður og afgreiðsla tillagna og ályktana.
6. Úrslit kosninga kynnt.
7. Önnur mál.

Fundurinn verður, sem fyrr segir, föstudaginn 17. febrúar og hefst kl. 13:00 en húsið opnar kl. 12:30. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér félagsskirteini fyrir árið 2011.

Stjórnin.

VEÐURSPÁ




Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

STÖKU ÉL VESTRA

Fínasta veður á landinu í dag en hins vegar nálgast okkur lægð úr suðvestri og í kvöld verður komin stíf sunnanátt sunnan og vestan til og þykkar upp. Slydda í fyrstu og síðan rigning í nótt með heldur hlýnandi veðri til morguns.

Á MORGUN 8-13 m/s en víðar hvassara síðdegis.

MÁNUDAGUR 5-10 m/s en 8-15 N-til.



HEIMURINN

Alicante	11°
Basel	-6°
Berlín	-7°
Billund	-1°
Frankfurt	-4°
Friedrichshafen	-8°
Gautaborg	-2°
Kaupmannahöfn	-2°
Las Palmas	18°
London	0°
Mallorca	8°
New York	3°
Orlando	22°
Ósló	-10°
París	-2°
San Francisco	13°
Stokkhólmur	-3°

Vindhraði er í m/s. Hítastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Tryggingafélög eru öll eins – þar til eitthvað kemur fyrir

Sá sem hefur aldrei lent í tjóni sér ekki mikinn mun á tryggingafélögum. Hann borgar bara sínar tryggingar. Það er því ekki skrítið að sumir haldi því fram að tryggingafélög séu öll eins.

En hvað ef eitthvað gerist?

Frá árinu 2005 hafa margir viðskiptavinir TM sem lentu í tjóni, deilt með okkur hvernig þeir upplifðu úrlausn sinna mála. Svörin sýna ekki aðeins að það skiptir miklu máli hvar þú tryggir, heldur líka af hverju.

Í fyrsta lagi er ráðgjöfin sem þú færð þegar þú kaupir tryggingar lykilatriði. Með rétttri ráðgjöf veistu hvað þú þarft að tryggja og lendir síður í því að verða fyrir tjóni sem tryggingarnar ná ekki yfir.

92%

92% viðskiptavina TM fengu tjón sitt bætt samkvæmt könnun Capacent.



Maður veit víst aldrei hvað gerist næst...

Í öðru lagi er það allra hagur þegar tjónamál koma upp að úr þeim sé leyst fljótt og vel. Því fyrir sem lífið kemst í samt horf, því betra fyrir alla og góð viðbrögð skipta öllu máli.

Á afhverju.tm.is getur þú séð fjölda umsagna viðskiptavina sem lent hafa í tjóni og notið þjónustu TM.

Í þriðja lagi getur skipt miklu hvernig brugðist er við tjóninu sjálfu. Ef fyrirtæki lendir til dæmis í bruna er mikilvægt að komast hjá því að reksturinn stöðvist. Þá skiptir afgreiðsla og aðkoma tryggingafélagsins miklu máli.



Á síðustu 12 árum hefur TM 10 sinnum verið með ánægðustu viðskiptavini tryggingafélaga.

Það er stefna TM að samband okkar og viðskiptavina sé langtímasamband, byggt á trausti og gagnkvæmum ávinningi. Með rétttri ráðgjöf og góðum viðbrögðum, stöndum við undir þeim væntingum sem þú gerir til okkar. Ef eitthvað kemur fyrir, þá vilt þú vera hjá TM.



KJÖRKASSINN



Hefur þú selt gamla gullkart-gripi fyrir reiðufé?

Já	8,3%
Nei	91,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Gætir þú hugsað þér að nota svokallaða skyndibíla eins og hugmyndir hafa komið fram um nýlega?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Ársfjórðungsuppgjör Össurar: Hagnaðist um tæpan milljarð

VIÐSKIPTI Össur hagnaðist um 7,6 milljónir Bandaríkjadala, jafngildi 935 milljóna króna, á fjórða ársfjórðungi síðasta árs. Til samanburðar var hagnaður fyrirtækisins 8 milljónir Bandaríkjadala á sama fjórðungi 2010.



JÓN SIGURÐSSON

Rekstrar-tekjur á fjórðungnum voru 97,9 milljónir Bandaríkjadala. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir var 16,4 milljónir dala eða 16,7% af tekjum.

Hagnaður Össurar á árinu 2011 sem heild var 36,6 milljónir Bandaríkjadala en var 35,4 milljónir árið 2010.

- mþl

Sprengjuárásir sýrlenska hersins á íbúa borgarinnar Homs halda áfram:

Stanslausar árásir í heila viku

SÝRLAND, AP Harðar árásir Sýrlands hers á borgina Homs hafa nú staðið yfir í heila viku samfleytt. Árásirnar hafa kostað hundruð manna lífið. Nokkrir tugir eru sagðir hafa látið lífið þar í gær.

Tvær sprengjur sprungu við herstöð í borginni Aleppo og öllu miklu tjóni. Þar í borg hefur Bashar al-Assad forseti til þessa átt víðtækan stuðning.

Ríkissjónvarp landsins sagði árásina sanna að stjórnarherinn ætti ekki í höggi við uppreisn almennings heldur vopnaða hópa

stjórnarandstæðinga, sem njóti stuðnings erlendra afla.

Hersveitir uppreisnarmanna neita hins vegar að bera ábyrgð á árásinni og segja hana verk stjórnvalda sjálfra, sem vilji með þessu beina athygli heimsins frá ofbeldi stjórnarhersins gegn almenningi.

Að mati Sameinuðu þjóðanna hafa árásir stjórnarhersins gegn mótmælendum í landinu kostað hátt á sjötta þúsund manns lífið frá því uppreisnin hófst fyrir tæpu ári.

- gb



SPRENGJUÁRÁS Í ALEPPO Tvær sprengjur sprungu við herstöð í borginni Aleppo, þar sem Bashar al-Assad forseti hefur til þessa átt víðtækan stuðning.

NORDICPHOTOS/AFP

Harmleikurinn á Grænlandi:

Hefur viðurkennt morðin

GRÆNLAND Tuttugu og tveggja ára maður, sem handtekinn var á miðvikudag í þorpinu Nutaarmiut, hefur viðurkennt að hafa myrt eina stúlku og tvær konur, sært tvo karla og reynt að myrða tvo í viðbót, þar á meðal tveggja ára dreng.

Tveir særðir karlar, 81 árs og 32 ára, hafa verið fluttir á sjúkrahús í Danmörku og eru báðir enn í lífs-hættu.

Dómstóll á Grænlandi tekur á mánudag afstöðu til þess hvort réttarhöldin verða fyrir lokuðum dyrum.

- gb

Til hjálpar kuldahjáðum:

Föt og fé til Hvíta-Rússlands

SAMFÉLAGSMÁL Rauði kross Íslands hefur sent neyðarstyrk sem nemur tveimur milljónum króna til aðstoðar fórnarlömbum kulda-kastsins í Hvíta-Rússlandi. Auk þess var gámur af hlýjum fatnaði, sem sjálfbodaliðar á Íslandi hafa safnað og þrjónað, sendur af stað.

Fimbulkuldar hafa verið í Hvíta-Rússlandi, sem og víðar í Evrópu, og frost hefur farið allt niður í 32 stig.

- þj

AKUREYRI

Strætó fari á flugvöllinn

Fulltrúi V-lista í bæjarráði Akureyrar hefur lagt til að Strætisvögnum Akureyrar verði gert að setja Akureyrarflugvöll inn í leiðakerfi sitt og koma þar upp stoppstöð og viðeigandi upplýsingum um ferðir. Bæjarráð vísaði málinu til framkvæmdaráðs.

Stúdentspróf í fjarnámi kostar 740.000

Stjórnvöld gerðu framhaldsskólum að skera framboð til fjarnáms um helming við fjárlagagerðina 2009. Helmingi dýrara er að taka stúdentspróf í fjarnámi í dag en á þeim tíma. Nemendum og kennurum hefur fækkað stórlega.

MENNTAMÁL Eftir samfellda fjölgun frá árinu 1994 fækkaði nemendum í fjarnámi á framhaldsskólastigi árið 2010 um tugi prósentu. Stjórnvöld gerðu skólunum að skera niður framboð til fjarnáms um helming við fjárlagagerðina 2009. Kostnaður fjarnámsnema hefur jafnframt stóraukist frá hruni.


Boðið hefur verið upp á fjarnám í íslenskum framhaldsskólum frá því árið 1994. Alls þjóða átta skólar slíkt nám en Fjölbrotaskólinn við Ármúla, Verkefnaskólinn á Akureyri og Verzlunarskóli Íslands eru þar langstærstir. Á haustönn árið 2001 voru nemendur í fjarnámi 810 en vel á fimmta þúsund árið 2009, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Hafði þá nemendum fjölgað ár frá ári, mest á árunum 2006 til 2008.

Stjórnvöld gerðu kröfu um að fjarnám skyldi skorið niður um 50% árið 2009, og ekki hefur verið greitt fyrir fjarnám grunn-skólanema síðan. Skýrir það að hluta fækkun nemenda. Skólarnir mættu þessu með því að hækka gjöldin. Því skrá nemendur sig í færri áfanga og færri nemendur hafa efni á að taka fjarnám vegna gjaldanna.

Sigurlaug Kristmannsdóttir, fjarnámsstjóri Verzlunarskóla Íslands, segir stöðuna í hnotskurn vera eftirfarandi. „Eftir hrun fækkaði nemendum á önn, meðalaldur þeirra lækkaði og hlutfall kvenna af heildarfjölda varð lægra. Niðurskurðurinn leiddi til þess að fámennir áfangar voru skornir niður og þar með fækkaði kenndum áföngum á önn og framboð á námi varð því fábreytt-

Nemendur innritaðir í fjarnám á haustönn

2001-2011



Hagstofa Íslands. Boðið er upp á þrjár annir í framhaldsskólum í fjarnámi; haustönn, vorönn og sumarönn. Hagstofa Íslands birtir aðeins tölur fyrir haustönn. Fjöldi nemenda á milli anna getur verið mjög breytilegur.

Stúdentspróf helmingi dýrara eftir hrun

- Fjarnám er mun dýrara en það var fyrir hrun hjá öllum skólunum.
- Verð á milli skóla er sambærilegt og kostar núna hver námseining fjögur til fimm þúsund krónur en kostaði um tvö þúsund krónur haustið 2009.
- Þess utan er sérstakt innritunargjald fyrir hverja önn, eða um 6.000 krónur.
- Fullt nám til stúdentsprófs kostar því 740 þúsund krónur miðað við fullt nám. Sambærilegar tölur fyrir hrun eru um 370.000 krónur.
- Þá eru bókakaup og annar kostnaður ekki talinn með.

ara. Við þetta fækkaði kennurum og vinna þeirra sem eftir voru minnkaði.

Þuríður Jóhannsdóttir, lektor við menntavísindasvið Háskóla Íslands, segir það umhugsunar-efni að félagslegt réttlæti hafi

verið undirliggjandi þegar námið var þróað. „Þróunin vekur hins vegar upp spurninguna um hverjir það eru sem hafa efni á fjarnámi. Ef til vill er það ekki sá hópur sem átti helst að nýta sér þennan kost í upphafi.“

svavar@frettabladid.is

Blekhyllki á enn betra verði

FYRIR VILDARKLÚBB EYMUÐSSON



MEST SELDA BLEKHYLKIÐ!
Kr. 2.270
kr. 2.390

5% afsláttur af ÖLLUM BLEKHYLKJUM alltaf. Engar undantekningar.

VILDARKLÚBBUR EYMUÐSSON

Skráðu þig í næstu heimsókn. Það tekur augnablik og þú færð afsláttinn um leið!

Eymundsson
Bókali frá 1872

Hendur borgarinnar bundnar vegna margfalt hærri fasteignagjalda á hesthús:

Bíða Alþingis og fresta innheimtu

REYKJAVÍKURBORG Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður segir í minnisblaði til borgarráðs að borgin verði að lúta úrskurði yfirfasteignamatsefnendur um álagningu fasteignagjalda á hesthús. Samkvæmt úrskurðinum hafa hesthús í Reykjavík um árabil verið í röngum gjaldaflokki. Fasteignagjöldin hafa nú margfaldast.

Hestamenn segja hækkinguna vega alvarlega að fjárhagslegum grundvelli þess að halda hesta í höfuðborginni. Kristbjörg segir í minnisblaðinu að borgaryfirvöld hafi þegar vakið athygli efnahags- og viðskiptanefndar á afleiðingum úrskurðarins. Sú skoðun hafi þar verið sett fram að eðlilegra væri að hesthús væru í þeim flokki sem borgin hefði talið þau vera. Í þeim flokki eru meðal annars íbúðarhús, sumarhús, jarðir og útihús á bújörðum. Yfirfasteignamatsefnendur telur hins vegar hesthús í flokki með ýmsu atvinnuhúsnæði; eins og til dæmis iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirkjum og veiðihúsum.

„Fyrir liggur að efnahags- og viðskiptanefnd mun taka málið til ítarlegrar skoðunar og á borgarlögmaður fund með nefndinni í næstu viku,“ segir í minnisblaði borgarlögmanns sem beint hefur því til



HESTAR, HÚS OG MENN Borgin vill að Alþingi geri ráðstafanir svo hesthús verði í flokki með íbúðarhúsum en ekki atvinnuhúsnæði þegar kemur að fasteignagjöldum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fjármálaskrifstofu borgarinnar að fresta innheimtu fasteignagjalda á hesthús þar til efnahags- og viðskiptanefnd kemst að niðurstöðu.

- gar

FRÍHAFNARDAGAR

Dagana 9.- 12. febrúar
afnemum við virðisaukaskatt
af öllum sérsnyrtivörum*.

*Gildir ekki um sjálfumhírðu snyrtivörur (sjampó, dömubindi,
rakvörur, sápur, tannvörur ofl.)

TAX FREE

SNYRTIVÖRU DAGAR

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Tilboðin gilda út sunnudaginn 12. febrúar 2012.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



1. Hvað mælist mikið fylgi við Samstöðu, nýtt framboð Lilju Mósesdóttur?
2. Hver verður næsti bæjarstjóri í Kópavogi?
3. Nafn hvaða hljómsveitar ber rauðvín sem ÁTVR vill ekki prófa að selja?

SVÖRIN

2. Arnarinn Kr. Ólafsson, 3. Motörhead.
1. Títtungu og eitt prósent.

Búlgarar í svikaleiðangri:

Kort þúsunda Finna afrituð

FINNLAND Grunur leikur á að þrjú Búlgarar, sem handteknir voru í Karleby í Finnlandi í haust, hafi afritað bankakort þúsunda Finna.

Þegar mennirnir voru handteknir voru þeir með fjögur afritunartæki sem voru hönnuð fyrir sérstaka tegund hraðbanka.

Samkvæmt upplýsingum finnsku lögreglunnar voru Búlgararnir búsettir í Svíþjóð en ferðuðust nær daglega til ýmissa staða í Finnlandi frá júlí til september í fyrra.

Talið er að þeir hafi afritað kort í að minnsta kosti 25 hraðbönkum.

Búlgörumum tókst að taka út tugi þúsunda evra í Bandaríkjunum með svikum kortum.

- ibs

Óttast að verðmætar minjar endi í bræðslu

Safnaráð tók skeiðar og skart úr silfri af breskum kaupmanni sem hugðist fara með góssið úr landi. Nú verður metið hvort um dýrmætar menningarsögulegar minjar sé að ræða. Sérfræðingar óttast að slíkir hlutir séu bræddir hérlendis.

MENNING Safnaráð meinaði í gær enskum skartgripakaupmanni að fara úr landi með safn af skeiðum og búningaskart úr silfri. Ráðið tók gripina í sína vörslu og mun nú meta menningarsögulegt gildi þeirra.

Maðurinn starfar fyrir breska fyrirtækið P&H Jewellers og hafði keypt gull og silfur hér á landi til bræðslu. „Þegar við rákum augun í auglýsingu frá honum þá óskuðum við eftir fundi með manninum til að fara yfir það hvaða gripa hann væri að fara með,“ segir Raket Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs.

Athugunin hafi leitt í ljós að silfurskeiðasafn, fjögur armbönd, tvær nælur og eyrnalokkar kynnu að teljast slík menningarverðmæti að manninum væri óheimilt að fara utan með góssið, enda kveða lög á um að slíkt sé bannað.

„Nú verður óskað eftir formlegum umsögnum frá sérfræðingum þar sem þeir greina gripina nánar og athuga frá hvaða tíma þeir eru og hversu verðmætir þeir eru fyrir menningarsöguna,“ segir Raket. Í framhaldi muni safnaráð fjalla um umsagnirnar og ákveða hvort veita skuli leyfi til útflutnings. Raket segir það ekki oft hafa komið fyrir að útflutningi sé hafnað.

Það eru hins vegar ekki bara útflendingar sem kaupa hér gull og



MISVERÐMÆTT Sumt skartið sem maðurinn hugðist flytja úr landi reyndist ekki hafa menningarsögulegt gildi og var honum leyft að flytja það hvert sem var.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

silfur til bræðslu. Raket segir að fólk sé hrætt um að innlendir aðilar hafi þegar keypt merkar minjar og eyðilaggt. „Það er vissulega ástæða til að hafa áhyggjur af því að eitthvað af okkar menningarauði hafi endað hér í bræðslu,“ segir hún.

Það sé hins vegar ekki Safnaráðs að fylgjast með því heldur Þjóðminjasafnsins, segir Raket. „Ég veit að Þjóðminjasafnið hefur verið í sambandi við gullsmiði og átt gott samstarf við þá. Ég veit

að þau vilja treysta þessu fagfólki til að þekkja muninn á einhverju sem er mjög dýrmætt og öðru sem skiptir kannski ekki mjög miklu máli.“

Raket segir að enn fremur sé Safnaráð í samstarfi við tollstjóraembætti á landinu öllu um eftirlit með skarti sem flutt er úr landi. Ekki hafi hins vegar komið til þess að tollurinn hafi stoppað neitt. „Maður gerir ráð fyrir að það sé alveg heimikið sem hefur sloppið,“ segir hún.

stigur@frettabladid.is

Átak fyrir hestamannamót: Atvinnulausir starfi fyrir Fák

REYKJAVÍKURBORG Leggja þarf í ýmsar betrubætur í Víðidal vegna Landsmóts hestamanna sem þar verður haldið næsta sumar. Borgarráð hefur samþykkt áætlun sem felur meðal annars í sér að tryggja öryggi landsmótsgesta, almennan umhverfisfrágang og snyrtingar á útvistar-svæðinu. Heimild er til að nota allt að 23 milljónum króna í verk-efnið.

„Skoðaðir yrðu möguleikar á að hluti vinnunnar yrði samkvæmt verkefninu „Til vinnu“, það er að ráðið yrði fólk af atvinnuleysis-skrá undir verkstjórn og verkstýringu Fáks,“ segir í greinargerð sem lögð var fyrir borgarráð. - gar

Dæmdur fyrir líkamsárás:

Hrækti á konu og barði hana

DÓMSMÁL Hálfþrítugur maður hefur í Héraðsdómi Reykjavíkur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir árás á fyrrverandi sambyliskonu sína. Þau höfðu fyrr um daginn slitið sambandi sínu og var konan komin á heimili mannsins til að sækja eigur sínar.

Maðurinn er fundinn sekur um að hafa hrækt framan í hana, tekið hana hálstaki og slengt henni í gólfið og utan í vegg. Hún tagnaði og hlaut heilahristing og ýmsa yfirborðsáverka. Móðir konunnar ber að hún hafi verið óvinnufær eftir árásina, döpur og hrædd en ekki lífsglöð eins og áður.

Maðurinn hefur tvívegis áður hlotið dóm fyrir líkamsárásir. - sh

Smáhundafjör alla helgina!

frá kl. 12.00 - 17.00

Leikir og uppákomur kl. 14.00 - 16.00

- Nýjustu tegundirnar af smáhundum á einum stað
- Hundatískusýning báða dagana
- Hundafimi í gróðurhúsinu laugardag
- Hlýðni og trix æfingar báða dagana
- Heimsóknarvinir RKÍ báða dagana
- Dýralæknir til skrafs og ráðagerða
- Lukkupottur, tilboð og margt fleira!

Fóðurkynningar frá

HAPPY DOG



Eukanuba



15%

af öllu fóðri
föstudag laugardag
og sunnudag

Valentínusardagurinn er á þriðjudag!

Valentínusargjöfum fylgir



2 fyrir 1
á myndina
One for the Money

2 fyrir 1
í hádeginu
alla virka daga

spíran

bistro á 2. hæð Garðheima

2 fyrir 1
í baðstofuna

Náttúra spa

40% afsláttur

af allri
þjónustu



helgar
tilboð

Vertu grand og kaupu
tvö 7 rósabúnt
og þú sparar

Spírutilboð




Frír kaffibolli
fylgir hverri
tertusneið!

spíran
bistro á 2. hæð

Sæktu vorið í
eldhúsgluggann!



Fullur garðskáli
af litríkum og
ódyrum
pottaplöntum



GARÐHEIMAR

PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA
Í 20 ÁR

SÝNUM NÝJAN LEXUS CT 200h Í DAG

HLJÓÐLÁTA
BYLTINGIN
ER HAFIN

FYRSTI HYBRID-FÓLKSBÍLLINN
Í FLOKKI SMÆRRI LÚXUSBÍLA

Lexus CT 200h er einn skemmtilegasti bíll sem Lexus hefur framleitt; fyrsti hybrid-bíllinn í flokki smærri lúxusbíla, með gott viðbragð en jafnframt eyðslugrannur. Þetta er frábær bíll sem getur skipt um ham eftir því sem þú vilt, verið umhverfisvænn eða sportlegur. En aðalatriðið er hvað það er gaman að keyra hann. Komdu og reynsluaktu og gæddu þér á góðgætinu frá Rikku í eftirrétt.

Laugardaginn 11. febrúar frá kl. 12-16.

Nýbýlavegi 2
Kópavogi
Sími 570 5400


Kíktu á www.lexus.is



Ríkka
GOTT eftirréttir nota einungis hágæða hráefni.

LEXUS
HYBRID
DRIVE





FÉLAG
RAFEINDAVIRKJA
STOFNAD 1988

Framboð í trúnaðarstöður FRV

Samkvæmt 34. gr. laga Félags Rafeindavirkja skal fara fram kosning til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar og skal tillögum skilað til kjörstjórnar innan þess tíma.

Með hliðsjón af framansögðu hefur framboðsfrestur verið ákveðinn til kl. 12 á hádegi 22.02.2012

Reykjavík 1. febrúar 2012

Stjórn Félags Rafeindavirkja



ÁTÖK Í AÐENU Íbúar Grikklands eru ævareiðir vegna nýrra niðurskurðaráforma ofan á allan þann niðurskurð sem skert hefur lífsgæði almennings verulega.

NORDICPHOTOS/AFP

Lögregla í átökum við mótmælendur

Pótt þjóðstjórnin í Grikklandi hafi samþykkt ný niðurskurðaráform er enn eftir að tryggja stuðning þingsins. Fjármálaráðherrann segir að nú sé komið að því að þingið taki ákvörðun um hvort Grikkland verði áfram með evru.

GRIKKLAND, AP Átök mótmælenda við lögreglu brutust út í Aþenu í gær, þegar tveggja daga mótmælaaðgerðir gegn nýjum niðurskurðaráformum stjórnvalda hófust.

Gríska stjórnin samþykkti niðurskurðaráformin í vikunni, að kröfu Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Enn er þó langur vegur frá því að þessi áform séu í höfn, og óvissa ríkir þar með einnig um fjárhagsaðstoðina frá ESB og AGS sem á að koma í veg fyrir að gríska ríkið fari í greiðslubrot í næsta mánuði.

Evangelous Venizelos fjármálaráðherra segir að nú sé komið að því að gríska þingið taki úrslitaákvörðun um það hvort Grikkland verði áfram á evrusvæðinu.

Niðurskurðaráformin verða

líklega borin undir atkvæði á þinginu á morgun, en í gær reyndu leiðtogar stjórnarflokka að tryggja stuðning þingflokka sinna við áformin.

Þingmenn eru tregir til að samþykkja áformin, sem leggja enn frekari byrðar á grísku þjóðina í viðbót við þann niðurskurð sem þegar er búið að samþykkja.

Georgios Karatzaferis, leiðtogi eins af stjórnarflokkunum þremur, hefur þegar sagt að hann ætli ekki að samþykkja nýju niðurskurðaráformin. Það eitt mun þó ekki verða stjórninni að falli því Karatzaferis er leiðtogi LAOS, sem er litli flokkurinn í stjórninni.

LAOS er flokkur hægri þjóðernissinna, en aðrir flokkar í stjórninni eru sósíalístaflokkurinn PASOK og íhaldsflokkurinn Nýtt lýðræði, flokkar sem

lögum hafa verið höfuðandstæðingar í grískri pólitík en hafa samtals 236 þingsæti af 300.

Stjórnin samþykkti á fimmtudag að skera verulega niður í heilbrigðismálum, varnarmálum og sveitarstjórnarmálum, en að auki verður 15 þúsund ríkisstarfsmönnum sagt upp störfum.

Einnig verða lögbundin lágmarkslaun lækkuð um 20 til 30 prósent og eftirlaun ríkisstarfsmanna lækkuð um 15 prósent. Að auki þurfa Grikkir að finna leið til að spara 325 milljarða evra í viðbót áður en ESB og AGS fallast á að veita þeim 130 milljarða evra í fjárhagsaðstoð.

Á leiðtogafundi Evrópusambandsins í byrjun næsta mánaðar verður svo tekin afstaða til þess hvort Grikkir teljist hafa uppfyllt þau skilyrði sem þeim eru sett.

gudsteinn@frettabladid.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP



TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORNI!

VÍSIR

Mikilvægt skref í átt að þínum frama

meet us!

Kynningarfundur!
Hótel Hilton Nordica:
16/02 kl. 18:00

Háskóladagurinn!
Háskólabíó:
18/02 12:00 - 16:00

AP Degree

- Fashion Design
- Marketing Management
- Multimedia Design & Communication
- Computer Science
- Management Technology

BACHELOR Degree

- International sales & Marketing
- Business & Design
- Web Development
- Software Development
- Technical Manager

Engin skólagjöld!



**BUSINESS
ACADEMY
SOUTHWEST**

Nánari uppl. www.easv.dk



REYKJAVÍKURHÖFN Faxaflóahafnir eru metnar á 10,7 milljarða.

Borgarbyggð gert tilboð: Faxaflóahafnir milljarða virði

VÍÐSKIPTI Reykjavíkurborg vill kaupa 0,7 prósent eignarhlut í Faxaflóahöfnum sf. af Borgarbyggð og greiða fyrir það 75 milljónir króna. Samkvæmt tilboðinu eru Faxaflóahafnir í heild metnar á um 10,7 milljarða.

Gangi kaupin eftir minnkar hlutur Borgarbyggðar í Faxaflóahöfnum í 4,14 prósent og hlutur Reykjavíkurborgar eykst í 75,7 prósent. Eins og kunnugt er vilja Borgfirðingar selja úr hlut sínum til að afla fjár til að lána Orkuveitu Reykjavíkur í samræmi við eignarhlut sinn þar. Tilboð Reykvíkinga gildir þar til næsta föstudag. - gar

SLYSAVARNIR

Styrkja Landsbjörgu

Fasteignasalan Eignatorg og Slysavarnafélagið Landsbjörg hafa gert með sér samkomulag um stuðning Eignatorgs við Landsbjörgu. Eignatorg lætur 15 þúsund krónur af hverjum frágengnum kaupsamningi sem gerður er næstu þrjú árin renna til Landsbjargar.

Skoðið
teikningar
á bygg.is

BÚM
BETUR



bygg.is



Lundur 86-92

Fossvogsdalnum í Kópavogi

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegum áklæddum fjölbýlis-
húsum í Lundi 86-92 í Kópavogi. Íbúðirnar eru frá 100-195 fm.
Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Lundur er án vafa ein glæsilegasta staðsetning íbúðabygðar
á höfuðborgarsvæðinu enda skapa Fossvogurinn, Öskjuhlíðin
og rómaðar gönguleiðir gott jafnvægi milli bygðar og
náttúru. Hverfið er skipulagt með sex kjörnum og milli þeirra
verða stór græn svæði. Stutt er í margvíslega þjónustu,
afþreyingu og menningu, s.s. Smáralind, Kringluna, Salinn og
Gerðarsafn.



REYNSLA • FAGMENNSKA • METNAÐUR

 **FJÁRFESTING**
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
BORGARTÚNI 31

 **FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

 **FASTEIGNASALAN
TORG**
KRAFTUR - TRAUÐ - ÁRANGUR
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
Sími: 520 9586 - Fax: 520 9599

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 27 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.



KULDARNIR Í KÆNUGARÐI Í Kiev, höfuðborg Úkraínu, þar þessi heimilislausu kona poka sína, vel dúðuð í vetrarhörkunum sem hafa verið þar undanfarið. NORDICPHOTOS/AFP

Ný lög um RÚV innleiða „viðeigandi ráðstafanir“ sem ESA fór fram á:

Eftirlitsstofnun vill kröfur í lög fyrir marslok

SAMKEPPNISMÁL Íslensk stjórnvöld telja að nýtt frumvarp um starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) muni innleiða ellefu svokallaðar „viðeigandi ráðstafanir“ varðandi fjárhags- og lagaumhverfi RÚV, verði það að lögum.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fór fram á það í lok mars 2011 að gripið yrði til ráðstafana og hafa íslensk stjórnvöld frest til 31. mars næstkomandi til að ljúka innleiðingu þeirra. Gangi það ekki eftir mun ESA undirbúa málshöfðun.

Ákvörðun ESA var afsprengi áralangra samskipta stofnunar-

innar og íslenskra stjórnvalda um tilhögun ríkisaðstoðar til Ríkisútvarpsins. Hún byggði á leiðbeinandi reglum ESA um tilhögun ríkisstyrkja til útvarpsþjónustu í almannabágu sem fela í sér skýrari skil á milli almannabjónustu-útvarps og þess hluta starfsemi RÚV sem skilgreindur er sem samkeppnisrekstur.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að samkvæmt frumvarpsdrögum er lagt til að RÚV muni stofna sérstakt dótturfélag utan um alla samkeppnisstarfsemi fyrirtækisins, þar á meðal sölu á aug-

lýsingum. Rekstur þess félags mun lúta eftirliti Samkeppniseftirlitsins (SE), en RÚV gerir það ekki.

Auk þess er lagt til að hlutfall auglýsinga í dagskrá RÚV fari ekki yfir 10 mínútur á klukkutíma, bannað verður að slíta í sundur dagskrárliði til að koma að auglýsingum, vöruinnsetning verður óheimil í innlendra dagskrárgerð og RÚV verður gert að birta gjaldskrá fyrir auglýsingar á vefnum þar sem einnig verða tilgreind sértílbod og önnur afsláttarkjör. Allar þessar breytingar eru í takt við kröfur ESA.

- þsj



ÚTVARPSSTJÓRI Reiknað er með að auglýsingatekjur RÚV dragist saman um allt að 200 milljónir króna á ári verði frumvarpið að lögum. Páll Magnússon er útvarpsstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Í SMÁRALIND Á ýmsu gekk hjá íslenskum viðbragðsaðilum í fyrra, en ljósmyndasýningin Útkall 2011 stendur nú yfir í Smáralind. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bora niður að stóru stöðuvatni á Suðurskautsísnum:

Lokaður heimur opnast

RÚSSLAND Rússneskum vísindamönnum hefur tekist að bora leið niður í stórt stöðuvatn sem hefur verið innilokað undir Suðurskautsísnum í milljónir ára.

Vatnið, sem nefnt er Vostok-

vatn í höfuðið á rússnesku Vostok-rannsóknarstöðinni, er talið vera nærri 16 þúsund ferkílómetrar að flatarmáli, eða meira en tvöfalt stærra að flatarmáli en Vatnajökull hér á Íslandi.

Yfir vatninu er nærri fjögurra kílómetra þykk íshella. Borkjarnar úr íshellunni geta varpað ljósi á loftslagssögu síðustu 400 þúsund ára og rannsóknir á vatninu sjálfu, sem er ferskt vatn en ekki saltur sjór, geta leitt í ljós að þar leynist lífverur sem mönnum hefur til þessa verið ókunnugt um.

Talið er að stöðuvatnið hafi verið þarna í 14 milljónir ára en að vatnið, sem nú er í þessu stöðuvatni, sé um milljón ára gamalt.

Vostok-vatnið er stærst af um 140 stöðvötnum sem vitad er um undir suðurskautsísnum. Í haust ætla breskir vísindamenn að hefja boranir niður í Ellsworth-vatn og í janúar á næsta ári vonast Bandaríkjamenn til að geta hafið boranir niður í Whillans-ísfljótið, sem er stórt kerfi fljóta undir ísnum.

- gb



SUÐURSKAUTIÐ Fjórtað milljón ára gamalt stöðuvatn leynist djúpt undir íshellunni. NORDICPHOTOS/AFP

112-dagurinn haldinn í dag:

Sýna myndir frá útköllum

MENNING Ljósmyndasýningin Útkall 2011 hefur opnað í Smáralind, en þar má sjá úrval áhuga-verðra ljósmynda sem teknar hafa verið af störfum hinna ýmsu viðbragðsaðila á síðasta ári, til dæmis lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og Landhelgisgæslu.

Sýningin er í tengslum við 112 daginn sem haldinn er um allt land í dag. Myndirnar á sýningunni eru eftir bæði atvinnu- og áhugaljósmyndara.

Sýningin stendur til og með 17. febrúar. - þj



RÁÐSTEFNA UM FORELDRAJAFNRÉTTI Anja Cordes, danskur lögfræðingur, segir það rétt barnsins að annað foreldrið geti ekki sparkað hinu út í kuldann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Frumvarp um barnalög gamaldags

Danskur lögfræðingur segir dómara geta séð hvort foreldrar geti unnið saman í forsjármálum. Jákvætt að annað foreldrið geti ekki verið visst um að fá forsjá. Innanríkisráðherra vill ekki að dómara fái heimild til að fyrirskipa sameiginlega forsjá.

SAMFÉLAGSMÁL Anja Cordes, lögfræðingur á sviði fjölskylduréttar í Danmörku, segir í viðtali við Fréttablaðið að frumvarp Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um breytingar á barnalögum sé úr takti við tímann. „Það er réttur barnsins að annað foreldrið geti ekki sparkað hinu út í kuldann.“

Samkvæmt frumvarpinu á ekki að heimila dómurum að skera úr um sameiginlega forsjá foreldra með barni með dómi. Ráðherrann hefur lýst því yfir að hann hafi tekið þessa leið út úr frumvarpinu með hliðsjón af því sem hann hefur talið vera slæma reynslu hjá öðrum norrænum ríkjum. Hefur hann meðal annars vísað í danska rannsókn.

Það er mat innanríkisráðherra að betra sé fyrir barn að reynt sé að ná samkomulagi og sátt í stað þess að lögmenn beggja aðila reyni að sýna fram á vankanta hins foreldrisins frammi fyrir dómara.

Cordes flutti í gær erindi á ráðstefnu Félags um foreldrajafrétti sem haldin var vegna breytinga á barnalögum. Hún segir viðamikla vísindalega rannsókn í Danmörku hafa leitt í ljós að samvinna foreldra verði ekki betri vegna sameiginlegrar forsjár. „En það hefur verið hægt að sjá hverjir geta unnið saman og hverjir ekki. Þeir sem geta ekki unnið saman eru ekki festir í sameiginlega forsjá. Það hefur bara verið í helmingi tilfella sem komið hafa til dómstóla sem dæmd hefur verið sameiginleg forsjá. Ég er ekki

„ Mér finnst hafa orðið breyting á viðhorfi fólks til sameiginlegrar forsjár.

ANJA CORDES
LÖGFRÆÐINGUR

hrædd um að dómara sjái ekki hverjir geta ekki unnið saman. Mín reynsla er jafnframt sú að það sé jákvætt að annað foreldrið geti ekki verið visst um að það fái eitt forsjá með barninu. Þetta hefur opnað augu sumra foreldra fyrir því að barnið er á ábyrgð þeirra beggja. Mér finnst hafa orðið breyting á viðhorfi fólks til sameiginlegrar forsjár.“

Að sögn lögfræðingsins var nú í vikunni gerð breyting á barnalögum frá 2007 í Danmörku. „Dómara geta enn fyrirskipað sameiginlega forsjá. Hingað til hefur verið erfitt að binda enda á slíkt fyrirkomulag. Ástæðurnar þurftu að vera alvarlegar. Samkvæmt breytingunni þarf nú hitt foreldrið sem er andvíggt að bundinn sé endi á úrskurðaða sameiginlega forsjá að geta sýnt fram á að samvinna hafi áður verið góð, að barnið hafi það gott og að gott samband sé á milli heimilanna. Það getur nefnilega verið að foreldri vilji binda enda á sameiginlega forsjá af öðrum ástæðum en vegna velferðar barnsins. Ástæðan getur verið nýr kærasti eða rífrildi um fjármál svo dæmi sé tekið. Mér finnst breytingin til góðs. Það er betra að þurfa að sýna fram á jákvæð atriði en neikvæð.“ ibs@frettabladid.is

kostnaðaráætlun

frumkvæði

árangursmat

markaðssetning

nýnæmismat

framkvæmdaáætlun

verkefnis lýsing

Átak til atvinnusköpunar

Á markað með snjöll nýsköpunarverkefni?

Iðnaðarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefninu *Átaki til atvinnusköpunar*.

Átak til atvinnusköpunar veitir styrki til nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

Markmið verkefnisins

- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða í frumkvöðla- og sprotafyrirtækjum

Í umsókn þarf að koma fram

- Skýr lýsing á verkefninu í heild og ætluðum árangri þess
- Greining á nýnæmi verkefnisins
- Greinargóðar kostnaðar- og verkáætlanir
- Ýtarleg lýsing á þeim verkþáttum sem sótt er um styrk til, s.s. þróunarvinnu eða markaðsstarfs

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga s.s. í tækjum og búnaði.

Rafræn umsóknareyðublöð eru á www.nmi.is.

Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið johanna@nmi.is.

Umsóknarfrestur er til og með **1. mars 2012**. Umsækjendur eru hvattir til að biða ekki til síðasta dags með að sækja um til að forðast tafir vegna álags á umsóknarkerfi.



Iðnaðarráðuneytið



Nýsköpunarmiðstöð Íslands





ÞREYJUM ÞORRANN MEÐ MILLJÓNUM!

Fjórfoldur Lottópottur stefnir í 28 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!



Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is

Landsbankinn heldur áfram

Við höldum áfram að móta Landsbankann í takt við nýja stefnu. Bankinn vill vera hreyfiafl og beita sér af krafti fyrir uppbyggingu öflugs atvinnulífs. Haldnir verða fundir um allt land með áherslu á fjárfestingar og nýsköpun. Við viljum vera opinn banki, ganga lengra í upplýsingagjöf og setjum okkur skýr markmið að vera til fyrirmyndar í þjónustu við viðskiptavinum.

Landsbankinn mun leita uppi arðbær verkefni til að knýja áfram hjól atvinnulífsins. Við munum stuðla að aukinni fjárfestingu, meðal annars með því að leiða saman áhugasama fjárfesta og ung og upprennandi fyrirtæki. Landsbankinn ætlar að vera til fyrirmyndar og veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi persónulega þjónustu. Við munum styrkja fríðindakerfi okkar, bjóða fjölbreytta valkosti í inn- og


útlánnum og vera áfram leiðandi í þróun netlausna. Við sýnum samfélagslega ábyrgð í daglegum störfum okkar, sýnum hagkvæmni og skilvirkni í rekstri og á árinu mun Landsbankinn ljúka almennu uppgjöri vegna sérstæðra aðstæðna í skuldamálum heimila og fyrirtækja. Landsbankinn heldur áfram að þróast í þágu viðskiptavina, eigenda og samfélagsins alls.

Landsbankinn þinn er stefna bankans til 2015

2012: Uppbygging

2013: Forysta

2015: Fyrirmynd



Opnir fundir um land allt

Landsbankinn heldur átta opna fundi í febrúar þar sem fjallað verður um fjárfestingu, nýsköpun og uppbyggingu atvinnulífsins.

Steinþór Pálsson bankastjóri kynnir stefnu og áherslur bankans. Einnig verður fjallað um þjónustu Landsbankans við nýsköpunarfyrirtæki.

Fulltrúar Nýsköpunarsjóðs atvinnu-

lífsins fjalla um hlutverk sjóðsins og þá möguleika sem blasa við á árinu 2012 og forsvarsmenn nokkurra fyrirtækja kynna árangursrík sprotaverkefni.

Opnu fundirnir eru haldnir til að eiga opinskáar samræður við landsmenn þannig að við getum bætt þjónustu okkar enn frekar.

Að loknum erindum verða pallborðsumræður með fyrirlesurum og stjórnendum bankans.

Opnir fundir Landsbankans um fjárfestingu, nýsköpun og uppbyggingu atvinnulífsins



Átta fundarstaðir

- **Sauðárkrókur**
Þriðjudagur 14. febrúar kl. 20
Mælifell
- **Fjarðabyggð**
Miðvikudagur 15. febrúar kl. 20
Safnaðarheimilið Reyðarfirði
- **Reykjanesbær**
Fimmtudagur 16. febrúar kl. 20
Stapi
- **Kópavogur**
Mánudagur 20. febrúar kl. 20
Salurinn
- **Snæfellsbær**
Þriðjudagur 21. febrúar kl. 20
Félagsheimilið á Klifi
- **Ísafjörður**
Miðvikudagur 22. febrúar kl. 20
Edinborgarhúsið
- **Selfoss**
Þriðjudagur 28. febrúar kl. 20
Hótel Selfoss
- **Akureyri**
Miðvikudagur 29. febrúar kl. 20
Menningarhúsið Hof



Niðurstöður skoðanakönnunar sýna að allt getur gerzt í íslenskum stjórnámum:

Panikk í pólitík

Niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 um fylgi flokkanna, sem birtust í gær, sýna að mikil hreyfing er á kjósendum. Hátt hlutfall óákveðinna – sem þó hefur lækkað frá síðustu könnun – sýnir að margir hafa litla trú á pólitíkinni almennt og geta ekki gert upp hug sinn.

Stóra fréttin er auðvitað 21 prósent fylgi Samstöðu, undir forystu þingmannsins Lilju Mósedóttur. Flokkurinn nýtur sennilega tímasetningar könnunarinnar, nýbúinn að kynna stefnumál sín og forystu. Og kjósendur þyrstir klárlega í nýja kosti.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Svipuð stökk í skoðanakönnunum hafa sézt áður; Þjóðvaki Jóhönnu Sigurðardóttur mældist til dæmis með um 20 prósent fylgi fyrir kosningarnar 1995, en endaði reyndar í sjö prósentum. Og svo er það Beztu flokkurinn, sem margir töldu að væri svipuð bóla en fékk að lokum þriðjungsfylgi í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík. Hvað sem er virðist geta gerzt í íslenskri pólitík þessi misserin.

Samstaða virðist að talsverðu leyti taka fylgi sitt af núverandi stjórnarflokkum, sem samanlagt fá svipað fylgi og nýja vinstri-framboðið. Það er óneitanlega umhugsunarvert að eftir þriggja ára valdatíð fyrstu hreinræktuðu vinstri-stjórnarinnar á Íslandi skuli vinstri-vængurinn enn og aftur vera að klofna upp í smáflokka. Þótt fylgi Sjálfstæðisflokksins sé ekki í sömu hæðum og það hefur verið í síðustu könnunum getur hann þó sæmilega við unað ef hann fær þau 35 prósent sem könnunin spáir honum í næstu kosningum.

Áfram ætti að vera pláss fyrir borgaralegt framboð á miðju stjórnámálanna. Þjórt framtíð undir forystu Guðmundar Steingrímssonar fær sex prósentu stuðning í könnuninni og gæti samkvæmt því fengið fjóra þingmenn, en er þó áreiðanlega langt frá því að fylla gatið sem Samfylking, Sjálfstæðisflokkur og Framsókn hafa skilið eftir á miðjunni.

Ein ástæða fyrir fylgi Samstöðu gæti verið gylliboð Lilju Mósedóttur og félagi, sem vilja láta afskrifa drjúgan skerf af húsnæðis-lánum allra og láta skattgreiðendur og lífeyrisþega borga. Þau vilja líka hækka ríkisútgjöldin, lækka skattana, hækka lífeyrisbætur hjá þeim sem þiggja þær í dag og láta framtíðarkynslóðir borga. Ef hinir flokkarnir panikkera og bregðast við góðu gengi Samstöðu með yfirboðum tekur ekki mörg ár að koma Íslandi í stöðu Grikklands; ríkissjóður á hausnum og efnahagurinn í kaldakoli. Það væri óneitanlega óheppileg afleiðing af „endurnýjun stjórnámálanna eftir hrun“ sem stundum er talað um.

Lýðskrumið hefur átt upp á pallborðið í öllum flokkum að undanförnu. Flest bendir þó til að nýju framboðin, sem eru orðin allnokkur, ætli að ganga enn lengra í því en hinir grónu stjórnámálflokkar. Fáir þau þriðjung atkvæðanna, eins og könnunin gefur vísbendingu um, gæti svo farið að næsta ríkisstjórn yrði stofnuð sem varnarbandalag sæmilega ábyrggra stjórnámálflokka gegn óábyrgri atkvæðakaupa-stefnu á borð við þá sem hefur sett mörg lönd á hausinn.

En þá neyðast foringjar gömlu flokkanna líka til að sitja á sér í hnútukastinu og svikabrigzlunum sem einkenna stjórnámála-umræðuna um þessar mundir og byrja að byggja brýr sín á milli.



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Ríkisvæðing er mesta hættan

Ögmundi Jónassyni tókst með haldbærum rökum í Kastljósspætti í vikunni að sýna fram á yfirborðsmennsku í umræðunni um stöðu lífeyrissjóðanna. Hann skaut sér aðeins undan að svara þeirri spurningu hvort hann beitti líkri vörn og Geir Haarde gegn ákæru meirihluta Alþingis. Málín eru vissulega af sömu rót runnin. Af sjálfu leiðir að málsvörn aðgætinnna manna með ábyrgð svipar saman þó að þeir hafi ólíka pólitíska sýn.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Lífeyrissjóðirnir hafa verið helsta uppspretta sparnaðar í landinu. Hann er aftur undirstaða í tveimur höfuðkerfum samfélagsins: Í velferðarkerfinu og í fjármálakerfinu. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr er óhjákvæmi-

legt að spinna þessa ólíku hagsmunum saman.

Skýrsla rannsóknarnefndar lífeyrissjóðanna ber með sér að stjórnendur þeirra hafa andað að sér óheilbrigðu lofti í því umhverfi sem þeir lifðu og hræðust í. Þar er þó ekki að finna afgerandi vísbendingar um að þeir hafi orðið jafn alvarlega sjúkir og stjórnendur gömlu bankanna. Það gerir gæfuminn. Þeir þurfa að endurheimta traust. En skýrslan kallar á annars konar umræðu en um bankana. Tvennt ræður því að lífeyriskerf-

id er sterkara hér en víða annars staðar. Annars vegar er sú fyrirhyggja að spara fyrir lífeyrinum og þeim miklu tryggingabótum sem sjóðirnir standa undir meðan margir aðrir byggja þau réttindi á samtíma sköttum og jafnvel lánum. Hins vegar er sjálfstæði sjóðanna, sem eru óháðir pólitísku áhrifa-valdi, og jöfn ábyrgð bæði atvinnu-fyrirtækja og launamanna á stjórn þeirra.

Mesta hættan sem sjóðirnir standa andspænis nú er sú að þessar forsendur fyrir kerfinu bresti og það verði orðið hluti af ríkissjóði og pólitíska stjórnkerfinu innan fárra ára. Reyndar bendir flest til að þannig fari nema tekið verði í taumana.

Enginn flokkur er heill

Þeir þingmenn sem hæst láta um ábyrgðarleysi stjórnenda lífeyrissjóðanna halda því fram að þeir hafi farið óvarlega með því að fjárfesta í pappírnum eins og hlutabréfum sem ekki eru verðtryggt. Þetta eru mest sömu þingmennirnir og hrópa sig hása af hneykslan yfir því að stjórnendur lífeyrissjóðanna skuli ekki samþykkja að falla frá verðtryggingu skuldabréfa til þess að þeir sem spara megi borga fyrir þá sem skulda.

Þessi viðbrögð þingmanna lýsa skinhelgi og lýðskrumi. Verst er

að þingmenn úr röðum allra flokka eru undir sömu sök seldir í þessu efni. Enginn flokkur stendur lengur heill fyrir ábyrgum viðhorfum um framtíðarskipan þessara mála.

Lífeyrissjóðirnir eiga nú ekki annarra kosta völ en fjárfesta í skuldabréfum ríkisins og opinberum framkvæmdum. Stjórnvöld áforma að halda flestum þessara framkvæmda utan við bókhald ríkissjóðs. Ekki hefur verið sýnt fram á hvernig ríkissjóður á að afla fjárlit endurgreiðslu. Eftir fá ár verða þessir áhættuhagsmunir orðnir svo samtvinnuðir að hætt er við að

sú freisting að gleypa kerfið verði stjórnámálamönnun ómótstæðileg. Um leið koma brestir í sjálfar undirstöður velferðar og fjármálalífs í landinu. Engir þingmenn ræða þessa hættu.

Þær upplýsingar sem dregnar eru saman í rannsóknarskýrslunni sýna að Ísland má ekki loka sig af eins og nú er gert með gjaldeyrishöftunum. Lífeyrissjóðirnir þrífast ekki nema við eignum óhindraðan aðgang að stærri fjárfestingamarkaði. Enginn stjórnámálflokkur teflir fram þingmönnum sem ræða vandann í þessu samhengi.

Gagnkvæm ábyrgð

Upp úr hverjum kjafti stendur nú krafan um að breyta stjórnkerfi lífeyrissjóðanna. Það á að leysa allan vanda. En í þeirri umræðu allri gleyma menn að núverandi kerfi byggir á hugmyndum sátta, sameiginlegrar ábyrgðar á velferðarmálum og gagnkvæms skilnings á heilbrigðum rekstri fyrirtækja.

Lífeyrissjóðakerfið er ávöxtur af þróun þessara hugmynda í

kjarasamningum launafólks og atvinnufyrirtækja. Stjórnkerfi sjóðanna er andstaðan við átaka-stjórnarmál og stéttastríð. Án þess hefði óróleiki og ójafnvægi í þjóðarbúskapnum verið meira. Það byggir á hófsemdarhugsun sem stuðlar að jafnvægi.

Þjóðarsáttin fyrir rúmum tuttugu árum var einhver besta efnahagsráðstöfun síðari tíma. Hún var ekki afráðin á vettvangi stjórnámálanna. Hún var ekki

patentlausn sem varð til upp úr þurru. Hún spratt úr þessum jarðvegi sem hafði verið lengi í ræktun.

Bankaveikin birtist meðal annars í því að á þeim vettvangi slitnaði strengur gagnkvæmrar félagslegrar ábyrgðar. Er þá mest forvörn fólgin í því að slíta þann streng hvar sem hann finnst? Þingmenn úr röðum allra flokka virðast telja það. Ástæða er til að vara við kenningum þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFASTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ert þú með slæma túrverki? Þá gætir þú verið með endómetríósu

Samtök kvenna með endómetríósu halda aðalfund laugardaginn 18. febrúar kl. 13.00

DAGSKRÁ

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Ný lög fyrir samtökin verða lögð fyrir fundinn
- Farið verður yfir helstu verkefni sem eru á döfni hjá samtökunum á þessu ári
- Fyrirlestur um endómetríósu/legslímuflakk og ófrjósemi
- Almennar umræður



FUNDARSTAÐUR

Landsspítalinn við Hringbraut

Gengið er inn um aðaldyr kvennadeildar á fyrstu hæð og síðan til hægri.

NETFANG www.endo.is | PÓSTFANG: endo@endo.is
FACEBOOK: [Samtök kvenna með endómetríósu](https://www.facebook.com/SamtokKvennaMedEndometriosu)



Allt að **70%**
bílalán í boði

NOTAÐIR **GÆÐABÍLAR** Í ÚRVALI

Ef þú vilt vera vel bílandi ættirðu að líta til okkar núna. Úrvalið af notuðum gæðabílum er ótrúlega breitt, allt frá **ódýrum smábílum upp í finasta lúxus**. Svo eru sölumennirnir samningaliprir sem aldrei fyrr.

Tegund	Eldsneyti	Árgerð	Ekinn	Verð
Toyota Land Cruiser 200	Bensín	2008	63.000 km	9.900.000 kr.
Audi A6 quattro S-line	Bensín	2006	40.000 km	4.890.000 kr.
Kia Sportage 4x4	Dísil	2011	23.000 km	5.190.000 kr.
Toyota Land Cruiser 120 GX	Dísil	2008	82.000 km	5.990.000 kr.
Mercedes-Benz ML 320	Dísil	2007	95.000 km	6.990.000 kr.
Kia Sorento	Dísil	2010	21.000 km	5.690.000 kr.
Mitsubishi Pajero	Dísil	2007	65.000 km	5.290.000 kr.

Einnig úrval af ódýrari bílum á útsöluverði



Notaðir **Kia bílar** með allt að **7 ára ábyrgð**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

Opið í dag kl. 11-16

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og KIA á Íslandi.



Hrunið 2016

Fjármál

Heiðar Guðjónsson
hagfræðingur



Það er haustið 2016 og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er aftur kominn til Íslands. Í þetta sinn var það íslenska ríkið sem ekki gat staðið við skuldbindingar sínar í erlendri mynt og banka kerfið er aftur komið í ógöngur eftir snarpa gengisfellingingu og brostna eignabólu eins og í fyrria hruninu árið 2008.

Eftir hrunið árið 2008 hafði hagkerfið smám saman jafnað sig undir gjaldeyrishöftum. Bankarnir höfðu breyst úr því að vera innheimtustofnanir, líkt og árin 2009 og 2010, í að verða aftur útlánsstofnanir 2012. Innlendir og erlendir kröfuhafar höfðu fengið hundruð milljarða greidd út í krónum. Lífeyrissjóðirnir þurftu einnig að fjárfesta miklu magni af krónum sem skapaði töluverða samkeppni um þær traustu eignir sem voru innan hagkerfisins og gerði það að verkum að eignaverð var í engu samræmi við sambærilegar eignir í nágrannalöndum. Fjármagnshöftin, sem Seðlabankinn hafði haldið fast við, gerðu það þannig að verkum að öll verð hagkerfisins voru bjöguð.

Verðbólgan var mikil, sökum þess að enginn treysti krónunni og hún gaf hægt og sígandi eftir, en hækkun eignaverðs var ennþá meiri. Almennungur reyndi að forða eignum sínum frá verðbólguálinu með fjárfestingum

í alls konar fastafjármunum, ekki síst húsnæði. Fasteignaverð hafði til dæmis hækkað um 50% á 3 árum og lán til framkvæmda höfðu margfaldast. Á hápunkti bóllunnar seldust einbýlishús á verði sem aldrei hafði sést áður, ekki einu sinni fyrir síðustu myntbreytingu 1981 þegar tvö nýll voru tekin aftan af gjaldmiðlinum. Meðalverð einbýlishúsa var vel yfir 100 milljónum og Seðlabankinn kórónaði óstjórnina í peningamálum með því að gefa út nýja 10.000 og 20.000 króna seðla. Eitt einbýli við Tjörnina hafði farið á 400 milljónir króna.

Það að íslensk útflutningsfyrirtæki höfðu verið keypt af erlendum kröfuhöfum fyrir krónur sem ein leið til þess að koma peningum úr landi. Arðinum af fyrirtækjarekstri var heldur ekki endurfjárfest á Íslandi heldur án undantekninga reynt að halda honum í erlendri mynt.

Hrunið 2016 vakti upp vondar minningar frá því 8 árum fyrr. Ríkið hafði vissulega verið með stífari reglur á fjármagnsmarkaði, meira eftirlit og mun meiri umsvif, en allt kom fyrir ekki. Þegar hagvöxturinn hafði tekið við sér vildi enginn skemma þann

aðstæður þar sem erlendir spákaupmenn höfðu ýkt styrk krónunnar með gríðarlegum vaxtamunsviðskiptum. Í hruninu 2016 var Seðlabankinn aftur í aðalhlutverki þar sem hann hafði haldið fast við gjaldeyrishöft og mynt sem hafði engan trúverðugleika, sem leiddi til þess að innstreymi erlends gjaldeyris hvarf og því engin leið að standa við erlendar skuldbindingar.

Við greiðslufallið og eignahrundið 2016 tapaði almenningur aftur öllum sínum sparnaði, en öfugt við hrunið 2008 hafði ríkið líka gengið á lífeyrissjóði landsmanna. Auk þess að setja á ýmsa skatta árin 2009-2011 ákvað ríkið í samráði við Seðlabankann árið 2012 að neyða lífeyrissjóðina til að afhenda erlendar eignir sínar í skiptum fyrir ríkisskuldabréf í krónum, sem ekki mátti selja. Þessi skipti voru til þess að geta endurgreitt erlendum kröfuhöfum að fullu, sem höfðu lánað glannalega til íslensku bankanna, orkufyrirtækja og sveitarfélaga árin 2005-2008. Seðlabankinn hafði í sama tilgangi fengið ríkið til þess að taka öll lán sem það gat til þess að byggja upp gjaldeyrisskuldabréfa. Flestir erlendu kröfuhafarnir sem borið höfðu sína ábyrgð á fyrria hruninu komust á tímabilinu með sitt úr landi en eftir stóð ríkisskuldin í erlendri mynt sem íslenska ríkið gat á endanum ekki staðið við. Íslenskur almennungur sat eftir með tapið, skattþingur og lokaður inni í höftum.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kom aftur til landsins haustið 2016, afnam höftin, sem skapað höfðu eignabóluna og sagði að það væri fullreynt með að Ísland

hefði forræði yfir sínum peningamálum. Ísland þyrfti að afsala sér stjórn peningamála, taka upp alþjóðlegan gjaldmiðil, líkt og hvert einasta ríki heims sem telur færri en milljón íbúa hefur gert. Gjalddeyrishöftin höfðu einangrað Ísland frá umheiminum með tilliti til viðskipta og fjárfestinga. Margir óskuðu að Íslendingar hefðu horfst í augu við staðreyndir árið 2012 í stað þess að leyfa ójafnvæginu enn og aftur að grafa um sig í hagkerfinu með skelfilegum afleiðingum. Starfstímabil sérstaks saksóknara var framlengt en í þetta sinn var ekki hjá því komist að stofna rannsóknarnefnd til að fara yfir starfsemi Seðlabanka Íslands.

Ofangreind lýsing er ein af þeim sviðsmyndum sem Ísland getur stefnt inn í við núverandi kerfi, stefnu ríkisstjórnar og Seðlabanka. Það er því miður óskhyggja að treysta á að innnganga í Evrópusambandið bjargi Íslendingum. Óháð þeirri umsókn verður að breyta frá rangri stefnu er getur enn á ný byggt upp ójafnvægi sem á endanum leiðir til skelfilegra afleiðinga fyrir hagkerfið eins og við höfum því miður áður reynt. Til þess að koma í veg fyrir að sú sviðsmynd sem hér er lýst gangi eftir þurfum við að horfast í augu við staðreyndir og marka nýja stefnu.

Í næstu grein minni legg ég fram hugmynd að annarri stefnu fyrir Ísland sem er til þess fallin að koma í veg fyrir ofangreinda sviðsmynd. Stefnu sem gerir Íslandi kleift að byggja hagkerfið upp að nýju á eigin forsendum og án utanaðkomandi hjálpar.

Við greiðslufallið og eignahrundið 2016 tapaði almenningur aftur öllum sínum sparnaði, en öfugt við hrunið 2008 hafði ríkið líka gengið á lífeyrissjóði landsmanna.

Íslenskt eignafólk hafði einnig beitt ýmsum ráðum til þess að flýja mikla skattlagningu og koma eignum úr landi og margir fluttu sjálfir úr landi. Þar sem ekki mátti selja krónur fyrir alþjóðlega gjaldmiðla reyndu menn allt til þess að nálgast alþjóðleg verðmæti með öðrum hætti. Verk allra íslenskra málara sem höfðu alþjóðlegt verðgildi voru löngu uppseld. Öll rauðvín sem höfðu geymslugildi einnig. Það gekk svo langt að menn keyptu skartgrip, fornmuni, húsgögn og stytur, sem lítil not voru af, til þess eins að losa sig við krónurnar.

Ennfremur veikti það hagkerf-

efnahagsbata sem vonast hafði verið eftir svo lengi. Þegar loks kom að skuldadögum var ljóst að kerfið hafði brugðist, sama kerfi og brást árið 2008 og hafði verið endurreist í lítið breyttri mynd, nema hvað að skattar voru hærri, eftirlit meira og fjármagnshöft sem gerðu það að verkum að útlendingar töpuðu nær engu í þetta skiptið og íslenskur almennungur tók á sig allt tapið.

Fyrir hrunið árið 2008 hafði Seðlabankinn að miklu leyti sloppið við umræðu um ábyrgð sína á því að leyfa peningamagn í umferð, frá 2003 og fram að hruni, að vaxa um fjórutíu prósent að meðaltali á ári og búa til

AF NETINU

Lítið fylgi fjórflokksins

Þegar búið er að draga frá hina óákveðnu, er fylgi flokkanna helmingi minna en af er látið í skoðanakönnunum. Sjálfstæðisflokkurinn er aðeins með 20% fylgi, Lilja með 12%, Framsókn með 7%, Samfylkingin með 6%, Vinstri grænir með 5% og Guðmundur með 4%. Ótalin eru þá 47% spurðra, sem neita að svara, hafa ekki gert upp hug sinn. Að einhverju leyti munu þau atkvæði falla á fjórflokkinn. Komi fleiri bitastæð framboð til skjalanna, má þó búast við, að þau taki meira af hinum óákveðnu en fjórflokkurinn tekur. Enn er til dæmis pláss fyrir flokk fólks úr stjórnlagaráði, sem mundi gera mest rusk.

Jónas Kristjánsson
www.jonas.is

Skemmtileg rökleysa

Ég hef svo sem ekki miklar skoðanir á hver verður biskup, vona samt að sá sem nær kjöri verði viðræðugóður og sýni öðrum lífs-skoðunum skilning.

En ég get ekki gert að því að hafa gaman af skrytnum ummælum í kosningabaráttu biskupsefnanna.

Ég heyrði viðtal við fram-bjóðanda um daginn sem sagði að kirkjan ætti ekki að sætta sig við hjónaband samkynhneigðra vegna þess að Jesú hafi ekki sagt að þau væru í lagi.

Þetta eru nokkuð skemmtileg rök.

Með sömu rökum má halda fram að allt sem Jesú tilgreindi ekki sérstaklega sé þar af leiðandi ekki í lagi. Kirkjan þarf þá að leggja gegn skilnaði (ef minnið svikur mig ekki), jafnrétti kynjanna (aftur með fyrirvara um minni og Google-leti), það hlýtur að vera rangt að keyra bíl og það er væntanlega bannað að fara í annað það en aftabað.

Valgáður Guðjónsson
<http://blog.eyjan.is/valgardur/>

1 króna fyrir barnið

aðra leiðina + 1.400 kr. 14.-29. febrúar 2012

(flugvallarskattur)

Þetta einstaka tilboðsfargjald

- er bókanlegt frá kl. 10:00, 13. febrúar 2012
- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
- er fyrir börn, 2-11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is
- ferðatímabil 14.-29. febrúar 2012

flugfelag.is | 570 3030



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Vernd barna gegn kynferðislegum glæpum

Kynferðislegt ofbeldi

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðgjafi



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðgjafi



ur áherslu á forvarnir og að menn, sem óttast að þeir geti framið eitt-hvert þeirra brota sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningnum, geti leitað sér aðstoðar til þess að koma í veg fyrir það. Sú skylda er lögð á herðar aðildarríkanna að standa að vitundarvakningu um réttindi barna og hvað bendi til þess að barn geti verið þolandi ofbeldis. Jafnframt gerir hann ráð fyrir fræðslu fyrir börnin sjálf.

Refsilögsaga nær til útlanda
Samningurinn hefur enn fremur

að geyma ákvæði varðandi nýja tegund ofbeldis eins og kynferðislega misneytingu og misnotkun

hátt á því ógnvænlega vandamáli sem ferðabjónusta tengd misnotkun barna er með því að kveða á



Sem betur fer hefur þagnarmúrinn kringum þessa glæpi hrunið smátt og smátt á síðustu áratugum.

barna fyrir tilstilli upplýsinga- og samskiptatækni en því hafa aðrir alþjóðasamningar ekki tekið á. Hann tekur einnig á framsækinn

um að hver samningsaðili skuli fella undir refsilögsögu sína öll brot sem framin eru erlendis af ríkisborgara hans, eða einstak-

lingi sem hefur fasta búsetu á yfirráðasvæði hans – jafnvel þótt brotið sé ekki refsivert samkvæmt lögum þess ríkis þar sem brotið er framið.

Það er mjög brýnt að lagarammi ríkja sé þannig gerður að hann veiti börnum eins ríka vernd og hugsanlega er unnt. Í því tilliti getur alþjóðasamstarf haft veigamikil áhrif.

Samningurinn sem hér um ræðir sker upp herör gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og íslensk stjórnvöld láta ekki sitt eftir liggja.

Það er dapurleg staðreynd að fjöldi barna í heiminum í dag verður fyrir kynferðislegu ofbeldi, þ.m.t. á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum frá Evrópuráðinu benda rannsóknir til þess að eitt af hverjum fimm börnum verði fyrir kynferðislegri áreitni eða kynferðislegu ofbeldi á æskuárum sínum. Hér er um að ræða svívirðilega glæpi sem hafa í för með sér líkamlegar og andlegar þjáningar fyrir börnin sem fyrir þeim verða.

Afleiðingarnar eru öryggisleysi og skömm, sem því miður fylgir enn þolendum kynferðisbrota en ætti með réttu aðeins heima hjá þeim sem ofbeldinu beita. Brotin fela í sér grófustu tegund mannréttindabrota sem ekki má láta kyrr liggja. Sem betur fer hefur þagnarmúrinn kringum þessa glæpi hrunið smátt og smátt á síðustu áratugum. Það er þó ekki nóg að þolendur geti sagt frá, heldur verður samfélagið að vera vel vopnað í baráttunni gegn þessum hroðaverkum.

Sögulegur samningur

Hlutur Íslands má ekki liggja eftir í að uppræta ofbeldi gegn börnum. Fyrir skömmu lögðum við því fram tillögu á Alþingi þar sem lagt var til að Íslendingar fullgiltu mikilvægan Evrópuráðssamning um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og misnotkun og um leið frumvarp að lagabreytingum til að tryggja framkvæmd samningsins. Samningurinn, sem kenndur er við Lanzarote, var gerður árið 2007. Tilgangurinn með honum er þrjúþættur:

Í fyrsta lagi er markmiðið að koma í veg fyrir og berjast gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum. Í öðru lagi að vernda réttindi barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Síðast en ekki síst er ætlunin að efla samstarf í baráttunni gegn kynferðislegum glæpum gegn börnum hjá hverri þjóð og á alþjóðavettvangi.

Samningurinn er mjög yfirgripsmikill og markar tímamót. Með honum bindast ríki böndum í baráttunni gegn ofbeldi gegn börnum en sú barátta getur ekki verið bundin við landamæri. Ekki er þó einvörðungu kveðið á um hvaða háttsemi skuli teljast refsiverð heldur fjallar samningurinn einnig um forvarnir, stuðning fyrir börn sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og meðferð kynferðisbrotamanna.

Ofbeldi um spjallrásir

Samningurinn leggur þannig til leiðir til þess að berjast gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum í hefðbundnum skilningi en einnig gegn barnavændi, barnaklámi og ferðabjónustu sem beinist að kynferðislegri misnotkun barna. Hann skapar enn fremur grundvöll til að sporna við því þegar fullorðnir einstaklingar falast af ásettu ráði eftir börnum t.d. á spjallrásum í kynferðislegum tilgangi eða láta börn vísitandi verða vitni að kynferðislegri misnotkun eða kynferðislegum athöfnum.

Samningurinn er hinn fyrsti þar sem sett er fram krafa um að sett verði í refsilög ákvæði gegn misnotkun barna í ýmsum myndum, þ.m.t. þegar slík misnotkun á sér stað inni á heimili barns eða innan fjölskyldu þess. Hann legg-

Fræðslufundur og námskeið Arion banka

Fjármálafræðsla fyrir þig

Arion banki beitir sér fyrir bættu fjármálalæsi og hefur bankinn staðið að fjölda námskeiða sem þú sendir viðskiptavina hafa sótt sér að kostnaðarlausu.

Námskeið í febrúar

Meniga	Þriðjudagur, 14. febrúar	Háskólinn í Reykjavík
SMART markmið í fjármálum	Fimmtudagur, 16. febrúar	Borgartún 19
Meniga	Fimmtudagur, 23. febrúar	Verkmenntaskólinn á Akureyri
Greiðslur úr lífeyrissparnaði	Þriðjudagur, 28. febrúar	Borgartún 19

Nánari upplýsingar og skráning á arionbanki.is eða í síma 444 7000.

Hvaða fjármálafræðslu vilt þú fá?

Sendu okkur ábendingu um það hvaða fjármálafræðslu þú vilt fá á arionbanki.is/fraedsla

Arion banki er aðalbachjarl Stofnunar um fjármálalæsi.



Summar

KYNNTU ÞÉR ÆVINTÝRALEGAR
FERÐIR OG GLÆSILEGA
GISTIMÖGULEIKA SUMARSINS

HEIMSFERÐIR
20 ÁRA
1992-2012

Bókaðu beint á heimsferdir.is

OPIÐ Í DAG!

Við fögnum 20 ára afmæli
Heimsferða og útgáfu
sumarbæklings – opið í dag frá

kl. 12-16

Ekkert bókunargjald á skrifstofu
til og með 15. feb.

20.000 kr.

afmælisafsláttur
af fyrstu 300 sætunum:
valdir gististaðir,
ákveðnar dagsetningar.
– fyrstur kemur fyrstur fær!



Bodrum

í Tyrklandi

frá **126.900 kr.**
– allt innifalið

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskyldu herbergi á Hotel Bitez Garden Life Hotel & Suites 22. maí í 10 nætur.

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 145.900.



Tenerife



frá **102.600 kr.**
– allt innifalið

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á Dream Villa Tagoro 6. júní í 7 nætur.

Verð m.v. 2 fullorðna í íbúð kr. 124.900 á mann.



Mallorca



frá 135.900 kr.
– allt innifalið í 2 vikur

Netverð á mann í, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi á Globales Playa Santa Ponsa 29. maí í 14 nætur.
Verð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 159.400 á mann.



Costa del Sol



frá 98.900 kr.
– allt innifalið

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi á Griego Mar 19. júní í 7 nætur.
Verð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 117.600 á mann.

Benidorm

frá kr. 89.900 – í viku

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi.

Netverð m.v. 2 fullorðna í íbúð kr. 104.900 á mann. 22. maí í viku.



Alicante

frá kr. 19.900

Flugsæti á mann aðra leiðina á völdum dagsetningum.

Glæsilegt úrval borgarferða

- Barcelona
- Sevilla
- Prag
- Ljubljana
- Búdapest
- Róm



Billund

frá kr. 13.900

Flugsæti á mann aðra leiðina á völdum dagsetningum.

Glæsilegt úrval sérferða

- Á bökkum Gardavatsins
- Ítalía – Cinque Terre
- Gönguferðir á Tenerife
- Dresden
- Vínarborg og Györ
- Vorið á Madeira

- Ævintýri í Marokkó
- Á rómantískum slóðum Bretlands
- Töfrar Tyrklands
- Perlur Tyrklands
- Sumar við Gardavatnið
- Puglia á Ítalíu
- Barbados
- Kúba
- Aðventuferðir til Heidelberg
- Golfferðir
- Glæsisiglingar



Stökktu til Kanarí

Kanarí

21. eða 28. febrúar í eina eða tvær vikur.

frá kr. 89.900

m.v. tvo fullorðna í viku.



Meirihlutinn ræður

Stjórnsmál

Hjálmar Hjálmarsson

fulltrúi Næstbesta flokksins og forseti bæjarstjórnar í Kópavogi



Fimmtudaginn 12. jan. sl. varð áhugaverð uppákoma í bæjarráði Kópavogs. Þá ákvað bæjarráð að hafna erindi Leikskólanefnadar með 4 atkvæðum gegn 1. Formaður (S) og varaformaður bæjarráðs (VG) ákváðu án samráðs við meirihluta sinn í bæjarstjórn að sameinast minnihlutunum (D) og hafna erindi frá meirihlutunum sem á 3 fulltrúa í Leikskólanefnd, formaður er frá VG og Sjálfstæðisflokkur á þar tvo fulltrúa.

Nefndin samþykkti á fundi sínum erindi til bæjarráðs sem varðar vinnutíðingun við innleiðingu námsskrár á yngsta skólastiginu. Sjálfstæðismenn í bæjarráði, Gunnar Birgisson og Ármann Kr. Ólafsson, voru hins vegar mótfallnir erindinu og bókðu sérstaklega um það í fundargerð bæjarráðs.

Þá kemur að hinu áhugaverða í þessari uppákomu. Oddviti Samfylkingar og formaður bæjarráðs, Guðríður Arnardóttir, og fulltrúi Vinstri grænna, varaformaður bæjarráðs, Ólafur Þór Gunnarsson, ganga skyndilega til liðs við minnihluta bæjarráðs, búa til meirihluta með

Sjálfstæðisflokknum um þetta einstaka mál og skilja fulltrúa NæstBestaFlokksins, þann sem þetta ritar, eftir einan í minnihluta; þar sem mér virtist erindið vera ódýrasti og skynsamlegasti kosturinn í stöðunni ákvað ég að samþykka það.

Uppákoma af þessu tagi er nokkuð sérstök en þó ekki einsdæmi. Nokkrum sinnum hefur meirihluti bæjarráðs hafnað afgreiðslu úr nefnd frá sínum eigin meirihluta. Undirritaður hefur þó aldrei stundað slík vinnubrögð. Það má samt teljast einstakt að meirihluti verði að minnihluta með svo afgerandi hætti.

Þegar fundargerð bæjarráðs frá 12/1 var tekin til afgreiðslu í bæjarstjórn 24/1 ákvað fundurinn eftir fortölur fundarmanna að vísa málinu aftur til bæjarráðs. Töldu þá oddviti Samfylkingar og Vinstri grænna að um misskilning hefði verið að ræða, báru fyrir sig þekkingar- og reynsluleysi, lögðu til að úr yrði bætt og málið tekið aftur fyrir. Meirihlutinn kom til sjálfs sín og hætti að vera í meirihluta með minnihlutunum og minnihlutinn, Sjálfstæðisflokkurinn, varð aftur að minnihluta og ákvað í þetta sinn að hafa ekki skoðun á málinu lengur og sat hjá. Niðurstaða er ekki fengin í erindi Leikskólanefnadar nú fjórum vikum frá því erindið var lagt fram. Skilvirk stjórnsýsla.

Meirihlutinn ræður, sagði maðurinn og konan. Það er ábyrgð

okkar og skylda að mynda starfhæfan meirihluta í bæjarstjórn, gott og vel, en þegar vinnubrögðin eru á þessa lund veltir maður því fyrir sér hvort það sé yfirleitt hægt eða nauðsynlegt.

Uppákoman í bæjarráði 12/1 var ekki eina óvenjulega uppákoman þann daginn. Það kann að vera tilviljun en sama dag boðar formaður bæjarráðs, Guðríður Arnardóttir, fulltrúa meirihlutans á fund með skömmum fyrirvara.

hætt fyrir mig í meirihlutasamstarfinu. Eftir nokkra umræðu óskaði ég eftir því að fá að ræða við mitt samstarfsfólk í NæstBestaFlokki áður en endanlegar ákvarðanir yrðu teknar.

Næsti fundur meirihlutans var ákveðinn sunnudaginn 15. jan. Ákvörðun Samfylkingar og Vinstri grænna lá hins vegar fyrir og varð ekki haggð. Bæjarstjórn naut ekki stuðnings þeirra og því ljóst að ekki var meirihluti fyrir því að hann héldi

að losna við þann hinn sama úr meirihlutasamstarfinu. Undirritaður lítur ekki svo á að hann hafi „sprengt“ meirihlutann. Þetta var sjálfstæðisflokkurinn sem fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna bera fyrst og fremst ábyrgð á.

Þetta er nú rakið hér í stuttu máli til að benda á ótvíræða galla hins svokallaða meirihlutaafyrirkomulags í bæjarstjórn. Mun vitlegra er að vinna að undirbúningi mála á samstarfsvettvangi allra flokka og síðan þegar kemur að



Það ber heldur ekki gott vitni um samstöðu innan meirihlutans þegar einum fulltrúa af sex er haldið utan við stórar ákvarðanatökur um leið og lagt er á ráðin að losna við þann hinn sama úr meirihlutasamstarfinu.

Undirritaður lítur ekki svo á að hann hafi „sprengt“ meirihlutann. Þetta var sjálfstæðisflokkurinn sem fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna bera fyrst og fremst ábyrgð á.

Þar tilkynnti hún að Samfylkingin styddi ekki lengur bæjarstjórnann og undir þetta tók oddviti Vinstri grænna. Þá var stungið upp á því að Guðríður Arnardóttir tæki við starfi bæjarstjóra. Málefni bæjarstjórnar í þessu samhengi höfðu ekki verið rædd síðan í september á síðasta ári og þá tók oddviti Samfylkingar af allan vafa um það að hann sæktist ekki eftir þessu embætti, þannig að þetta voru sannarlega óvænt tíðindi. Mér var nokkur vandi á höndum. Ef ég styddi ekki þessa ákvörðun væri sjálf-

áfram störfum. Það sem hins vegar var ekki tekin ákvörðun um, var hvernig skyldi að þessu staðið. Það sem gerist síðan í framhaldinu vil ég kalla hreint klúður sem Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingar, og Ólafur Þór Gunnarsson, fulltrúi VG, bera fulla ábyrgð á. Þau höfðu frumkvæðið og sáu um framkvæmdina.

Það ber heldur ekki gott vitni um samstöðu innan meirihlutans þegar einum fulltrúa af sex er haldið utan við stórar ákvarðanatökur um leið og lagt er á ráðin

afgreiðslu mála getur hver og einn bæjarfulltrúi tekið skynsamlega og upplýsta ákvörðun og greitt atkvæði í ljósi þess. Því fylgir töluverð vinna og ábyrgð að gegna trúnaðarstörfum fyrir sitt sveitarfélag. Eðlilegast þætti mér að deila þeirri ábyrgð til allra þeirra framboða sem hljóta kjör. Vald bæjarfulltrúa kemur frá fólkinu, íbúum bæjarins. Þeirra ábyrgð og skylda er að vinna af heilindum fyrir fólkið. Þeir verða að setja hagsmuni einstaklinga og flokka til hliðar og axla þá ábyrgð sem þeir eru kjörnir til.

Svaka búnaður í Titanium S
IPS öryggiskerfi
ABS hemlalæsisvörn með EBD
hemlajöfnun
4 öryggispúðar
2 öryggisgardínur
Diskabremsur á öllum hjólum
Festingar fyrir barnabílstóla
Leikastýring með

Samlit hurðarhandföng
Leðurklætt stýrishjól
Opnun/lokun rafdrifinna rúða
með fjarstýringu
Sport útlit á framsætum
Gardína yfir
faragursrými
Þvottakerfi

á aðalljósum
Svaka búnaður í Titanium S
Áláferð í

mælaborði
Titanium S leðuráklæði
á slitflötum

17" Titanium S
Fatahankar
Verksmiðjurnar

skoðu greiðslukjörin

**nýttu verðmætin
í gamla bílnum
við kaupum hann
kaupir þú nýjan**

komdu í kaffi á milli kl. 12 og 16

visthæf skref
með Brimborg

sérstakt

Þorratilboð

Verð áður 6.990.000 kr.

Verðlækkun -900.000 kr.

Ford Kuga Titanium S AWD:

6.090.000 kr. sjálfskiptur

Mjög gott verð á beinskiptum einnig eða frá 5.390.000 kr.

Eldsneytisnotkun:

frá 5,1 l/100km í langkeyrslu

Spyrðu um greiðslukjörin

**verðlækkun
-kr.900.000**

Brotin fjölskylda eða betra líf?

Samfélagsmál
Guðrún Karlsdóttir
 prestur



Að gifta sig er hamingja en að skilja er óhamingja. Eða hvað? Kannski er þetta frekar einhver veginn svona: Að gifta sig er yfirleitt hamingja en að skilja er alltaf erfitt. Hjónaskilnaðir eru ekki allir óhamingjusamir þó þeir séu alltaf erfiðir. Oft þýðir skilnaður betra líf, betri líðan fyrir flest eða öll í umhverfi parsins sem skilur.

Börn sem eiga fráskipaða foreldra eru ekki öll óhamingjusöm. Ætli þeim líði ekki jafn misjafnlega og börnum giftra foreldra eða foreldra í sambúð? Rannsóknir sem gerðar hafa verið á líðan barna sem eiga fráskipaða foreldra hafa sýnt að börnunum líður yfirleitt mun betur eftir skilnaðinn en með foreldrum sem ekki líður vel saman. Það segir sig reyndar sjálft.

Að þessu sögðu verð ég að segja að það að tala um að börn komi frá „brotinu heimili“ eða „brotinni fjölskyldu“ vegna þess að foreldrar þeirra hafa skilið er í besta falli virðingarleysi og alltaf niðrandi.

Við vitum að það sem brotnar er sjaldan hægt að líma, ef það gengur þá sjást sprungurnar

yfirleitt vel og hluturinn verður aldrei jafn góður og fallettur og áður. Er ekki svolítið sérkennilegt að líkja heimili og fjölskyldum nær helmings allra barna, í það minnsta, við brotinn hlut?

Það sem er brotið er ekki gott. Og ef við segjum að barn komi frá brotnu heimili eða brotnum bakgrunni þá gerum við lítið úr fyrstu árum þessarar manneskju. Við dæmum auk þess með því framtíðarmöguleika barnsins.

Ég sting upp á því að við, árið 2012, hættum að tala um brotin heimili og setjum ekkert í staðinn. Barn getur átt fráskipaða foreldra en það þarf ekki að þýða að heimili þess hafi brotnað. Það beygðist sjálfsagt eitthvað og beyglaðist kannski en þannig er lífið. Svólítið beyglað og aldrei fullkomið. Ég tel að virðingarverðast sé að hætta að alhæfa og tala frekar um að foreldrar hafi skilið en ekki leggja meiri skilning í það en nauðsynlegt er. Skilnaður þýðir ekki endalok heimsins. Skilnaður getur jafnvel þýtt nýtt og betra líf.

Að gifta sig er yfirleitt hamingja en að skilja er alltaf erfitt. Við erum alin upp við ævintýrleg endalok, eigum að lifa hamingjusöm til æviloka en ekki bara í 12 ár, 20 ár eða 3 ár, skilja þá og gifta okkur kannski aftur síðar. Eða ekki.

Í prestsþjónustu minni hitti ég mikið af fólki sem stendur frammi fyrir skilnaði. Algengt er að fólk komi seint í ráðgjöf og

lítið sé hægt að gera á þeim tíma til þess að laga sambandið/hjónabandið. Þegar svo er byggir ráðgjöfin að miklu leyti á því að leiðbeina fólki varðandi skilnaðinn, jafnt um praktísk atriði sem og úrvinnslu tilfinninga.

Merkilega lítið hefur verið rannsakað hvernig fólki sem gengur í gegnum hjónaskilnað gengur að vinna úr tilfinningunum, sorginni sem honum fylgir. Sorgin sem fólk finnur fyrir er ekki ósvipuð þeirri sem fólk gengur í gegnum þegar það missir maka sem á við hvort sem viðkomandi vildi skilja eða ekki. Sorgin getur síðan verið misjafnlega djúp.

Prestar og djáknar hafa mikla þjálfun í að vinna með fólki í sorg og sorgarhópar í kirkjum hafa reynst vel í kjölfar ástvinamissis. Nú eru einhverjir söfnuðir farnir að nýta sér þessa reynslu við úrvinnslu tilfinninga er tengjast hjónaskilnaðum. Sjálfstyrkingarhópar fyrir fólk sem hefur skilið hafa reynst vel. Þessi hópur er stór og lítið hefur verið í boði fyrir hann. Það er engin útför eða erfidrykkja eftir hjónaskilnað. Fólk sendir hinum fráskipaðu hvorki samúðarkort né blóm. Þrátt fyrir að nú sé árið 2012 erum við enn tilbúin til þess að líta á hjónaskilnaði sem okkar verstu mistök og þegjum þá reynslu helst í hel. Við áttum jú að lifa saman hamingjusöm til æviloka.

Menntun má tæta

Menntamáli

Brynja Dís Björnsdóttir
 móðir barns í grunnskóla



Tilraunir sveitarfélaga til að treysta fjárhagsstöðu sína og draga úr útgjöldum hafa falist í fækkun skóla, sameiningu skóla, niðurskurð til skólamála, myndun nýrra skóla með samfléttingu á grunn-, leik- og tónskólum og fækkun starfsfólks í grunnskólum landsins. Skólarnir hafa þurft að taka á sig stærstan hluta þess niðurskurðar sem sveitarfélögin hafa stýrt. Nú er komið að sársaukamörkum, sveitarfélögum landsins mun verða ljóst að skólarnir geta naumast starfað með þann litla stuðning sem þau fá frá sveitarfélögunum.

Forsenda skólustarfs verður og er alltaf starfsfólkið og á því hvílir mikil ábyrgð nú þegar sveitarfélögin hafa svelt skólana nær viðstöðulaust í fjögur ár. Fjármagn til skólamála þarf að aukast verulega svo skólarnir nái að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum og kröfum samfélagsins í dag til skólanna. Smám saman mun skólustarfið og starfsfólk skólanna snúa vörn í sókn. Reiði fólksins mun ná hámarki vegna þess ómurlega hugarfars sem sveitarfélög hafa gagnvart skólum, nemendum og menntun þeirra.

Von skóla í dag er tormelt því sveitarfélögin eru ekki hætt niðurskurði, þau finna sífellt nýjar og sársaukafyllri leiðir til að ná fram sætum hagnaði í fjárhagsuppgjöri mánaðarins.

Nú geta skólarnir ekki tekið á sig meiri niðurskurð og sveitarfélög landsins verða að finna leiðir til að fjármagna skólustarfið og smám saman styrkja menntun í samfélaginu.

Ýmislegt neikvætt hefur verið sagt um ungmenni okkar og æsku landsins. Þessi umræða hefur oftan en ekki komið frá menntafólki sem sakar skólana um ófaglegt starf, getuleysi og vanhæft starfsfólk. Skólafólk er orðið langþreytt á fjandskap háskólamenntaðs fólks á störfum þeirra og skólustarfi í landinu. Umræða um skólana í landinu þarf að vera uppbyggileg og forðumalaus. Menntað háskólafólk á ekki að leyfa sér niðurrif grunnskólustarfs með orðum sínum og athöfnum vegna sinnuleysis sveitarfélaga. Umræðan nú í dag þarf að beinast að hlutverki og ábyrgð sveitarfélaga gagnvart menntun barnanna okkar. Sveitarfélög taka ómarkviss og vanhugsuð niðurskurðarskref undir gáleysislegu skjalli menntamannanna og háskólasamfélagsins.

Margt verður að breytast og það verður að setja fjármagn í menntun barnanna okkar. Það verður að gera skólana mikilvæga og sjá til þess að þeir geti uppfyllt kröfur nútímasamfélags um menntun.

Ræsitingd þjófavörn
 Rafmagnsstýri
 12v tengill í farangursrými
 Hæðarstilling á stýri með aðdrætti
 Hæðarstillanlegt ökumannssæti
 Mjóbaksstilling á ökumannssæti
 Farmfestingar í skotti
 Fjaropnun á afturhlera

Heimreiðarljós
 Tvískipt aftursæti, 60/40
 Akstursthöfva
 Frjókornasía
Svaka búnaður í Titanium S
 IPS öryggiskerfi
 ABS hemlalæsisvörn með EBD hemlajöfnun
 4 öryggispúðar
 2 öryggisgardínur
 Diskabremsur á öllum hjólum
 ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla
 ESP stöðuleikastýring með spólvörn
 MacPherson fjöðrun að framan
 Control Blade fjöðrun að aftan
 Taumottur að framan
 Armpúði með 2 glasahöldurum í aftursæti

Titanium S leðuráklæði á slitflötum
 17" Titanium S álfelgur, 235/55 R17
 LED ljós
 Vindskeið samlit á afturhlera
 Regnskynjari framrúðu
 Hraðastillir
 Upplýsingaskjári í mælaborði
 Baksýnispegill með sjálfvirkri dimmingu
 Hæðarstillanlegt farþegasæti að framan með mjóbaksstillingu
 Leðuráklætt handbrensuhandfang og gírstangarhnúður
 Blátónaðar rúður
 Taumottur að framan
 Armpúði með 2 glasahöldurum í aftursæti

Opnun/lokun rafdrifinna rúða með fjarstýringu
 Sport útlit á framsætum
 Gardína yfir farangursrými
 Þjófavörn
 Afturhlera
 Fatana
 Verksmiðjuyövern
 Rafmagnsstýri
 12v tengill í farangursrými
 Hæðarstilling á stýri með aðdrætti
 Hæðarstillanlegt ökumannssæti
 Mjóbaksstilling á ökumannssæti
 Farmfestingar í skotti
 Fjaropnun á afturhlera
 Heimreiðarljós
 Tvískipt aftursæti, 60/40
 Akstursthöfva
 Frjókornasía
Svaka búnaður í Titanium S
 IPS öryggiskerfi
 ABS hemlalæsisvörn með EBD hemlajöfnun
 4 öryggispúðar
 2 öryggisgardínur
 Diskabremsur á öllum hjólum
 ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla
 ESP stöðuleikastýring með spólvörn
 MacPherson fjöðrun að framan
 Control Blade fjöðrun að aftan
 Taumottur að framan
 Armpúði með 2 glasahöldurum í aftursæti

Sá langflottasti...

Nýttu þér Þorratilboðið í dag:
 Titanium S er langflottasta gerðin af Ford Kuga. Nú færðu þessa finu gerð á lægra verði en áður. Nýir og betri samningar við framleiðandann skýra muninn. Munurinn er í þessu tilviki heilar níuhundruðþúsund íslenskar krónur! Nýttu þér þetta tækifæri. Sláðu til, við kaupum af þér gamla bílinn kaupir þú nýjan. Komdu í Brimborg í dag.

Vertu í hópi þeirra bestu. Hönnun Ford er gegnheil og tekur mið af þér og þínum, allri fjölskyldunni - stórum sem smáum. Spyrðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar. Nýttu þér Þorratilboðið: seldu okkur gamla bílinn þinn og kaupu Ford Kuga Titanium S AWD. Veldu Ford. Komdu í Brimborg í dag.

Kauptu bara góða og sparneytna bíla. Skoðuðu ford.is. Kauptu Ford.

skoðu Þorratilboðið Opið 12-16

Öruggur staður til að vera á

000!

Hálf öld frá fyrstu brjóstastækkun

Fyrir daga sílikonpúðanna prófuðu lýtalæknar sig áfram í brjóstastækkunum með rassfitu og svömpum. Fyrsta brjóstastækkunin var gerð á Íslandi af Knúti Björnssyni lýtalækni á Landspítalanum árið 1967. *Sunna Valgerðardóttir* skoðaði sögu stækkaðra, og sumir segja fegraðra, brjósta.

B rjóstastækkunir hafa verið vinsælar meðal kvenna í hinum vestræna heimi í hálfra öld. Á hverju ári láta hátt í þúsund íslenskar konur stækka á sér brjóstin í fegrunarskyni og svo virðist sem fjöldinn hafi farið hækkandi á síðustu árum. Ekki þarf að hafa orð á því mikla umstangi sem hefur orðið á síðustu vikum í kringum PIP-sílikonmálið svokallaða, en nú bíða hundruð kvenna eftir að gallaðir brjóstapúðar verði fjarlægðir úr líkama þeirra á kostnað ríkisins.

Knútur Björnsson framkvæmdi fyrstu brjóstastækkunina í fegrunarskyni hér á landi. Það var á Landspítalanum árið 1967. Hann lét af störfum sem lýtalæknir fyrir tólf árum, en fylgdist enn náið með umræðunni í samfélaginu og þá sér í lagi því sem hefur átt sér stað í kringum PIP-brjóstapúðana.

Knútur er fæddur árið 1930 og fékk almennt lækningsálf á Íslandi árið 1962. Snemma á ferlinum ákvað hann að gerast lýtalæknir og fluttist til Malmö í Svíþjóð þremur árum síðar til að hefja nám við lýtalækningadeild ríkissjúkrahússins í borginni.

Brjóstastækkunaraðgerðirnar sem gerðar voru á spítalanum voru töluvert tilraunakenndari á þessum árum en þær eru í dag, að sögn Knúts.

1965. „Ég byrjaði sjálfur að gera brjóstastækkunir um leið og ég kom aftur heim.“ Knútur fluttist á ný til Íslands í júlí árið 1967 og hóf störf á Landspítalanum. „Ég er fyrsti lýtalæknirinn á Íslandi sem stækkaði brjóst kvenna með púðum. Það var ég sem kom með þetta til landsins. Og ég gætti þess að vera alltaf með hreint sílikon í púðunum.“

Þessar fyrstu brjóstastækkunir á Íslandi gengu þó ekki slysalaust fyrir sig. Knútur útskýrði alltaf vel fyrir þeim konum sem óskuðu eftir stærri brjóstum að líkaminn gæti hafnað púðunum. Á þessum árum var hlutfall þeirra kvenna sem lentu í vandræðum vegna þessa allt að 35 prósent. Það var þó komið niður í þrjú til fjögur prósent þegar Knútur hætti störfum árið 2000.

„Mér finnst það ekki hafa komið nægilega vel fram að það getur alltaf gerst að líkaminn hafni aðskotahlutum sem í hann eru settir,“ segir Knútur. „Í slíkum tilvikum getur myndast bandvefshjúpur í kringum púðana og þegar frá líður getur brjóstið orðið hart. Þá getur vefurinn jafnvel sprengt púðann. En gæði púðana fóru hratt batnandi svo að höfnunin varð mun óalgengari.“

Knútur hefur ekki tölu á því hversu margar brjóstastækkunir hann hefur framkvæmt á ferli sínum. „Svakalega margar. Þær eru mörg, mörg hundruð. Ég



KOM MEÐ BRJÓSTASTÆKKANIR TIL LANDSINS Knútur Björnsson var fyrsti lýtalæknir landsins til að stækka brjóst á konu í fegrunarskyni. Aðgerðirnar urðu vinsælar í lok sjöunda áratugarins og í dag láta hátt í þúsund konur stækka á sér brjóstin á ári hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



SPRUNGNIR PIP-PÚÐAR FJARLÆGÐIR Lýtalæknir í Venesúela skoðar sjúkling sinn áður en hann fjarlægir sprungna PIP-púða úr brjóstum hennar. Alls hafa 105 íslenskar konur með PIP-púða látið skoða brjóst sín og eru púðarnir sprungnir hjá 71 konu. Talið er að um 440 íslenskar konur séu með púðana í brjóstum sínum.

NORDICPHOTOS/AFP

„Petta var öðruvísi þegar ég var að byrja. Þá tókum við stóran bita úr rasskinninni á konunum, þar sem rassinn mætir lærinu, og settum í brjóstin. Við gerðum þannig aðgerðir á þó nokkrum konum.“

„Petta var öðruvísi þegar ég var að byrja. Þá tókum við stóran bita úr rasskinninni á konunum, þar sem rassinn mætir lærinu, og settum í brjóstin. Við gerðum þannig aðgerðir á þó nokkrum konum. Það leit vel út til að byrja með, en fór hins vegar í hálfgerða vitleysu og veltist eitthvað til. Brjóstin aflöguðust og urðu skrytín í laginu þegar frá leið, svo við þurftum að taka allt út. Þá reyndum við að nota Ivalone-svamp. Það var sérstakur svampur sem við fengum sendan í kubbum og snyrtum til þar til manni fannst hann líta út eins og brjóstafylling. Úr urðu voða fín brjóst til að byrja með, en svo fór að verða bölvæð vesen í kringum þetta. Það komu göt og það fór að vessa út úr þessu, svo við ákváðum að hætta að nota svampana,“ segir Knútur.

Hann segir að þetta hafi allt reynst frekar mislukkað þegar frá leið og það hafi ekki verið fyrr en sílikonið kom á markaðinn að ástandið lagaðist. Prófessorinn hóf að setja það í konur í lok ársins

gerði svo mikið af þessu að ég lenti í öllum fjandanum, alls konar erfiðleikum og veseni þegar líkamar kvennanna höfnuðu púðunum. Maður þurfti að taka þá út og setja inn nýja, alls konar vesen. En mjög oft gekk þetta virkilega vel,“ segir hann.

Um 150 konur voru á biðlista eftir brjóstastækkunaraðgerð hjá Knúti á Landspítalanum þegar ný reglugerð um greiðslur fyrir sjúkratryggða vegna lýtalækninga tók gildi. Það var 1. mars árið 1991 og þar sagði að sjúkratryggingar greiddu einungis kostnað vegna lýta-skurðlækninga, en ekki fegrunarskurðlækninga.

„Brjóstastækkunir urðu vinsælar um leið og ég kom til Íslands. Auðvitað borguðu Sjúkratryggingar með þessu svo konurnar þurftu bara að kaupa púðana, aðgerðin sjálf var ókeypis. Í þá daga gat maður gert alls konar lýtalækningar á Landspítalanum; andlitslyftingu, eyrnaaðgerð, augnlokkaaðgerð, brjóstastækkun, fitusög, þetta var allt undir tryggingun-

um. Svo varð svo mikil eftirspurn eftir þessu að tryggingarnar hættu að taka þátt í svona,“ segir Knútur.

Lýtalæknar landsins leystu þó úr þeim vanda sem fylgdi því að tryggingarnar hættu þátttöku í fegrunaraðgerðum á Landspítalanum með því að fara út í einkarekstur.

„Auðvitað kom svolítið hik á viðskiptin þegar þessar breytingar voru gerðar. En þá fórum við bara að gera þetta á einkastofum. Í brjóstastækkunaraðgerðum fór konan þá bara heim um kvöldið, því aðgerðin sjálf er ekkert voðalega mikið mál. Maður er fljótur að þessu, kannski hálf tíma til 40 mínútur ef það gengur vel.“


Þrátt fyrir að tólf ár séu síðan Knútur lét

af störfum hefur hann fylgst með umfjöllun fjölmiðla að undanförunu um PIP-brjóstapúðana. Hann segir umræðuna hafa verið leiðinlega. „Þeir sem bjuggu til þessa púða eru glæpamenn. Kostnaðurinn ætti auðvitað allur að lenda á franska ríkinu,“ segir hann. „En ég veit auðvitað ekkert hvernig þetta fer. Mér finnst það voðalega vel gert af stjórnmálum að bjóða þessum konum að láta fjarlægja púðana. En svo vilja þær auðvitað flestar fá nýja púða, en það verður bara að vera ný aðgerð sem verður á þeirra eigin kostnað. Ég skil hins vegar fullkomlega ef lýtalæknar í landinu vilja ekki að púðarnir verði allir teknir út á Landspítalanum. Því í dag er nú ekki mikið eftir af lýtalæknum þar.“

■ FYRSTA BRJÓSTASTÆKKUNIN VAR ÁRIÐ 1962

Árið 1962 ákvað Timmie Jean Lindsey, 25 ára kona úr verkamannastétt í Texasríki, að gerast tilraunadýr fyrir lýtalækna. Hún varð fyrsta konan til að fá sílikonfyllingar í brjóst sín og hefur greint frá sögu sinni víða í fjölmiðlum erlendis, meðal annars á BBC og Daily Mail.

Timmie var nýskilin við ofbeldisfullan eiginmann sinn og stóð í ströngu við að ala upp börn sín og halda heimili. Hún segist hafa verið plötud í aðgerðina, sem hún hvorki skildi tilganginn með eða hvernig yrði framkvæmd. Eins og við var að búast komu alls kyns fylgikvillar eftir aðgerðina; sársauki og óeðlileg bandvefsmýndun og eftir tvö ár voru brjóst Timmie orðin hörð og aflöguð. Hún lét þó ekki fjarlægja púðana og er með þá



Brjóst Timmie fyrir aðgerðina, tveimur mánuðum eftir aðgerð og svo tveimur árum síðar.

enn þann dag í dag, 75 ára gömul og orðin langamma. Hún býr enn í Texas.

Á hverju ári eru um sex þúsund brjóstastækkunir framkvæmdar í Bretlandi, sem er ekki mikið samanborið við þær þúsundir sem gerðar eru hér á landi. Í Bandaríkjunum ákveða um 330 þúsund konur ár hvert að leggja undir hnífina til að fá sér stærri brjóst.



Timmie Jean Lindsey var 25 ára einstæð móðir í Texas þegar hún ákvað að gerast tilraunadýr fyrir lýtalækna og fór í brjóstastækkun fyrst kvenna. Hún er 75 ára í dag, enn með sílikonpúða í brjóstunum.





VILDARBÖRN ICELANDAIR

FERÐASTYRKIR VILDARBARNA ICELANDAIR:
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 1. MARS

Styrkir verða veittir til barna á aldrinum 6–16 ára

Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is. – Úthlutað verður úr sjóðnum sumardaginn fyrsta, 19. apríl 2012. Umsækjendur sem hafa ekki fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.

Leggðu þitt af mörkum til Vildarbarna með Icelandair

Farðu á vildarborn.is og sjáðu hvernig þú getur hjálpað börnum að fara í draumaferðina sína.

+ Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is



Vildarborn Icelandair

ICELANDAIR 

VILTU VINNA 100.000 kr Í SKÚTUVOGI?

VILTU VINNA 100.000 kr?

Fylltu út seðilinn og komdu með hann til okkar **um helgina** og þú gætir unnið 100.000 kr. gjafabréf!

Nafn:

Netfang:

kt:

Vinningshafi fær tölvupóst 15 febrúar n.k.



Skrá mig í Kjaraklúbbinn

Kjaraklúbburinn veitir þér afslátt og sértíloð af 40.000 vörum, sjá nánar á husa.is



VERKFAERA KYNNING í Skútuvoði

Sérfræðingar
Húsasmiðjunnar kynna
það allra nýjasta
í verkfærum

í dag

kl.13:00-15:00

ÖLL
WORX
verkfæri
20%
afsláttur
um helgina



tilboð

7.695
~~10.295~~

Slípirokkur Hitachi
580W, 125 mm.
5247394

HITACHI

tilboð

7.995
~~9.495~~



Jotaproff
10 ltr, innimálning.
7119866-74



7.995

Hillurekki Raxa Power
Fimm hillur, 180x90x45 cm
Burðarþol 175 kg.
5803665

Kaffi Garður Skútuvoði
Pylsa eða
pizza og kók



199kr

opið til kl. 17 um helgar.

LÁGT VERÐ FYRIR ALLA

Vörutrilla
Burðarþol
150kg.
5080150



5.995

VERÐ
VERND

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR

8.249

VERÐ
VERND

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR



Ryksuga
Powerplus, 1200W, 20ltr
5247007



4.995

VERÐ
VERND

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR

10 ltr.
Innimálning
10 ltr. beinhvít.
7119963

995

VERÐ
VERND

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR



Máningarbakki
og rúlla
7014822

3.990

VERÐ
VERND

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR



Útiljós
6010735

5.995

VERÐ
VERND

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR



Hjólátjakkur
lyftigeta 2t.
5023979

1.649 kr/m²

VERÐ
VERND

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR



Bilskúrsflís 33x33 cm
Frostþolin.
8600685

2.995

VERÐ
VERND

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR



Búkki
Stíllanlegur, ber 200 kg.
5079913

10 stk.

690,-

VERÐ
VERND



Perur Osram
Glóperur glærar.
10 stk. í pakka.
6187042



HÚSASMÍÐJAN



VILJA FÓSTRA VERÐMÆTI ÍSLANDS Andri Snær Magnason og María Ellingsen vilja breyta hugsunarhætti Íslendinga. Þau segja miðhálandi Íslands verðmæta auðlind sem best verði nýtt með friðun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Er um löngu búin með kvótann

Engin kynslóð hefur rétt á að ákveða **fram tíðarskipan í virkjanamálum** segja Andri Snær Magnason og María Ellingsen sem bæði eru í stjórn Framtíðarlandsins. Þau segja nóg hafa verið virkjað á Íslandi og vilja nýta landið á annan hátt, til dæmis með verndun. *Sigríður Björg Tómasdóttir* ræddi við þau um náttúru og nýtingu, rammaáætlun og raunsæjar áætlanir.

Íslendingar eru búnir að virkja fimm sinnum meira en þjóðin notar, 90 prósent orkunnar eru seld lágu verði til stórfyrirtækja sem flytja hagnaðinn úr landi. Hagnaður orkufyrirtækjanna er hins vegar lítil. Maður getur því ekki annað en velt fyrir sér hvort lausnin felist í því að halda áfram á þessari sömu braut virkjana eða hvort leita beri annarra lausna,“ segir Andri Snær Magnason rit-höfundur.

Hann og María Ellingsen, leikari og leikstjóri, sitja bæði í stjórn Framtíðarlandsins, grasrótarsamtaka sem stofnuð voru í aðdraganda Kárahnjúkavirkjunar og hafa starfað síðan. Samtökin beittu sér gegn Kárahnjúkavirkjun og hafa verið gagnrýnin á umræður um aðra virkjanakosti. Nú þegar fyrir liggur rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um vernd og nýtingu náttúrusvæða er fyllsta ástæða að mati félagsins að hefja á ný gagnrýna umræðu um virkjanaáform, í nálægri og fjarlægri framtíð.

Nýtum brot af orkunni

„Auðvitað er mjög gott að það sé horft til lengri tíma eins og gert er með rammaáætluninni og jákvætt að Torfajökulssvæðið, Djórsárver og Kerlingarfjöll falli í verndarflokk. En stundum finnst manni að þeir sem eru að hlutast til um þessi mál gleymi því að þeir eru bara manneskjur staddar á ákveðnu tímabili í Íslandssögunni. Ég hitti um daginn grunnskólakrakka, var að lesa fyrir þau og ræða málín. Þau hafa ekkert að segja um þessar ákvarðanir sem er verið að taka núna. Út frá heimspekilegu sjónarmiði veltir maður fyrir sér hvort einhverri kynslóð sé stætt á því að taka svona stórar ákvarðanir. Það er nefnilega látið eins og það sé verið að taka endanlega ákvörðun um framtíð landsins núna, svona svipað eins og þegar nýlenduherrar voru að skipta Afríku niður í lönd,“ segir Andri Snær.

María bendir á að nýting orkunnar eigi sér líka hliðstæðu í sögu Afríku. „Nýtingin á jarðvarmaorkunni sem er verið að



Punkturinn er sá að ef að við, sem veiðum tvö prósent af öllum fisk í heiminum og öflum fimm sinnum meiri orku en við þurfum, getum ekki lifað góðu lífi af þessum auðlindum þá er jörðin óbyggileg.

afla núna minnir á þegar fílar voru veiddir út af tönnum. Við nýtum ekki nema brot af því sem við erum að afla, eða um 10 til 15 prósent. Það er svona svipað eins og við færum út á sjó og hentum 85 prósent af aflanum. Það kemur alls ekki heim og saman við þær fullyrðingar að jarðvarmavirkjanir séu sjálfbærar og grænar. Þær eru það alls ekki, þetta eru jarðvarmanámur sem tæmast hratt ef þær eru nýttar eins og við gerum eða á 30 til 50 árum. Ekki má svo gleyma menguninni sem hlýst af þeim og er hættuleg heilsu þeirra sem búa nálægt þeim. Allt tal um sjálfbærni og græna orku er því ákveðinn blekkingarleikur.“

Orðræðan er mikilvæg

Orðræða í tengslum við virkjanir og nýtingu orku er Framtíðarlandinu mjög hugleikið. „Við höfum sérstaklega verið að skoða það hvernig orð eru notuð í tengslum við þessi mál. Sem dæmi þá er alltaf talað um verndun náttúrunnar annars vegar og nýtingu hins vegar eins og á bak við þær sé annars vegar fólk sem vill halda að sér höndunum, og hins vegar nýtið og framtakssamt fólk. Þessu þurfum við að vera vakandi fyrir. Ómar Ragnarsson stakk upp á að tala um verndarnýtingu sem and-

heiti orkunýtingar, það væri líka hægt að tala um friðunarauðlind versus orkuauðlind. Við þurfum að fikra okkur áfram með þetta því orð eru mjög máttug.“

Verndun svæða þarf nefnilega alls ekki að þýða að þau séu til einskis nýt eins og þau María og Andri benda á. Þau vilja, eins og félagar þeirra í Framtíðarlandinu og öðrum náttúruverndarsamtökum á Íslandi, að miðhálandi Íslands verði gert að þjóðgarði. „Það að eiga svæði eins og miðhálandið ósnortið er mikil auðlind,“ segir María. „Miðhálandið er í rauninni ekki svo stórt svæði, þó mörgum finnist annað,“ bætir Andri Snær við. „Þetta eru um 200 kílómetrar sinnum 200 og í raun ein viðkvæm heild, sem ber að vernda fyrir mannvirkjum en nýta til annars.“

Ferðamennska getur verið skrímsli

Þegar hugmyndir um þjóðgarða eru viðraðar benda margir á að ferðamönnum sem þeim er ætlað að höfða til fylgi óhjákvæmilega mikið umhverfisrask. „Auðvitað fylgir eitthvert rask ferðamönnum. En við verðum að taka á því eins og góð húsmóðir gerir, taka vel á móti gestum og byggja upp góða aðstöðu til þess og sýna fyrirbyggju,“ segir María.

„Ferðamennska getur í sjálfu sér verið mesta skrímsli í heimi. En það er hægt að þróa hana í ýmsar áttir. Við getum notað ferðamenn sem farveg til að auka gæði okkar sem hér búum. Ég get tekið dæmi af Perlunni. Við getum ákveðið að reisa þar hótél sem nýtist þá ferðamönnum, en Reykvíkingar geta ekki notið. Eða við getum komið Náttúrugripasafni þar fyrir, safni sem myndi auka gæði okkar sem hér búum og er um leið áhugavert fyrir ferðamenn. Landið okkar er eftirsóknarverður áfangastaður sérstaklega á sumrin, og það er nóg pláss á flestum stöðum. Maður getur til dæmis alveg lent í því að vera nánast einn í Skaftafelli um miðjan júlí. Og þar hafa verið gerðir stígar að áhugaverðum stöðum, og gönguferðir eftir þeim þýða því ekki rask fyrir umhverfið. Það er hins vegar spurning hvort ætti að rukka inn á svo vinsælan stað eins og Landmannalaugar í júní og júlí,“ segir Andri Snær.

Til að hnykkja á sjónarmiðum sínum um framtíð og stefnu Íslands hefur Framtíðarlandið sett nýjan vef í loftið. Þar er meðal annars að finna Náttúrukortið, Íslandskort þar sem merktar hafa verið inn helstu

■ HVER Á ORÐIÐ?

Meðal verkefna Framtíðarlandsins er að skoða og greina orðræðu samtímans. Á heimasíðu samtakanna segir: „Hver á orðið er verkefni þar sem orðræðan er skoðuð og lagfærð. Orða- og hugtakasafninu er ætlað að skemmta og fræða og draga athyglina að orðum og orðanotkun og valdi orðanna.“

Til að vekja athygli á verkefninu var hannað veggspjald sem sjá má hér til hægri. Hönnuður þess er Sóley Stefánsdóttir en myndirnar eru teknar af henni og Mats Wibe Lund.

www.framtidarlandid.is



náttúruþerlur landsins, oft sömu staðir sem eru til umfjöllunar í áður nefndri rammaáætlun. Hægt er að fá nánari umfjöllun um þá með því að smella á tákn, fróðleikur og myndir birtast þá á skjánum. „Okkur hefur alltaf fundist skorta upplýsingar um þá staði sem eru í umræðunni sem mögulegir virkjanastaðir. Og reyndar hefur stundum verið eins og minnst þekkt örnefni sé vísitandi valið til að villa um fyrir fólki. Kárahnjúkavirkjun til dæmis hefði átt að heita Snæfellsvirkjun eftir mest áberandi kennileitinu á svæðinu. En kortið á að bæta úr þessum ruglingi og er mikið samvinnuverkefni fólksins í Framtíðarlandinu,” segir Andri Snær og bætir við að eflaust hefði vinnan við vefinn kostað tugi milljóna ef hann hefði verið settur upp í launavinnu. „Markmiðið er að fólk geti fengið heildarsýn yfir verðmætin sem felast í náttúru Íslands og verið meðvitað um þau átök sem þessi auðlind okkar er,” segir María.

Kárahnjúkar misheppnuð fjárfesting

Kárahnjúkavirkjun er sláandi dæmi um hve misheppnað það getur verið að fjárfesta í virkjunum, hvernig sem á það er litið að mati þeirra Andra Snæs. „Alcoa ætti vitanlega að borga miklu meira fyrir orkuna en fyrirtækið gerir. Ef reiknaður er út allur kostnaður við rekstur verksmíðjunnar þá kemur í ljós að hagnaður fyrirtækisins er upp á 40 til 50 milljarða á ári og þeir eiga eftir að borga upp verksmíðjuna sína á tveimur til þremur árum. Landsvirkjun á hins vegar eftir að fá sína fjárfestingu til baka á 40 árum í fyrsta lagi. Skiptin eru algjörlega fáránleg,” segir Andri Snær. „Og þá erum við ekki farin að fjalla um hversu síðferðislega rangt það er að eyða 90 prósentum af lífríki Lagarfljótsins,” bætir hann við. „Það er líka athyglisvert að okkur finnst sjálfsagt að drepa einn stærsta sjálfbæra laxastofn í heimi eins og gert verður ef Urríðafossvirkjun verður sett á laggirnar, þar koma 10.000 laxar á land ár hvert.“

Upplýsingamiðlun er því sem fyrr sagði afar mikilvæg. Og Framtíðarlandið er tilbúið að blása í lúðrana eftir nokkur ár sem það hefur farið frekar hljóðlega. „Við höfum starfað sleitulaust frá árinu 2006, haldið landshlutningum um hugmyndir og nýsköpun, boðið hingað erlendur fyrirlesurum, verið með umræðufundi um mikilvæg samfélagsmál en stundum erum við neðanjarðar og svo birtumst við á yfirborðinu þess á milli. Við áttum til dæmis þátt í því að búa til þjóðfundinn 2009 sem hefur leitt af sér fjölmarga aðra þjóðfundi þar sem víska fjöldans og hugmyndir fá að blómstra, en þátttaka okkar var aukaatriði í samanburði við það að fólk í landinu steig þarna fram. Okkar takmark er að fóstura verðmæti Íslands, með einum eða öðrum hætti og vera hugmynda-veita um samfélagslega nýsköpun,” segir María.

Þarf ekki að virkja meira

Frekari virkjanir eru ekki samfélagsleg nýsköpun segja þau og leggja áherslu á að það þurfi ekki og eigi ekki að virkja meira. „Okkar kynslóð er búin með kvótann, svo einfalt er það. Það þarf ekki að virkja meira og jafnvel þó að orkugjafir fyrir bíla myndu breytast þá er næga orku að hafa hér nú þegar. Það er til dæmis hægt að sækja orku sem samsvarar hálfri Kárahnjúkavirkjun inn á kerfið okkar með því að breyta um tæki og búnað. Svo væri auðvitað hægt að endursemjja við stórfyrirtækin. Punkturinn er sá að ef við, sem veidum tvö prósent af öllum fisk í heiminum og öflum fimm sinnum meiri orku en við þurfum, getum ekki lifað góðu lífi af þessum auðlindum þá er jörðin óbyggileg. Við verðum að finna leiðir til þess að nýta það sem við höfum,” segir Andri Snær að lokum.

YFIRSÝN MEÐ NÁTTÚRUKORTI

Anýjum vef Framtíðarlandsins er að finna Náttúrukortið, kort sem veitir yfirsýn yfir þau svæði á Íslandi sem fyrirhugað er að nýta til orkuframleiðslu eða raska á annan hátt. Tekið er mið af niðurstöðum annars áfanga rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði en það eru iðnaðarráðuneytið og umhverfisráðuneytið sem hafa unnið að þessari útlístu nýtanlegra auðlinda.

Í rammaáætlun eru til umfjöllunar 80 virkjunarhugmyndir sem raðast í þrjá flokka, verndarflokk, sem hefur að geyma þau svæði sem ber að vernda, nýtingarflokk, þar

sem þau svæði sem má virkja eru og biðflokk, en í hann falla svæði sem skoða þarf betur áður en ákvörðun um vernd eða nýtingu er tekin.

„Til að skapa heildarsamhengi bætir Framtíðarlandið svo við flokknum virkjað sem felur í sér svæði sem þegar hafa verið virkjuð að hluta eða öllu,” segir á vef Framtíðarlandsins, www.framtidarlandid.is.

NÁTTÚRUKORTIÐ Upplýsingar, myndir og greinar um náttúrusvæði á Íslandi er að finna á Náttúrukorti Framtíðarlandsins. „Markmiðið er að fólk geti fengið heildarsýn yfir verðmætin sem felast í náttúru Íslands,” segir María Ellingsen.



Skráning
fer fram á
www.vi.is

Viðskiptaþing 2012 Hvers virði er atvinnulíf?

Miðvikudaginn 15. febrúar 2012 á Hilton Reykjavík Nordica

Ræða formanns Viðskiptaráðs

Tómas Már Sigurðsson

Hvers virði er makrill?

Þorsteinn Már Baldvinsson,
forstjóri Samherja



Hvers virði er sérstaða Íslands?

Jón Sigurðsson,
forstjóri Össurar



Hvers virði er hönnun?

Hugrún Árnadóttir,
framkvæmdastjóri Kron



Áætlun um
verðmætasköpun
og lífskjör



Útnefning
heiðursfélaga
Katrín Pétursdóttir

Hvers virði er ný flugleið?

Birkir Hólm Guðnason,
framkvæmdastjóri Icelandair



Afhending námsstyrkja
Katrín Jakobsdóttir, mennta-
og menningarmálaráðherra

Hvers virði er gagnaver?

Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania

Húsið opnar kl. 13:30 og pingið er sett kl. 13:45. Kaffihlé verður kl. 14:35,
auk þess sem boðið verður upp á léttar veitingar í lok þings kl. 16:20.

Sameiginlegur vettvangur íslensks viðskiptalífs í 95 ár



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE
1917-2012

KRÓNAN



- fyrst og fremst ódýr!



40% afsláttur

998 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísasnitser



40% afsláttur

998 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísagúllas

GRÍSAKJÖTSÚTSALA



Ódýrt!

598 kr. kg

Grísabógur



30% afsláttur

319 kr. kg

Verð áður ~~459~~ kr. kg
Grísaskankar



649 kr. pk.

Ferskar döðlur, 600 g



289 kr. kg

Blómkál



40% afsláttur

349 kr. kg

Verð áður ~~596~~ kr. kg
Mango



Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is



GRÍSAKJÖT

- fyrir þig og þína!



33%
afsláttur

998 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísakótilettur



30%
afsláttur

1598 kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg
Grísalundir

FRÁBÆRT VERÐ!



30%
afsláttur

698 kr. kg

Verð áður ~~998~~ kr. kg
Grísasíða, pörusteik



30%
afsláttur

559 kr. kg

Verð áður ~~798~~ kr. kg
Grísa Spare Ribs



Ódýrt!

698 kr. kg

Grísahakk



659 kr. stk.

Krónu bragðarefur, 1,33 l



499 kr. pk.

Coke og Coke Light, 4x1 l



89 kr. stk.

Pepsi, Pepsi Max og
Egils appelsín, 0,5 l



KÍKTU Á
kronan.is
- meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar
á www.kronan.is

LÍF Í SÁTT OG SAMLYNDI VIÐ UMHVERFIÐ

Taktu nokkur skref í átt að umhverfisvænni neysluvenjum...

1. Eitt í einu

Þú gerist varla fullkomlega umhverfisvænn neytandi í einni innkaupaferð. Skiptu út óumhverfisvænni matvöru sem þú kaupir venjulega fyrir aðra umhverfisvæna í hvert sinn sem þú verslar inn til heimilisins.



2. Lærðu að lesa

Flestir vildu glaðir takmarka inntöku auka- og eiturefna en vita ekki hvernig á að þekkja þau. Ættirðu kannski ekki að forðast mononátríumglútamat? Eina ráðið við þessu er að læra að lesa innihaldslýsingar. Smám ferð þú að rata í gegnum frumskóg rotvarnarefna, litarefna, bindiefna og annarra aukaefna sem þú vilt forðast.



3. Reyndu að kaupa lífrænt

Það er ekki til umhverfisvænni ræktun en lífrænt og því er það besta sem þú getur gert fyrir náttúruna að velja lífrænt frekar en annað. Íslendingar geta almennt ekki stært sig af því að hafa yfirgripsmikla þekkingu á náttúruvænum framleiðsluaðferðum, en neytendur hér á landi gera yfirleitt ekki kröfur um vottaðar vörur. Því þarf að breyta.



4. Og helst líka íslenskt

Spáðu í hvaðan varan þín kemur. Kannski þurfti lífræna varan sem þú varst að kaupa þér að ferðast yfir hálfan hnöttinn til að komast til þín. Það er mun betra fyrir jörðina ef þú velur vöru sem er framleidd nær þér. Hugsaðu um heildarmyndina og veldu frekar íslenskar vörur, að því gefnu að gæðin séu góð.



5. Láttu ekki gabbast

Jafnvel þau stórfyrirtæki sem hafa hingað til ekki verið þekkt fyrir umhverfisvernd vilja gjarnan fá sinn skerf af umhverfisvænu kökunni sem fer sístækkandi. Sum þeirra kalla vörur sínar grænar og gefa í skyn á umbúðum að þær séu umhverfisvænar. Láttu ekki markaðsbrögð blekkja þig og leggðu viðurkenndar vottanir á minnið.



UMHVERFISVÆNIR LÍFSHÆTTIR:
Matvæli

...og hafðu augun opin fyrir þessum merkjum

6. Vottað lífrænt

Leitaðu eftir þessu merki ef þú vilt kaupa íslenska matvöru sem tryggt er að hafi verið framleidd með lífrænum aðferðum. Vottun Túns ehf. tekur ekki tillit til umhverfisáhrifa vörunnar eða umbúða en gefur til kynna að varan sé framleidd eftir ákveðnum lífrænum aðferðum.



7. BIO Siegel

Þetta er opinbert merki Þýskalands fyrir lífræna ræktun og er talsvert algengt á lífrænum vörum sem til eru hér á landi. Til að matvara fái að nota BIO-merkið þarf hún að innihalda í það minnsta 95 prósent lífrænt ræktuð matvæli.



8. Umhverfismerki ESB

Þetta er merki Evrópusambandsins fyrir lífræna ræktun. Nýlega hefur Evrópusambandið tekið ákvörðun um að allar lífrænar matvörur aðildarlanda sambandsins skuli bera þetta merki, sem ætti að einfalda neytendum valið í hafsjó merkinganna.



9. Svanurinn

Svanurinn er útbreiddasta umhverfismerki á Norðurlöndum. Matvæli eru ekki merkt svansmerkt, en fjölmargar vörur tengdar matvörum eru það og því fær hann að fljóta hér með. Svansmerktar vörur eiga alltaf að vera í hópi þeirra umhverfisvænstu á markaðnum.



10. Rainforest Alliance

Rainforest Alliance eru óháð samtök með þau meginmarkmið að varðveita lífræðilegan fjölbreytileika, sporna gegn eyðingu skóga og stuðla að sjálfbærni. Rainforest Alliance merkið má til dæmis sjá á kaffi, bönnunum og tei.



11. Fair Trade

Merkið á að tryggja að smáframleiðendur og smábændur frá vanþróuðum ríkjum fái sanngjamt verð fyrir vöru sína. Einnig er lögð áhersla á að vinna gegn hvers kyns misrétti, vinna á móti barnaþrælkun, hvetja til lífrænnar ræktunar og stuðla að sjálfbærni.



Fer ekki gegnum lífið í blindni

Eftir að hafa komist að því hvernig hefðbundnar matvörur eru búnar til sneri **Sirry Svöludóttir** sér að umhverfisvænni neyslu. Þessi lífræni bloggari sagði **Hólmsfríði Helgu Sigurðardóttur** frá því hvað rekur hana áfram í heilsusamlegu líferninu.

Lífræna lífsstíllinn uppgötvaði ég 16 ára gömul, í litlu eldhúsi fyrrum tengdamóður minnar í heimabænum mínum, Keflavík. Hún fór reglulega til Reykjavíkur til að kaupa voðalega sérstakan mat og hreinlætisvörur í brúnum bréfpoka merktum Yggdrasil. Í fyrstu skildi ég ekki í þessu en þegar hún sagði mér frá því hvernig hefðbundinn matur er búinn til fékk ég hálfgerð áfall. Ég hef ég ekki getað snúið við síðan,“ segir lífræni bloggari Sirry Svöludóttir. Í dag gegnir hún stöðu markaðsstjóra þessa fyrirtækis með brúnu bréfpokana, Yggdrasil, sem er heildsala og verslun með heilnæmar vörur. „Ég er algjörlega meðvitund um hvað ég set ofan í mig. Ég myndi ekki vilja fara í gegnum lífið í blindni, vonandi að öll þau eitrefni sem eru í kringum okkur hafi ekki skaðleg áhrif á mig. Ég vil reyna að takmarka þau eins og ég get til að auka líkurnar á að ég og fjölskyldan lifi heilbrigðari lengur. Ég vil líka reyna að gera mitt besta til að gera vel við náttúruna og umhverfið.“

Sirry hefur bæði hagsmuni sína og náttúrunnar að leiðarljósi þegar hún velur lífrænt. „Lífrænt ræktun byggist á því að framleiða hágæða matvæli án þess að skaða eða menga náttúruna með notkun tilbúins áburðar eða eitrefna á borð við skordýraeitur og íblöndunarefni sem menga bæði jarðveg, grunnvatn og að sjálfsögðu matinn sem verður að rækta. Í lífrænni ræktun eru erfðabreyttar lífverur bannaðar, en sú ræktun er óumhverfisvæn vegna þess að



EF ÉG VÆRI MARKAÐSSTJÓRI ÍSLANDS Ef Sirry Svöludóttir væri markaðsstjóri Íslands myndi hún leggja áherslu á að gera Ísland hið eina sanna græna land, með áherslu á lífræna ræktun, sjálfbærni og umhverfisvænt líf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hún krefst mun meira skordýraeiturs og áburðar en nokkur önnur ræktun og þar að auki er hún ekki sjálfbær.“

Hún segist alltaf dragast lengra inn í lífræna lífsstíllinn eftir því sem hún lærir meira um matvælaíðnaðinn. „Þegar ég byrjaði að velja lífrænar umfram ólífrænar matvörur var það vegna þess að ég vildi sniðganga auka- og eitrefnin í matnum mínum og borða meira af heilnæmum mat sem er ekki búið að blanda með saltlausnum, rotvarnarefnum eða vatni til að þyngra eða fegra. En svo vindur þessi lífsstíll upp á sig og maður gerist enn meðvitandi neytandi. Ég myndi til dæmis vilja leggja meiri áherslu á beint frá bónda, en það er erfitt hér á landi þar sem lítil sem engin áhersla er hjá stjórn-

völdum á að efla lífræna ræktun á Íslandi. Ef ég væri markaðsstjóri fyrir Ísland myndi ég leggja mun meiri áherslu á að gera Ísland hið eina sanna græna land, með áherslu á lífræna ræktun, sjálfbærni og umhverfisvænt líf.“

Sirry segist skynja mikla hugarfarsbreytingu og aukinn áhuga á umhverfisvænum lífsstíl. Hún trúir því að það muni leiða til þess að aðgengi fólks að heilnæmum vörum verði fljótlegra orðið enn betra. „Aðgengið á eftir að stórbatna þegar stórmarkaðir átta sig á að þessar vörur eiga heima í almennum hillum en ekki í sérstöku heilsuhornum,“ segir hún bjartsýn að lokum.

Hægt er að forvitnast um Sirry og hennar hollu venjur á vefsíðunni svoludottir.wordpress.com.

ÍSLENDINGAR ERU EFTIR Á

„Það er klárlega bæði meiri áhugi og þekking á umhverfisvænum vörum meðal íslenskra neytenda heldur en var fyrir nokkrum árum. Við erum samt enn nokkuð á eftir hinum Norðurlandabjóðunum.“ segir Brynhildur Pétursdóttir, fulltrúi Neytendasamtakanna.

Brynhildur ráðleggur neytendum að leita eftir vottuðum umhverfismerkjum á borð við svaninn en það er trygging neytandans fyrir því að varan hafi verið framleidd á eins umhverfisvænan hátt og kostur er. Í slíkri vottun felst einnig viss gæðastimpill.

Fáir íslenskir framleiðendur eru með lífræna vottun. Íslenskar landbúnaðarvörur eru sumar hverjar merktar vistvænum landbúnaði. Sú merking varð til fyrir um 15 árum, um það leyti sem lífræna bylgjan var að byrja. Í dag er ekkert eftirlit með henni og hún getur því ekki talist gildur gæðastimpill. Neytendasamtökin hafa aldrei verið ýkja hrifin af henni. „Okkur hefur fundist að íslenskir framleiðendur mættu leggja meiri áherslu á lífræna ræktun, í stað þess að búa til þetta millistig, sem heitir vistvænt. Að okkar viti ætti öll hefðbundin framleiðsla að vera mjög góð. Svo ætti bara að vera eitt lífrænt merki, sem allir vita fyrir hvað stendur. Það er ruglandi fyrir neytendur að hafa of mörg merki og skilgreiningarnar á bak við þau verða að vera á hreinu. Nú er Evrópusambandið búið að koma sér niður á eitt lífrænt lógó, og það verður til bóta. Mér sýnist almennt vaxandi áhugi á lífrænni



BRYNHILDUR PÉTURSDÓTTIR Segir Neytendasamtökin merkja meiri áhuga og meðvitund meðal neytenda þegar kemur að umhverfisvernd. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.ÍSS

ræktun, líka á meðal bænda, og í Evrópusambandinu er sífellt meiri áhersla lögð á matvælaframleiðslu í sátt við umhverfið.“

Brynhildur segir að neytendur geti fyrst og fremst stuðlað að bættu umhverfisvænu vöruframboði með aukinni meðvitund í innkaupum. Kaupa vottaðar vörur þegar þess gefst kostur, svo sem umhverfismerktar, fair trade eða lífrænt, og gefa þannig verslunar-eigendum skilaboð um áhuga sinn. „Á endanum snýst þetta allt um framboð og eftirspurn. Verslanir hafa margar staðið sig vel og eru flestar komnar með lífræna hornnúna, sem var ekki fyrir nokkrum árum. Það er líka tilvalið að nýta afsláttardaga. Ef fólk tekur við sér á slíkum dögum eru það skýr skilaboð til verslunarinnar.“

LÆKKAD
VERÐ!

KOMDU Á SKEMMTILEGUSTU LAGERÚTSÖLU ÁRSINS UM HELGINA

RISA LAGERÚTSALA EDDU OG SÖLKU

AÐ NORÐLINGABRAUT 12



ALLT AÐ 97%
AFSLATTUR!

Gerðu betri kaup
á bókum núna!

Verðdæmi!

- Syrpur á 490 kr.
 - Matreiðslubækur frá 490 kr.
 - Ferðabækur frá 990 kr.
 - Handavinnubækur frá 490 kr.
 - Ljóðabækur frá 490 kr.
 - Barnabækur frá 200 kr.
- Andrésblað fylgir öllum kaupum!

OPNUNARTÍMAR:
Föstudag 12-18
Laugardag 12-17
Sunnudag 12-17

VIÐ ERUM HÉR!

edda
www.edda.is





ÞÓR BREIÐFJÖRÐ SÖNGVARI OG LEIKARI „Ég var búinn að bíða allan daginn með nóturnar mínar og fékk svo bara að taka átta takta úr laginu sem ég ætlaði að syngja til að heilla dómendurna.“

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Línur sem ná beint til hjartans

Þór Breiðfjörð, söngvari og leikari, synti móti straumnum og flutti nýlega heim til Íslands eftir fjórtán ára útivist, lengst af sem leikari á West End í London. Hann á að baki um 1.000 sýningar af Vesalingunum og æfir nú draumahlutverkið í Þjóðleikhúsinu. Þór sagði *Gunnþóru Gunnarsdóttur* frá ferlinum, hamingjunni yfir að vera kominn heim og fá að ala soninn upp sem Íslending.

Mér þykir ákaflega vænt um að Þjóðleikhúsið skyldi sýna mér áhuga og hafa fylgst með störfum mínum erlendis, segir Þór Breiðfjörð, leikari og söngvari, þar sem við sitjum á gangi í starfsmannaaðstöðu Þjóðleikhússins með kaffi í krúsum og litlar piparkökur að maula. Þór er nefnilega að æfa aðahlutverkið í söngleiknum Vesalingunum eftir Victor Hugo sem frumsýndur verður í byrjun mars. Hann kveðst hafa farið í áheyrnarprufur eins og hver annar, enda sé um marga sterka söngvara að ræða í landinu.

Þór þekkir verkið vel, söng í Vesalingunum í tvö ár á West End í London og fór auk þess með sýninguna um Skandinavíu með öðrum norrænum söngvurum. „Í heild á ég um 1.000 sýningar að baki í Vesalingunum í fimm mismunandi hlutverkum. En Jean Valjean er draumahlutverkið. Victor Hugo, höfundur Vesalinganna, er Halldór Laxness Frakka og Jean Valjean er á pari við Jón Hreggviðsson í Íslandsklukkunni,“ segir Þór sem telur verkið kallast vel á við samfímann með öllum sínum byltingum, þótt það gerist á fyrri hluta 19. aldar. „Við erum með frábæran texta sem Friðrik Erlingsson rithöfundur hefur umort og er með orðum og línur sem ná beint til hjartans,“ segir hann. „Leikmyndin er líka ákaflega frumleg og ég held að opunaratriðið eigi eftir að verða stórbrotið og enn meira spennandi en á West End. Hér er mikill metnaður af allra hálfu, orka og gleði. Við erum eins og krakkar í nammibúð.“

Þór ólst upp í Reykjaskóla í Hrótafirði þar sem faðir hans var kennari. Hann hóf tónlistarferilinn á að læra á klassískt píanó og þrettán ára var hann kominn í skólahljóm sveit. „Marínó Björnsson smíðakennari spilaði í dansbandi og hjá honum lærði ég hljóma. Þá opnaðist fyrir mér heimur poppsins,“ rifjar hann upp.

Sextán ára settist Þór í Ármúlaskólann eins og margt utanbæjarfólk. „Það var mjög fint fyrir mig að fara í Fjölbraut í Ármúla,“ segir hann. Ég tók bæði mála- og náttúru-



ÞÓR OG ERLENDUR EIRÍKSSON Í VESTURPORTSÝNINGUNNI RÓMEÓ OG JÚLIÚ Á WEST END. MYND/EDDI

fræðibraut því ég gat ekki valið á milli en gekk vel að læra, auk þess var ég að vinna í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og í hljómsveit í skólanum. Við í FÁ vorum með Hótel Ísland sem okkar hátíðasal, þannig að án þess að ég vissi af fékk ég mikla þjálfun í að koma fram. Við hituðum upp fyrir Síðan skein sól og Sálina hans Jóns míns og einu sinni var ég í dúettinum Strandamenn sem söng Beach Boys lög. Það er til mynd af okkur í Salarjökkum að ofan og Bermúda-stuttbuxum að neðan. Verst að hún er eiginlega ónýtt.“

Þór var einn þeirra sem sungu í Hárinu 1994 ásamt mörgum öðrum sem þá voru að stíga sín fyrstu skref á frægðarbrautinni, Margréti Eir, Hilmi Snæ, Emilíönu Torrini, Pétri Erni, Ingvari E. Sigurðssyni, Margréti Vilhjálms, Matthíasi Matthíassyni, Baltasar Kormáki og fleirum. „Við vorum krakkarnir í Hárinu, alveg þrusuhópur,“ segir hann brosandí. „Í framhaldinu var mér boðið að syngja í Súperstar á móti Stebba Hilmars.“

En hvernig skyldi Þór hafa komist að á West End? „Ég var farinn að hugsa út á við og láta mig dreyma. Byrjaði samt á að fara í líffræði því ég er svona í endanum á þeirri kynslóð sem fannst músík ekki vera alvöru vinna. Þegar ég frétti af postgraduade námi í Arts Educational London Schools, sem er

Byrjaði samt á að fara í líffræði því ég er svona í endanum á þeirri kynslóð sem fannst músík ekki vera alvöru vinna.



MEÐ DEREK JACOBI LEIKARA AÐ AFLOKINNI FRUMSÝNINGU VESTURPORTS Á RÓMEÓ OG JÚLIÚ Á WEST END. MYND/EDDI


einn af stærstu leiklistarskólunum í London, sótti ég um með vídeó og fékk pláss. Þar gat ég verið bæði í leiklistar- og söngleikjadeild. Á þessum tíma var ég búinn að kynnast konunni minni, Hugrúnu Sigurðardóttur, og við ákváðum að skella okkur út. Á West End fékk ég inni í Súperstar, eftir geðveikt inntökupróf þar sem milljón manns mætti og tók númer. Ég var búinn að bíða allan daginn með nóturnar mínar og fékk svo bara að taka átta takta úr laginu sem ég ætlaði að syngja til að heilla dómendurna. Ég tók eitthvað úr Súperstar og endaði sem einn af lærisveinum. Þá fékk ég umboðsmann og allt fór að rúlla svo ég var samfelld ellefu ár á West End og víðar. Strákurinn okkar, hann Kristinn, fæddist 1998. Þá var ein sýning eftir af Súperstar og vika í að ég byrjaði í Vesalingunum. Reyndar fæddist hann svo fljótt að ég þurfti að taka á móti honum á heimili okkar, en það er önnur og lengri saga.“

Litla fjölskyldan bjó í fallegu ensku sveitahorpi með gömlum kirkjum, að sögn Þórs. „Það var yndislegt að vera þarna en fólkíð okkar heima var farið að toga. Samt langaði okkur í smá meiri ævintýri áður en við færum heim. Ég kynntist upptökustjóra í Kanada sem var hrifinn af tónlistinni sem ég var að búa til svo við fluttum til Kan-

ada og keyptum hús í Nova Scotia með átta hekturum í kring og breiðri á með silungi og laxi. Þetta var svona Johnny Cash fílingur. Ég gerði plötuna Running Naked sem var tilnefnd til ECMA verðlauna og mér var boðið að spila á ýmsum stöðum. Við höfðum það mjög gott, fengumst við þýðingar líka en söknudum reyndar leikhússins, því þarna er lítil leikhúsmenning. Maður sér hvað Reykjavík er ótrúleg borg í samanburði við til dæmis Halifax þar sem er bara eitt atvinnuleikhús sem er auk þess mikið með farandsýningar.“

Ástæðuna fyrir flutningnum heim til Íslands í ágúst 2010 segir Þór hafa verið heimþrá. „Við Hugrún viljum líka að sonur okkar alist upp sem Íslendingur. Áttuðum okkur á því að þegar hann væri orðinn tánungur færi hann að festast meira úti. Við hlökkum til að fara með hann um landið, bæði akandi og gangandi. Okkur finnst hann þurfa að læra hver okkar arfleifð er og tala íslensku eins og innfæddur þó að hann sé fæddur erlendis. Það gengur vel. Hann er í frábærum bekk í Kópavogsskóla, er hamingjusamur og elskar Ísland þannig að í augnablikinu njótum við þess öll að vera hér innan um ættingja og vini.“


Frekari upplýsingar um Þór er að finna á vefsetri hans, thorthemusic.com.



TÓNLIST
VERÐ FRÁ
999,-



TÓNLISTAR- & BÓKAMARKAÐUR



BARNA-
BÆKUR
VERÐ FRÁ
499,-



KILJUR
VERÐ FRÁ
499,-



Gildir til 16. febrúar eða á meðan birgðir endast.
Fáanlegt í Kringlu, Smáralind og Garðabæ, minna úrval í öðrum verslunum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Eldur, jörð, ást og tangó í Söngvakeppni Sjónvarpsins

Úrslitakvöld **Söngvakeppni Sjónvarpsins**, sem einnig hefur gegnt hlutverki undankeppni Eurovision hér á landi frá 1986, fer fram í kvöld og bíða að vonum margir spenntir. *Kjartan Guðmundsson* rýndi í lögín sem flutt hafa verið í keppninni í gegnum tíðina.

Eitt heitasta umræðuefni síðustu daga hefur verið spurningin hvort Íslendingar ættu að draga sig út úr Eurovision, Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, í ár vegna mannréttindabrota í Aserbaídsjan, landinu sem heldur keppnina í vor. Sitt sýnist hverjum en fátt mun þó koma í veg fyrir að úrslitakvöld Söngvakeppni Sjónvarpsins, sem jafnan hefur einnig gegnt hlutverki undankeppni Eurovision, fari fram í Hörpu í kvöld. Frá 1986 hefur eiginleg

undankeppni verið haldin alls átján sinnum. Sex sinnum hefur framlag Íslendinga verið valið án undankeppni (lögín sem valin voru á þann hátt eru talin með í þessari umfjöllun) en tvisvar höfum við ekki haft þátttökurétt vegna slakrar niðurstöðu árið á undan.

Keppnin hefur rokkað nokkuð í umfangi og fjölda laga sem keppa á frá ári. Til að mynda kepptu tíu lög í fyrstu undankeppninni 1986, fimmtán lög nú í ár en 2007 kepptu hvorki fleiri né færri en 33 lög.



Páll Óskar Hjálmtýsson verður kynnr á úrslitakvöldinu ásamt Brynju Þorgeirsdóttur.

Alls hafa

253

lög verið flutt í Söngvakeppni Sjónvarpsins, undankeppni Eurovision, á Íslandi frá árinu 1986



212

lög með íslenskum texta

41

lag með enskum texta

KYNJASKIPTING



115

Í 115 lögum syngur einn eða fleiri karl aðalrödd

106

Í 106 lögum syngur ein eða fleiri kona aðalrödd

32

Í 32 lögum syngja karl og kona (eitt eða fleiri) aðalrödd

2

2 lög hafa karlmannsnafn í titli

7

7 lög hafa kvenmannsnafn í titli

♂ 17

Sigurlög samin eingöngu af körlum

♀ 0

Sigurlög samin eingöngu af konum



7 Sigurlög samin af körlum og konum



UMFJÖLLUNAREFNI ÚR ÝMSUM ÁTTUM

2 Tangó kemur fyrir í tveimur titlum

Mín Orðið „mín“ kemur fyrir í 4 titlum

Von 2 lög hafa orðið „von“ í titli

Þín Orðið „þín“ kemur fyrir í 5 titlum

Þrá 4 lög hafa orðið „þrá“ í titli

2 lög hafa heitið

Aftur heim

Ást

kemur fyrir í 8 titlum

4 lög fjalla um **jörð**

1 lag fjallar um straum

3 lög fjalla um **eld**

9 lög fjalla um draum

Dans kemur fyrir í 10 titlum

2 lög fjalla um **bíla**

FÓLKID Í UN DANKEPPNINNI



Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir hefur fimm sinnum verið kynnr í undankeppninni

Steinn Ármann Magnússon hefur einu sinni verið kynnr í undankeppninni



Megas hefur aldrei tekið þátt

Birgitta Haukdal hefur sungið fjögur lög í undankeppninni

Diddú hefur flutt eitt lag

Bubbi Mortens hefur samið eitt lag

Björgvin Halldórsson hefur sungið tíu lög í undankeppninni

Botnleðja hefur flutt eitt lag





TÚLIPANA VEISLA

10 Túlípanar

799 kr.



Ferming

Fermingarsýning í Blómavali Skútuvogi

20% afsláttur
af allri fermingarvöru gegn framvísun heimsenda fermingarpóstsins frá Blómavali

10% Aukaafsláttur á fermingarsýningunni

ALLT FYRIR FERMINGUNA Í BLÓMAVALI

KEIRU FÖRELDARFORBÁÐAHEMNI

20% AFSLÁTTUR

SERVÍETTUR

Mundu eftir Valentínusar deginum
Þriðjudaginn 14. febrúar
Glæsileg tilboð í Blómavali



ÚRVAL AF GÆLUDÝRAVÖRUM í verslun okkar Skútuvogi



DEKURDÝR

Kaffi Garður Skútuvogi
Skúffukaka og kaffi
290 kr
opið til kl. 17 um helgar.



Fjörleg fermingarsýning í Skútuvogi laugardag og sunnudag

Fermingarföt frá Outfitters Nation, Kiss, Gyllta kettinum, Cosmo og Sautján.

Veislan veitingaþjónusta verður með hugmyndir fyrir veisluna.

Hársnyrtitæki frá Remington verða á 25% afslætti.

True North útivistarfatnaður frá Húsamiðjunni verður á 25% afslætti.

Búsáhöld frá Húsamiðjunni verða á 25% afslætti.

Uppdekuð borð frá Blómavali og allt það nýjasta í borðskreytingum.

Landsins mesta úrval af servíettum og kertum til áritunar

Pantið áritaðar servíettur, kerti og sálmbækur um helgina á frábærum afslætti.

Hárstofan Sprey sýnir það allra nýjasta í fermingargreiðslum á sunnudag

Munið Fermingarleik Blómavals glæsilegir vinningar í boði.

Fermingarskraut, fermingarblóm, merktar sálmbækur, áprentun á servíettur, skrautskrifuð kerti, hanskar og margt fleira.

Fáið hugmyndir! sjáið skreytt veisluborð fyrir ferminguna



Fermingarföt til sýnis frá nokkrum verslunum:
Outfitters Nation
Sautján, Kiss
Gyllta kettinum
Cosmo

blómavali
heillandi heimur



Hvað þýða fyrirtækjanöfnin?

Fyrirtækjanöfn sem merkja lítið sem ekkert í augum almennings við fyrstu sýn halda áfram að vekja athygli. *Kjartan Guðmundsson* kannaði merkingu nokkurra nafna af handahófi og spurði prófessorinn **Godd** og rithöfundinn **Gunnar Hersvein** um málið.

■ GUNNAR HERSVEINN

Spáir afturhvarfi til íslenskunnar

Það er þrennt sem hefur mest áhrif á val á heitum fyrirtækja: tíðarandinn, eignarhaldið og mælikvarðinn eða markmiðið. Ef tíðarandinn er alþjóðahygga, eignarhaldið erlent og markmiðið útrás verða nöfnin erlend og ógagnsæ eins og Advania. Ef aftur á móti tíðarandinn er heimakær, eignarhaldið íslenskt og markmiðið til dæmis verndun íslenskunnar verða nöfnin íslensk og lýsandi fyrir starfseminna. Nafnið sem valið er segir til um hvað sé uppi á teningnum. Hvort er flottara Skólavörubúðin eða A4? „segir rithöfundurinn Gunnar Hersveinn spurður um tilhneigingar og tiskusveiflur í fyrirtækjanöfnum.

Sem dæmi um hvernig tíðarandinn hefur áhrif á val fyrirtækjanafna nefnir Gunnar að löng íslensk nöfn á bönkum séu til að mynda ekki í tísku þótt þau finnst enn. „Útvegsbankinn, Samvinnubankinn, Búnaðarbankinn og jafnvel Landsbankinn breyttist í eitt stórt L. Íslandsbanki kom þó aftur. Nú heita bankar frekar Arion og MP banki og skammstafanir hafa verið vinsælar. Nafnið Bifreiðar- og landbúnaðarvélar er auðvitað snillið en því var breytt í BL þótt hitt sé enn til í fyrirtækjaskrá. Herrafataverslun Skjaldar og Kormáks gefur allt annan tón með nafni sínu en til að mynda Tiskuverzlunin Flash og lokkar til sín annan hóp viðskiptavina eða kúnna eins og sagt er. Nafnið er í stíl við Herrafataverslun Guðsteins Eyjólfssonar sem breyttist aldrei í GE Group. Nöfnin segja til um hvað fæst og hver á verslunina.“

Gunnar telur tíðarandann sem hrundi hafa verið kraftmikinn, en að sama skapi taum- og agalausán, óuttreknanlegan og hrokafullan. „Nöfnin breyttust af þeim sökum í útrásarheiti, eitthvað sem gildir á alþjóðavísu og Íslendingum þótt ef til vill smart eins og FL GROUP, Actavis og Capacent. Lýsandi nöfn yfir starfsemi fyrirtækja eins og Fjölmiðlavaktin sameinast einhverju og verður Creditinfo Group. Hvað segir það? Fyrirtæki sem innheimti vanskilakröfur varð Intrum sem svo varð Motus, eins og það sé eitthvað betra að fá kröfu senda frá þeim. Flugfélagið Atlanta varð risafyrirtækið Avion Group. Draumurinn var að nöfnin yrðu alþjóðleg og grípandi en ekki eins og gömul lumma: Milton, FS6, Arena Holding og Mosaic.“

Hann telur tíðaranda óbilandi bjartsýni hafa skapað alþjóðleg stuttnefni sem jafnframt voru óskiljanleg og lýstu ekki starfseminni. Sá tíðarandi sé enn ekki liðinn undir lok og enn sjáist nöfn eins og Arion banki og Advania. „Advania á að vera víðamesta upplýsingafyrirtækið á Norðurlöndum, en samt dettur mér helst Indland í hug þegar ég heyri nafnið Advania. Það má segja að alla 21. öldina hafi erlend og alþjóðleg nöfn notið mestra vinsælda á Íslandi en tíðarandinn hefur breyst, er mildari en áður og félagsleg gildi eiga meira upp á pallborðið. Það má því spá afturhvarfi til íslenskunnar í fyrirtækjanöfnum fyrst að enskan varð ekki okkar annað tungumál eins og sumir vildu. Ég myndi spá því að við eigum eftir að sjá klassísk íslensk heiti á fyrirtækjum á næstu árum,“ segir Gunnar Hersveinn.



TERIS

Á heimasíðu upplýsingatækni-fyrirtækisins Teris, sem áður var Tölvumiðstöð Sparisjóðanna, segir:



„Teris er afbrigði af forn-gríska karlmansnafninu Eleutherios sem merkti frjáls og óháður. Í forn-gríska er til sagnorðið tereo sem þýðir vernda eða vaka yfir. Ásýnd merkisins gefur til kynna hátækniyrirtæki á upplýsinga- og fjármálasviði.“

ARION BANKI

Arion banki, sem áður var Nýja Kaupþing, var stofnaður á grunni Kaupþings banka eftir gjaldþrot þess síðastnefnda. Á heimasíðu bankans segir:



„Sagt er frá söngvaskáldinu Arion í fornum þjóðsögum frá Grikklandi. Arion er táknríkt nafn og vísar til listfengis, brautseigju, samvinnu og endurkomu. Helstu kostir nafnsins eru hvað það er hljómbýtt, þjálft og tignarlegt og fellur vel að mörgum tungumálum.“

VALITOR

Nafnið Valitor, fyrirtækisins sem byggt er á grunni Visa Íslands, er útskýrt á þennan hátt:

„Nafnið VALITOR er alþjóðlegt heiti. Fyrri hlutinn er myndaður af ensku orðunum valid (gildur, áhrifaríkur) og value (gildi, verðgildi), auk latneska orðsins valeo (vera sterkur). Síðari orðhlutinn er undir áhrifum frá latneska orðinu iterum (aftur og aftur) og ensku sógninni iterate (endurtaka). Gerandaendingin tor kemur einnig úr latínu, sbr. doctor (sá sem fræðir).“



ADVANIA

Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania sem varð til við samruna Skýrr, HugarAx og norræna dótturfyrirtækja, segir á heimasíðu fyrirtækisins:

„Orðið „Advania“ er dregið af enska orðinu „advantage“, sem þýðir forskot. Og þetta er það sem við viljum veita okkar góðu viðskiptavinum: forskot á sínum vettvangi með traustri þjónustu og skapandi lausnum.“



Á heimasíðu auglýsingastofunnar Hvíta hússins, sem hannaði merki Advania, segir enn fremur: „Fljótlega eftir að nafnið var kynnt fóru af stað vangaveltur um að latnesk merking orðanna „Advania“ væri „til einskis“ samkvæmt Google Translate. Það er vissulega mjög spaugilegt, en rétt er þó að benda á að þarna skjátlást hinum mikilvirka en mistæka þýðanda. „Vania“ er ekki latína og þar með fellur brandarinn um sjálfan sig. Advania er hreinræktað nýyrði og sækir merkingu sína í orðið sem það er dregið af.“

■ GODDUR

Helgimyndir og helgisögur

Allir sem stofna fyrirtæki, félagsskap eða í raun hvað sem er, þurfa nafn og lógó. Með öðrum orðum þurfa þeir einhvers konar helgitákn, ekki í trúarlegum skilningi heldur tákn sem birtist frekar í undirmeðvitundinni en meðvitundinni og höfðar til einhvers sem gæti orðið stjarna á himinhvolfi hugsana okkar,“ segir Guðmundur Oddur Magnússon, Goddur, prófessor við Listaháskóla Íslands, um nafngiftir fyrirtækja. „Í raun og veru þekkir nútímafólk fleiri lógó og nöfn á fyrirtækjum en nokkurn tímann á trjátegundum, fuglum og svo framvegis,“ bætir hann við.

Goddur tekur fram að téð helgimynd, nafn og merki, sé einungis fyrsta skrefið í ferlinu þegar um ræðir tilbúin fyrirtækjanöfn á borð við Advania og fleiri. „Þegar helgimyndin er tilbúin þarf alltaf helgisögur um hugsunina að baki samsetningunni. Svo snýst þetta um að selja okkur þá hugsun og þá hugmynd. Þetta er gert til að búa til einhvers konar dvalarstað í þælingum okkar og dulvitund. Nafnið á ekki að vera of augljóst heldur fara inn í draumaheima og þá skiptir hljómurinn í orðinu oft meira máli en merkingin. Valitor er til dæmis hljómfagurt og geðslegt orð þótt við vitum ekki hvað það þýðir. Tilhneigingin er að segja ekki of mikið og mikilvægara að láta nafnið hljóma vel smurt. Þannig er líka tilhneigingin með lógóin, að þau séu bara



einhverjar sveiflur út í loftið sem hafa ekki tilvísun í neitt. Það reyna allir að láta ljóma stafa af blænum og goðsögninni í kringum fyrirtækið.“

Goddur segir ógagnsæ nöfn á fyrirtækjum hafa aukist mikið í efnahagsbólunni sem síðan sprakk með látum fyrir nokkrum árum. „Reyndar var algengt strax í upphafi tuttugustu aldarinnar að bæði hús og fyrirtæki hétu erlendum borgarnöfnum eins og Liverpool, London og Berlín, og eflaust eru dæmin mun fleiri. Í bólunni voru svo ógrynni af skúffufyrirtækjum stofnuð með svo ótrúlegri nafnflóru að það var engu lagi líkt. Makalausast þótti mér þó hversu mörg fyrirtækjanöfnin í bólunni voru víðeigandi. Glitnir var til dæmis draumahöll en ekki raunveruleiki, draumsýn sem hvarf. Og Samson, fyrirtæki Björgúlfsfeðga, var sá sem braut súlurnar í kauphöllinni og allt hrundi yfir hann. Í nafni hvers manns er fall hans falíð,“ segir Goddur. Goddur segir þá tilhneingingu að sérhanna fyrirtækjanöfn sem þýða kannski fátt við fyrstu sýn á undanhaldi þessi misserin. „Núna eru til fyrirtækjanöfn sem hafa gamlar kaupfélagatengingar eins og Kronkron og fleiri, sem hefði þótt afar hallærislegt fyrir nokkrum árum síðan. Kannski er þessi kynslóð að leita að einhverju sem er hæfilega íslenskt og sveitó.“



KJARVALSSTOFA Í PARÍS

Er stúdíóíbúð/vinnuáðstaða, sem ætluð er til dvalar fyrir listamenn. Stofan er í eigu Reykjavíkurborgar, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands og er staðsett í miðborg Parísar, skammt frá Notre Dame dómkirkjunni.

Þeir sem í stofunni dvelja greiða dvalargjöld sem ákveðin eru af stjórn Cité Internationale des Arts er rekur stofuna og miðast við kostnað af rekstri hennar. Á árinu 2012 verða þau 410 evrur á mánuði fyrir einstakling en 525 evrur á mánuði fyrir tvo. Úthlutun er lágmark tveir mánuðir í senn en vegna fjölda umsókna undanfarin ár hefur dvalartími að jafnaði verið 2 mánuðir. Dvalargestir skuldbinda sig til að hlíta reglum Cité Internationale des Arts varðandi afnot af húsnæði og vinnuáðstöðu, þ.á m. er ætlast til að þeir nýti stofuna allan úthlutunartíma sinn.

Auglýst er eftir umsóknum um afnot Kjarvalsstofu fyrir tímabilið 1. ágúst 2012 til 31. júlí 2013. Umsóknareyðublið ásamt reglum um afnot af Kjarvalsstofu má finna á www.reykjavik.is/menningogferdamal. Umsóknir, með lýsingu á því verkefni sem umsækjandi hyggst vinna að, skulu stílaðar á stjórnarnefnd Kjarvalsstofu, Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar, Ingólfsnausti, Vesturgötu 1, 101 Reykjavík. Ætlast er til að umsækjendur skili inn stuttri greinargerð um afkrastur dvalarinnar að dvöl lokinni.

Umsóknarfrestur er til 2. apríl 2012.

Stjórn Kjarvalsstofu í París

FERMINGARVEISLUR

LAUGARDAGUR 11. FEBRÚAR 2012

Kynningarblað Uppskriftir, góð ráð, salir, veisluþjónusta, smáréttir, hlaðborð

Gestur í eigin fermingarveislu

Veisluturninn í Kópavogi býður upp á þrjú mismunandi fermingarhlaðborð í hæsta gæðaflokki. Þá státar fyrirtækið af frábæru aðgengi með nægum bílastæðum og glæsilegum sölum með einstöku útsýni í hæstu byggingu landsins.

Veisluturninn í Kópavogi býður upp á fimm glæsilega veislusali sem samtals rúma allt að 500 manns í hæstu byggingu landsins þar sem útsýnið er einstakt. „Jú, það er rétt,“ segir Þórey Ólafsdóttir, sölu- og markaðsstjóri Veisluturnsins. „Við bjóðum upp á þetta óviðjafnanlega útsýni til allra átta sem klárlega spillir ekki fyrir á fermingardaginn sjálfan. Nú þegar er nánast allt fullbókað hjá okkur fyrir fermingarnar þetta árið og fólk farið að bóka hjá okkur veislur fyrir árið 2013.“

Þórey segir mikilvægt að skoða alla þætti sem snúa að fermingarveislunni og undirbúningi hennar. Fermingardagurinn sé enda dagur fjölskyldunnar en ekki bara fermingar barnsins sem þó sé að sjálfsgöðu í aðalhlutverki. „Það er gaman að njóta þess að vera gestur í eigin veislu og láta aðra sjá um hlaupin á fermingardaginn sjálfan,“ segir Þórey brosandí.

Veisluturninn býður upp á þrjú mismunandi fermingarhlaðborð: „brunch“-hlaðborð, kaffihlaðborð og kvöldverðarhlaðborð. Þar af er fermingar-„brunchinn“ langvinsælastur enda hentur hann sérlega vel um hádegisbilið. Á brunch-

hlaðborðinu má meðal annars finna kremada villisveppasúpu, drottningarskinkusalat og grafna bleikju ásamt reykjum svínaveidva, vilikrydduð lambalæri og hina sívinsælu súkkulaðiköku Veisluturnsins.

Þórey segir því nokkuð ljóst að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. „Þá er allt innifalið í verði veitinga, drykkir, salarleiga, allur borðbúnaður, þjónusta og annað slíkt en viðskiptavinum okkur þykir þetta fyrirkomulag mjög þægilegt.“

Að hennar sögn eru verðinu stillt í hóf. „Sem dæmi kostar fermingar-brunch aðeins 4.950 krónur á mann, en börn sex ára og yngri borða alltaf frítt hjá okkur og börn sjö til tólf ára greiða hálf gjald. Við erum einnig með sérhannað Disney-leikherbergi þar sem börnin geta leikið sér eftir matinn.“

Þá segir Þórey mikilvægt að reikna dæmið til enda. „Því oftast er ekki er það mun hagkvæmara að halda veisluna í falletum sal eins og hjá okkur þar sem allt er innifalið í verði veitinga og þú mætir bara í veisluna og átt yndislega stund með fermingar barninu.“

Þá býður Veisluturninn einnig upp á veisluþjónustu. „Þá komum við með fermingarveisluna heim til þín eða í sal sem fólk hefur leigt sjálfst en oftast kys það heldur að halda veisluna hjá okkur í Veisluturninum,“ segir Þórey að lokum og hvetur fólk til að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins á slóðinni www.veisluturninn.is og setja sig í samband ef einhverjar spurningar vakna.



Í boði eru fimm glæsilegir veislusalir sem rúma allt að 500 manns.



Þórey Ólafsdóttir, sölu- og markaðsstjóri.



Súkkulaðikaka að hætti Veisluturnsins er sívinsæl.

FERMINGAR-„BRUNCH“

Forréttir

Kreмуð villisveppasúpa
Reykt gæsabringa með bláberjum og piparrót
Drottningarskinkusalat með hræðum eggjum og tómötum
Blandað blaðsalat
Dillgrafin bleikja með engiferkremi
Kjúklinga- og pastasalat með parmesandressingu
Spænsk eggjabaka með grænmeti
Nýbakað brauð og tapenade
Grillaður lax með mangóchutney og pecanhnetum



Aðalréttir

Reyktur svínaveidvi með kremaðri villisveppasósu
Ofnbakaðir kartöflubátar
Villikryddað lambalæri með rauðvinsósu
Braserað rótargrænmeti
Ofnbakaðar sætar kartöflur



Eftirréttur

Súkkulaðikaka að hætti Veisluturnsins

Verð á mann 4.950 krónur
Börn sjö-tólf ára greiða hálf gjald en sex ára og yngri borða frítt
Innifalið í verði er salarleiga, full þjónusta, kaffi og gos



Nítjándi í Turninum

Fjölskylduvæn Veitingastaður fyrir þig & þína

Hádegisverðarhlaðborð, krónur 3.490
Kvöldverðarhlaðborð, krónur 5.990
Brunchhlaðborð, krónur 3.990

nítjándi.

Smáratorgi 3 | Kópavogi | sími 575 7500

Brauðtertán gleður augu, munn og maga gesta á öllum aldri

Brauðtertur og fermingarveislur heyra saman eins og hönd og hanski. Hér er uppskrift að gómsætri danskri brauðtertu með rækjum og reyktum og nýjum laxi sem bráðnar í munni. Ekki spillir fyrir að hollustan er í fyrirrúmi, sýrður rjómi og rjómaostur komá í stað majoness.

Glæsilega skreytt brauð-terta lífgar upp á fermingarborðið og nýtur allt af jafn mikilla vinsælda hjá gestum. Það þarf ekki að vera flókið að slá sig til húsmóðurriddara með því að gera gómsæta og girnilega brauðtertu eins og þessi uppskrift ber með sér.

Hráefni:

2 formfransbrauð
300 g soðinn lax
300 g reyktur lax
500 g rækjur
3 dl sýrður rjómi
1 dl graflaxsósa
40 msk. smjör eða smjörvi

Skreyting:

2 dl sýrður rjómi
200 g rjómaostur, hreinn
1 búnt dill
6 sneiðar reyktur lax
150 g rækjur
4 egg

Matreiðsla 40 mínútur:

Hreinsað rækjurnar vel. Maukið soðna laxinn og blandið örlitlu af sýrða rjómanum saman við.

Skerið brauðið langsum og skerið síðan skorpuna varlega af.

Leggið hverja brauðskífu ofan á aðra eftir að hafa sett fyllinguna inn í. Best er að byggja tertuna upp á eftirfarandi hátt:

- brauð
- graflaxsósa
- smjör og reyktur lax í sneiðum
- brauð
- smjör og rækjur
- brauð
- soðinn lax með sýrðum rjóma
- brauð

Þrýstið varlega ofan á brauðskífurnar til að þær festist við fyllinguna.

Blandið saman sýrðum rjóma og rjómaosti og smyrjið tertuna að utan með blöndunni. Skreytið með rækjum, eggjum, dilli og reyktum laxi, eða hverju því sem hugurinn girnist

Ráð kokksins:

Setjið tertuna saman daginn áður en hún á að borðast en skreytið aldrei fyrr en samdægurs.



Brauðterta með rækjum og reyktum og soðnum laxi vekur alltaf fögnuð hjá gestum.

MYND/ANTON

Sparið vinnu og fyrirhöfn

Veislubjónusta Nings býður upp á úrval framandi og hefðbundinna veislu rétta fyrir allar tegundir af veislum. Við elskum brúðkaup, fögnum afmælum, þökkum guði fyrir jóla veislurnar og...

við erum rosalega spennt fyrir vinnustaðaveislum



Veislubjónusta NINGS

Skotið úrval veisluhugmynda á www.nings.is

Veislur eru okkar fag

Verð frá 1795 kr. pr. mann

Þanta þarf veislur með minnst dags fyrirvara

Hafðu samband og við veitum ráðgjöf þér að kostnaðarlausu. Sími: 588 0999 og 822 8833



BÆÐI MEÐLÆTI OG AÐALRÉTTUR

Kartöflusalat er klassískt og sívinsælt. Það er bæði gott eitt og sér eða sem meðlæti með ýmsum kjötréttum, til dæmis köldu, reyktu svinakjöti. Þá hentar kartöflusalat einkar vel í fermingarveisluna þar sem það má gera með nokkrum fyrirvara, það versnar síst við að standa í ísskáp yfir nótt.

Til eru fjölmargar uppskriftir að kartöflusalati og allar góðar á sinn máta. Á vefnum er auðvelt að leita eftir því sem hverjum hentar. Hér er ein slík sem fannst á vafri um vefheiminn.

- 800 g kartöflur
- 150 g beikon
- 3 selleristönglar
- 1 laukur
- 1 dós sýrður rjómi (10%)
- 2 harðsoðin egg
- 2 msk. Dijon-sinnep
- 2 msk. vínedik
- 2 dl sýrðar gúrkur, saxaðar fint
- 2 tsk. sykur
- 2 tsk. sellerifræ
- 1/2 tsk. Cayenne-pípar

Sjóðið kartöflurnar. Flysjið og skerið í teninga. Skerið lauk og sellerí í litla teninga. Setjið í pott með sjóðandi vatni í 1 mínútu. Hellið í sigti. Kælið. Skerið beikonið í litla bita. Hitið olíu á pönnu og steikið beikonbitana á miðlungshita þar til þeir eru orðnir stökkir. Hellið olíunni frá og þerrið bitana á eldhúspappír. Blandið saman sýrðum rjóma, söxuðum sýrðum gúrkum, sinnepi, sellerifræjum, vínediki og cayenne-pípar. Blandið kartöflum, lauk og sellerí saman við sýrða rjómann. Blandið beikonbitunum saman við. Skerið eggin í eggjaskera, fyrst langsum og síðan þversum. Blandið saman við. Geymið í ísskáp áður en salatið er borið fram.

Heimild: www.vinotek.is

BÍLASÖLUR

LAUGARDAGUR 11. FEBRÚAR 2012

Kynningarblað

Notaðir bílar,
umboðssala,
bílaþvottur, bílasýning
og hollráð í hálkunni.



Vandvirkni galdurinn

Nauðsynlegt er að þrifa og bóna bíla reglulega til að varna upplitun á lakki og ryði. **Jósef Kristjánsson** Hjá Jobba í Skeifunni 17 hefur þrjátíu ára reynslu af þvotti og bóni.

Hjá Jobba er elsta starfandi bónstöð landsins. Hana hefur Jósef Kristjánsson rekið í aldarfjórðung við góðan orðstír en sjálfur hefur hann starfað við bón og bílaþvott í þrjá áratugi.

Hann er spurður út í galdurinn að baki góðum bílaþvotti. „Galdurinn er þrífættur: Vandvirkni, vandvirkni og vandvirkni,“ svarar Jósef glaðlega en Hjá Jobba eru allir bílar handþvegnir. „Ekkert tæki hefur enn verið fundið upp sem leysir af hólmi hendur, tusku og auga,“ segir hann.

Jósef segir afar nauðsynlegt að þrifa og bóna bíla reglulega. „Allir nýir bílar sem hafa komið til landsins síðustu fimmtán ár eða svo eru með umhverfisvænt, eða svokallað vatnspynnalegt lakk sem er mun þynnra og harðara en olíukrýllakkið á gömlu bílunum. Það þýðir að auðveldlega brotnar upp úr lakkinu. Auk þess upplitast það hraðar vegna sólarljóss og tekur í sig lit af óhreinindum,“ segir Jósef. Hann tekur sem dæmi að nýlegir bílar séu farnir að ryðga á toppnum þar sem sólarljósið skín mest á. „Sterk sólin hitar lakkið sem þýðir að þurrefnin í lakkinu smjúga út um smáar sprungurnar í lakkinu og bíllinn upplitast. Bónið hins vegar fyllir í sprungurnar og varnar þessu ferli,“ útskýrir Jósef.



Jósef og starfsmenn Hjá Jobba þrifa ekki aðeins bíla heldur einnig motorhjól, hjólhýsi og allt þar á milli.

Hann segir afar misjafnt hve oft þurfi að bóna bíla. Það fari mjög eftir almennu viðhaldi bílsins. „Bónhúðin endist lengur þegar bíllinn er þvegin oft.“

Hjá Jobba er boðið upp á fjölbreytta þjónustu. Þar má nefna þrif að innan og utan, bón, teflonbón, djúphreinsun teppa og sæta, tjörupvott, vélaþvott, lakkmössun, ryksugun, blettun og lakkviðgerðir. Þá hefur Jobbi einnig tekið að sér að þrifa laus teppi, tjaldvagna,

fellihýsi, hjólhýsi, reiðhjól, vélhjól, flutningabíla, rútur, vinnuvélar og báta. „Það eina sem ekki hefur komið hér inn á gólf er flugvél,“ segir hann og hlær.

Panta þarf tíma á stöðinni en fólk getur valið milli þess að koma sjálft með bílinn og sækja hann eða látið sækja til sín bílinn og skila honum aftur.

Allar nánari upplýsingar um þjónustu og verð má nálgast á vefsíðunni www.hjajobba.is

AÐGÁT SKAL HÖFÐ VIÐ AKSTUR Í HÁLKU

Hálka er á vegum víða um land þessa dagana. Eftirfarandi atriði er gott að hafa í huga við akstur í hálku:

Akið rólega og eftir aðstæðum en ekki á leyfilegum hámarkshraða. Ef ekið er hægt gefst meiri tími til að sveigja frá hindrunum í stað þess að þurfa að klossbremsa. Ekki grípa snögg í stýrið eða stíga snögglega á bremsuna, þannig getið þið misst stjórn á bílnum í hálku. Ef bíllinn er að missa veggrip sleppið þá bensín-gjöfni, stígið á kúplinguna og stýrið bílnum mjúklega á beina braut. Athugið að hreinsa snjó af öllum bílrúðum, ljósum og speglum bílsins áður en lagt er af stað. Munið alltaf eftir öryggisbeltunum.



Víða um land er hálka á vegum þessa dagana. Ökumenn þurfa því að sýna aðgát.

Ástandsskoðun fyrir jeppa og fólksbíla

Ertu að kaupa eða selja notaðan bíl? Eða viltu bara vera viss um að bíllinn þinn sé í fullkomnu lagi?

Arctic Trucks býður:

- fullkomna skoðunarstöð fyrir jeppa og fólksbíla
- skoðanir framkvæmdar af fagfólki
- nákvæm skoðunarskýrsla fylgir öllum skoðunum

Verð:

- Fólksbílur og jeppingar kr. 9.700,-
- Jeppar kr. 10.500,-
- Breyttir jeppar (38" og yfir) kr. 11.500,-

Tímappantanir í síma 540 4900 og á bókunir@arctictrucks.is

Arctic Trucks · Kletthálsi 3 · 110 Reykjavík · Sími 540 4900

OPIÐ

mán.-fös kl. 10-18
laugard. kl. 12-15
lokað á sun.

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Nú getur þú fjármagnað allt að 10 ára gamla bíla hjá ergo

SUMARIÐ KEMUR SNEMMA Í ÁR



PORSCHE Boxster. Ágerð 2004, ekinn 68 P.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 4.890.** Umboðsbíll sem bíður spenntur eftir sumrinu sem kemur snemma í ár segir hann og er á staðnum Rnr. 217419.



BMW Z4 2.5i. Ágerð 2005, ekinn 112 P.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 2.790.** Tilbúinn út að leika og Bíllinn er á staðnum Rnr.217723.



BMW M6. Ágerð 2006, ekinn aðeins 10 P.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 11.900.** umboðsbíll einn glæsilegasti sportbíll landsins bíður spenntur eftir nýjum eiganda og er á staðnum Rnr. 231229.

Sími 567 2277 | www.nyja.is

Fólki gefst færi á að koma með gamlar ljósmyndir í greiningu til sérfræðinga á Þjóðminjasafni Íslands í dag milli klukkan 14-16. Koma má með ljósmyndir frá hvaða tímabili sem er. Viðburðurinn er hluti af Ljósmyndadögum og Vetrarhátíð Reykjavíkurborgar.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

Íslenska - stærðfræði - enska - danska - efnafræði - lestur
eðlisfræði - þýska - franska - spænska - stafsetning o.fl.

Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendabjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233



Útsala - Útsala
allt að 50%
afsláttur
+ 20%
af völdum vörum

TOPPHÚSIÐ

Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16,
www.toppusid.is

NÆG BÍLASTÆÐI

VETRARRHÁTÍÐ

Í MIÐBÆNUM

Dagana 9.-11. febrúar

20% AFSLÁTTUR
af öllum hönskum



Tösku og
hanskabúðin

Tösku og hanskabúðin · Skólavörðustíg 7 · 101 Reykjavík · Sími 551 5814 · www.th.is

Ingibjörg Huld Haraldsdóttir leikstjóri lifir og hrærist í leiklistinni en tekst fljótlega á við nýtt hlutverk.



Erfinginn gæti fæðst á brúðkaupsafmælinu

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

É gætla að kíkja í afmæli til systur minnar, röla um bæinn með eiginmanninum og finna kannski einhverjar gersemar í Kolaportinu. Svo ætla ég nú bara að fylgja sýningunni minni, Ég er vindurinn, eftir. Þetta er loka-sýningarhelgin," segir Ingibjörg Huld Haraldsdóttir leikstjóri spurð hvernig hún ætli að verja helginni. „Sýningin hefur fengið mjög góðar viðtökur og við eigum eiginlega ekki orð yfir þeim.“

Notarðu annars yfirleitt helgarnar til að fylgjast með því sem er að gerast í leikhúsunum? „Já, það má segja það," segir Ingibjörg Huld. „Maður reynir að sjá allt, en auðvitað nýtir maður líka tímann til að hitta vini og vandamenn.“ Eiginmaður Ingibjargar Huldar er Hilmir Jensson leikari sem leikur undir hennar stjórn í Ég er vindurinn. Það þarf varla að spyrja um hvað heimilislífið snúist. „Það hefur eiginlega allur okkar tími farið í æfingar og

sýningar undanfarið," segir hún hlæjandi. „Heimilið er undirlagt, en það styttist í að við fáum nýtt hlutverk því við eigum von á okkar fyrsta barni í júní.“ Ingibjörg Huld upplýsir að erfinginn væntanlegi sé stelpa. „Hún er væntanleg seinni partinn í júní, kannski kemur hún á árs brúðkaupsafmælinu okkar, 25. júní. Það er aldrei að vita nema hún steli af okkur deginum.“

FRAMHALD | 2

Gabi &
Glæsileiki

Mikið úrval af
fallegum skóm
og töskum





www.gabor.is


Sérverslun með

Gabor®

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16



Sófasett, hornsófar, svefnsófar.



Opið í dag 11 - 15

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Reykjavíkurvegi 66 - 220 Hafnarfjörður
Sími: 565 4100 - www.nyform.is



Flóamarkaður ungs fólks í Hinu húsinu verður haldinn í húsakynnum þess að Pósthússtræti 3-5 í dag frá klukkan 14-17. Þar mun ungt fólk á aldrinum 16-25 selja notuð föt og fleira. Flóamarkaðurinn er í kjallara hússins. Gengið er inn Austurstrætismegin.

Pétur og úlfurinn

Á dagskrá Vetrarhátíðar í dag klukkan 14 er flutningur á Pétri og úlfinum eftir Sergei Prokofieff í Hallgrímskirkju. Halldóra Geirharðsdóttir leikkona segir börnum söguna og stóra Klais-orgelið bregður sér í hlutverk sinfóníuhljómsveitar í umsjón Mattiasar Wager.

Pétur og úlfurinn er eitt frægasta tónlistarævintýri fyrir börn sem samið hefur verið og hefur haldið vinsældum sínum kynslóð fram af kynslóð.



Ingibjörg Huld Haraldsdóttir leikstjóri nýtur leiklistar um helgina.

FRÉTTABLAÐID/ANTON

Fermingatilboð

Svanadúnsæng og andadúnskoddi
38.900 kr. Bara í dag.



DÚN & FIÐUR

Laugavegi 87 • sími: 511-2004

Framhald af forsiðu

Ingibjörg Huld útskrifaðist úr Fræðum og framkvæmd í leiklistardeild Listaháskólans síðastliðið vor og Hilmir er einnig til þess að gera nýútskrifaður. Þau kynntust samt ekki í LHÍ, eins og margir gætu ályktað, heldur á hestamannamóti. „Já við kynntumst á landsmóti hestamanna í Skagafirði og giftum okkur í Vestur-Landeyjum, rétt fyrir utan Hvolsvöll,“ segir Ingibjörg Huld. „Þar á fjöl-

skylda mín sveitabýli þar sem hún hefur hestana og við reynum að fara eins oft þangað og við getum.“ Hún segir hestaáhugann þó ekki tengjast leiklistinni, en hestamennska hefur lengi fylgt þeirri stétt. „En okkur finnst óskaplega gott að fara í sveitina og kúpla okkur aðeins frá leiklistinni. Reyndar þykir okkur yfir höfuð bara mjög gaman að ferðast um landið og gerum mikið af því. Það má segja að við eigum svona fegurðardrottningaáhugamál; ferðalög og að sinna vínunum og fjölskyldu,“ segir Ingibjörg Huld og glottir.

Leiksýningin Ég er vindurinn er sett upp af leikhópnum Sómi þjóðar, eru fleiri verkefni á döfnni hjá þeim? „Já, það er nýtt verk í spilunum hjá Sóma þjóðar. Tryggvi Gunnarsson ætlar að leikstýra því en ég ætla að reyna að vera viðloðandi það og jafnvel að gera leikmyndina. Áhugasviðið í leiklistinni er mjög breitt og fagurfræði leikhússins er minn helsti áhugapunktur. Ég hef aldrei gert leikmynd eingöngu þannig að það verður mjög gaman að takast á við það.“

fridrikab@frettabladid.is



HÓTEL HVOLSVÖLLUR

HÖLDUM UPPÁ VALENTINUS OG KONUDAGINN

♥♥♥ Laugardaginn 18. febrúar

Glæsileg og rómantísk helgi

Þú býður makanum og við bjóðum þér.

Gisting, 3 rétta kvöldverður,
dinnertónlist, dans og morgunverður.

Kr. 15.900.- fyrir ykkur bæði.



Gunnars Bar



Ráðstefnur | fundir
Veislubjónusta
Árshátíðir | Brúðkaup
Leitið tilboða.

HAFÐU SAMBAND OG FÁÐU
FREKARI UPPLÝSINGAR

Sími: 487 48050 | www.hotelhvolsvollur.is | info@hotelhvolsvollur.is



hó tel hvolsvöllur

ego dekor

-40%



Skenkur - Svart háglans
Breidd: 200cm
Verð: 148.000,-

ÚTSÖLUVERÐ
88.800.-

-30%



ATH! BREYTANLEGUR Í
3JA SÆTA SÓFA OG SKEMIL

ACE tungusófi
Stærð: 240x157
Verð: 169.900,-

ÚTSÖLUVERÐ
118.930.-

-30%



Borð - Hvítt háglans
Stærð: 180x100
Verð: 83.000,-

ÚTSÖLUVERÐ
58.100.-

-25%



GOTCHA hornsófi
Stærð: 280x190 Verð: 258.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 193.500,-

ÚTSÖLULOK 20-50% AFSLÁTTUR

-20%



TV skenkur - natural eik
Breidd: 183cm Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ 79.920.-

Skenkur - Dökk eik
Stærð: 150 cm

-25%

Verð: 129.900,- ÚTSÖLUVERÐ: 97.425,-



-30%

Stækkanlegt borð
Dökk eik Stærð: 160(248)x100
Verð: 139.900,-

ÚTSÖLUVERÐ
97.930.-

-20%



SCARLETT Tungusófi
Stærð: 310x180 Verð: 244.000,-
ÚTSÖLUVERÐ 195.200.-

-25%



AIR tungusófi
Stærð: 285x165 Verð: 249.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 187.425,-

-25%



VERONICA Tungusófi
Stærð: 260x165 Verð: 236.000,-
ÚTSÖLUVERÐ 177.000.-

Opið mán-fös: 10:00 - 18:00
Opið um helgina: Lau 10:00 - 16:00 Sun 13:00 - 16:00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544420 - www.egodekor.is

VIÐ VILJUM BÆTA VIÐ OKKUR ÁRANGURSDRIFNUM EINSTAKLINGI MEÐ MIKLA SAMSKIPTAHÆFNI



GÆÐASTJÓRI

STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ

- Stefnumótun og áætlanagerð tengd gæðamálum
- Innleiðing gæðastefnu m.a. fræðsla tengd gæðastarfi
- Skráning á verkferlum og vinnulýsingum
- Umsjón með vöruhúsakerfi
- Umsjón með birgðabókum og talningum
- Almennt eftirlit og samskipti við opinbera aðila varðandi gæða- og heilbrigðismál
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við innkaupastjóra

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi á sviði gæðamála og/eða vörustýringar
- Þekking á vottuðum gæðakerfum æskileg
- Þekking á vöruhúsastarfsemi kostur
- Haldgóð tölvukunnátta
- Frumkvæði, áreiðanleiki og sjálfstæði í verki
- Þjónustulund, samstarfshæfni og jákvætt viðhorf

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Umsjón með ráðningu hefur Inga Guðrún Birgisdóttir mannaútsstjóri. Áhugasamir um starfið sendi umsókn á: atvinna@1912.is þar sem greina skal frá menntun, fyrri störfum og þeirri reynslu sem umsækjandi telur að muni gagnast sér í starfinu. Öllum umsækjendum verður tilkynnt þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Frekari upplýsingar um starfið veitir Sveinn Ingvi Einarsson, innkaupastjóri í síma 821 8405.



1912 er traust fyrirtæki í heildverslun með dagvöru. Það þjónar dótturfélögum sínum, Nathan & Olsen og Ekrunni, með því að samnýta mannaud, tæki og aðrar audlindir til að ná fram hagkvæmni í rekstri. Jafnframt er 1912 samnefni þeirra gagnvart starfsfólki sem í dag er 75 talsins. Það býr við glæsilega aðstöðu í höfuðstöðvum fyrirtækisins að Klettagörðum í Reykjavík en að auki er starfsstöð á Akureyri. Gildin sem starfsfólk hefur að leiðarljósi eru: Frumkvæði, Lidsheld, Áreiðanleiki og Ástríða.

Klettagarðar 19 | 104 Reykjavík | Sími 530 8500 | Fax 530 8501 | www.1912.is

Capacent Ráðningar

VERKEFNASTJÓRI VINDORKU



Landsvirkjun óskar eftir að ráða verkefnastjóra vindorkuverkefna til starfa á virkjanadeild þróunarsviðs. Starfsstöð verður á aðalskrifstofu Landsvirkjunar á Háaleitisbraut 68 í Reykjavík.

Þróunarsvið er ábyrgt fyrir undirbúningi nýrra virkjana, almennum rekstrar- og virkjunarrannsóknnum, nýsköpun í orkuvinnslu, umhverfisrannsóknum og ýmsum samskiptum við hagsmunaaðila. Fyrirtækið vinnur nú að rannsóknum og athugunum á nýtingu vindorku til raforkuvinnslu á Íslandi og undirbýr í því skyni uppsetningu á vindmyllum í rannsóknar og þróunarskyni.

Meðal verkefna verða:

- Stjórnun hönnunar og undirbúnings fyrir uppbyggingu vindorkugarða
- Stjórnun rannsókna á möguleikum á nýtingu vindorku
- Eftirlit með uppsetningu og prófunum á búnaði
- Rekstur verksamninga
- Áætlanagerð
- Verkefnastjórnun

Við leitum að einstaklingi sem hefur:

- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð
- Vilja til að tileinka sér nýjungar
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framhaldsnám á háskólastigi í verkfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af vindorkuverkefnum
- Þekking á orkumálum og reynsla af faglegri vinnu þeim tengdum
- Mjög góð kunnátta í ensku
- Reynsla í verkefnastjórnun og áætlanagerð

Í boði er:

- Krefjandi verkefni
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Metnaðarfullt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagrekning upp á 4,8 milljarða dala. Helstu viðskiptavinir hennar eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Á síðasta ári setti Landsvirkjun sér nýja stefnu sem leggur áherslu á að hámarka afrakstur af þeim auðlindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Landsvirkjun stefnir að því að verða eitt af leiðandi orkufyrirtækjum Evrópu á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum hennar starfa um 350 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur
er til 20. febrúar n.k.

Aðstoðarrekstrarstjóri á Max1, Bíldshöfða

Stutt lýsing á starfi

- Umsjón og ábyrgð á daglegum rekstri starfsstöðvar (í fjarveru rekstrarstjóra)
- Dagleg samskipti, umsjón og eftirlit með nýtingu starfsmanna
- Starfsmannamál
- Söllumál

Hæfniskröfur

- Framhaldsskólamenntun og/eða iðnmenntun sem nýtist fyrir starfið
- Reynsla og þekking af tæknilegum atriðum sem snýr að bifreiðum
- Góð tölvukunnátta (PC/Windows umhverfi)
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Gilt bílpróf, meirapróf kostur
- Stundvís
- Heiðarleg (ur) og áreiðanleg (ur)
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar um störf

Vinnutími er frá 8:00-17:00 alla virka daga, helgarvinna skv. vaktaplani hverju sinni.

Nánari upplýsingar um störf

Max1 leitast við að ráða til samstarfs fagfólk af báðum kynjum með gildismat sem samrýmist kjarnagildum og megin reglum fyrirtækisins. Fólk sem metur mikils orð og gjörðir eins og heilbrigði, ábyrgð, tillitsemi, umburðarlyndi, árangur, frumkvæði, þekkingarleit og samvirkni.

Skelltu þér á netið www.max1.is og sæktu um. Nánari upplýsingar veitir mannauðs- og gæðasvið Max1 í síma 515 7088.

Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2012.

Þú sækir um á netinu, www.max1.is.
Nú er tækifærið - við bíðum eftir þér.



Max1 Reykjavík: Bíldshöfða 5a, Bíldshöfða 8, Jafnasel 6, Knarravogi 2. Max1 Hafnarfirði: Dalshraun 5. Max1 sími 515 7190



Kjöttvinnslan Snæfell á Egilsstöðum óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drifandi starfsmann/kjötskurðarmann til starfa í 100% starf.

Hæfniskröfur:

- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Stundvís og snyrtimennska
- Reynsla úr kjöttvinnslu eða kjötbúð er kostur

Menntun í kjötið er kostur

Frekari upplýsingar veitir Aðalbjörn í síma 862-2043 eftir kl. 15.00 alla virka daga, netfang: snaefellkjot@snaefellkjot.is

Umsóknarfrestur er til og með 2. mars 2012.



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri

Velferðarráðuneytið auglýsir aftur laust til umsóknar embætti forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri (FSA). Um er að ræða setningu til 1. febrúar 2013 vegna leyfis forstjóra. Velferðarráðherra setur í stöðuna frá 15. mars 2012.

Sjúkrahúsið á Akureyri starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 með síðari breytingum. Sjúkrahúsið á Akureyri er kennslusjúkrahús og veitir sérfræðiþjónustu í helstu greinum læknisfræði og hjúkrunarfræði og almenna sjúkrahúsþjónustu í sínu umdæmi. Þá annast sjúkrahúsið starfsnám í heilbrigðisvísindagreinum og starfar í nánnum tengslum við háskóla á sviði fræðslumála heilbrigðisstétta og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Sjúkrahúsið á Akureyri er annað stærsta sjúkrahús landsins og varasjúkrahús Landspítala. Að jafnaði eru um 630 manns starfandi á FSA í um 480 ársstörfum.

Forstjóri ber ábyrgð á að FSA starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf sem ráðherra setur honum. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og þjónustu sjúkrahússins, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Forstjóri skal hafa háskólamenntun og reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Hann skal einnig hafa þekkingu og reynslu á sviði heilbrigðisþjónustu. Gerð er krafa um hæfni í mannlegum samskiptum ásamt leiðtogaþæfileikum.

Hæfni umsækjenda verður metin af nefnd sem skipuð er af velferðarráðherra skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Um launakjör forstjóra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög nr. 47/2006 um kjararáð.

Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um embættið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri, sveinn.magnusson@vel.is. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið: postur@vel.is eigi síðar en 19. febrúar nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningu í embættið hefur verið tekin.

► **Finndu sköpunargáfu þinni farveg.** Þú vilt læra meira og nýta hæfileika þína í hópi frábærra fagmanna. Komdu til okkar sem störfum saman undir fána Brimborgar. Virkjum sköpunargáfuna saman. Sendu okkur þína umsókn og tölum svo saman.

Við erum hátæknifyrirtæki og bjóðum hágæða vörur frá þekktustu framleiðendum heims. Við bjóðum vörumerki eins og Ford, Volvo, Citroën, Mazda. Volvo vörubíla. Volvo vinnuvélar. Volvo Penta bátavélar. Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkrana og Nokian hjólaröð.

Við horfum öðruvísi á heiminn. Við trúum því að nýsköpunarþörfin gefi okkur, fjölskyldu okkar og viðskiptavinum forskot á lífið. Forskot sem gerir Brimborg að betri kaupstað, betri þjónustustað og betri vinnustað – öðrum þræði öruggum stað að vera á. Við trúum því að næmur skilningur á óskum og þörfum viðskiptavina okkar sé æðsta markmiðið. Lærðu með okkur.

Umsóknarfrestur
er til 25. febrúar n.k.

Þjónustustjóri fyrir atvinnutækjaverkstæði hjá Brimborg Akureyri

Stutt lýsing á starfi

- Ber ábyrgð á daglegum rekstri síns verkstæðis.
- Ber ábyrgð á ánægju viðskiptavina
- Er í senn verk- og tæknistjóri.
- Tryggir að starfsmenn starfi skv ISO stöðlum sinnar deildar.
- Daglega umsjón og eftirlit með nýtingu starfsmanna.
- Stjórnar skipulagi og verkflæði verkefna.
- Umsjón og ábyrgð með samskiptum við birgja á þjónustusviði.
- Ber ábyrgð á því að þekking og hæfni sé skv. stöðlum Brimborgar og kröfum birgja á hverju sviði.

Megin hæfniskröfur

- Réttindi í bifvélavirkjun og/eða vélvirkjun og/eða hafa vélstjóraréttindi.
- Hafi stjórnunarþæfileika
- Gilt bílpróf skilyrði, meirapróf æskilegt
- Góða samskiptahæfileika.
- Góða þjónustulund.
- Heiðarlegur og áreiðanlegur.
- Stundvís

- Geta sýnt frumkvæði í starfi og unnið sjálfstætt.
- Grunnþekking á tölvur (PC/Windows umhverfi.)
- Hafa áhuga á bifreiðum - tækjum.
- Góða íslensku- og enskukunnátta.

Nánari upplýsingar

Brimborg leitast við að ráða til samstarfs fagfólk af báðum kynjum með gildismat sem samrýmist kjarnagildum og megin reglum fyrirtækisins. Fólk sem metur mikils orð og gjörðir eins og heilbrigði, ábyrgð, tillitsemi, umburðarlyndi, árangur, frumkvæði, þekkingarleit og samvirkni.

Skelltu þér á netið www.brimborg.is og sæktu um starfið. Nánari upplýsingar veitir Jón Á. Þorvaldsson framkvæmdarstjóri Brimborg Akureyri síma 515 7050.

Umsóknarfrestur er til 25. febrúar 2012.

Þú sækir um á netinu, www.brimborg.is.
Nú er tækifærið - við bíðum eftir þér.



Öruggur staður til að vera á



Capacent Ráðningar

SÉRFRÆÐINGAR



Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða sérfræðinga á svið Eindareftirlits og Vettvangsathugana. Leitað er eftir öflugum og metnaðarfullum einstaklingum með góða greiningar- og samskiptahæfni. Í boði eru fjölbreytt verkefni og áhugaverð störf í afar krefjandi umhverfi.

SÉRFRÆÐINGUR Í EFTIRLITI MEÐ LÍFEYRISSJÓÐUM OG VÁTRYGGINGAFÉLÖGUM

Starfssvið:

- Fjárhagslegt eftirlit með lífeyrissjóðum, vörsluaðilum séreignarsparnaðar og vátryggingafélögum
- Greining, mat og eftirlit með helstu áhættuþáttum
- Tengiliður við eftirlitsaðila og umsjón með hæfismati þeirra
- Þátttaka í þróun og vinnu við rafræn skýrsluskil og úrvinnslukerfi
- Aðkoma að rannsóknum vegna lífeyrissjóða, vörsluaðila séreignasparnaðar og vátryggingafélaga
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins
- Önnur tilfallandi verkefni

SÉRFRÆÐINGUR Í VETTANGSATHUGANIR

Starfssvið:

- Þátttaka í vettvangsathugunum á eftirlitsskyldum aðilum
- Ábyrgð og vinnsla á einstökum þáttum athugunar
- Greining og mat á eftirlitsskyldum aðilum
- Aðkoma að mótun verkefna
- Skýrsluskil og eftirfylgni niðurstaðna
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur í ofangreind störf:

- Viðeigandi háskólamenntun, t.d. viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Viðeigandi reynsla af fjármálamarkaði eða eftirliti æskileg
- Rík greiningarhæfni nauðsynleg
- Frumkvæði, metnaður, sjálfstæði og nákvæm vinnubrögð nauðsynleg
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hópi
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Skipulags- og áherslubreytingar hafa átt sér stað hjá Fjármálaeftirlitinu undanfarið og nýtt skipurit tók gildi í janúar sl. Nýtt skipurit byggir á verkefnamiðuðu skipulagi þar sem greiningu, áhættumati og vettvangsathugunum er gefið meira vægi en áður. Aukin áhersla hefur verið lögð á samræmd vinnubrögð, skilvirkni og samskipti bæði innan og utan eftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankar, sparissjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, lífeyrissjóðir, rekstrar- og vátryggingafélög, kauphöll o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is.

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir viðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

RAFVIRKJAR OG RAFEINDAVIRKJAR

Viltu vinna í hreinlegu umhverfi og hafa góða vinnuástöðu á líflegum vinnustað? Á tæknisviði Securitas starfar fjöldi tæknimanna við ýmis sérhæfð tæknistörf. Vegna aukinna verkefna óskum við eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:

RAFVIRKI/RAFEINDAVIRKI Á EINSTAKLINGSSVIÐI

Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Sveinspróf í rafvirkjun eða rafeindavirkjun
- ▶ Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- ▶ Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- ▶ Almenn tölvukunnátta

RAFVIRKI/RAFEINDAVIRKI Á FYRIRTÆKJASVIÐI

Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Sveinspróf í rafvirkjun eða rafeindavirkjun
- ▶ Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- ▶ Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- ▶ Góð tölvu- og netkunnátta auk reynslu af öryggiskerfum

Um er að ræða 100% starfshlutfall, örugg framtíðarstörf sem henta jafnt körlum sem konum. Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu okkar www.securitas.is en þar er einnig að finna nánari upplýsingar um störf. Nánari upplýsingar gefur **Kristín Dögg Höskuldsdóttir**, fulltrúi á starfsmannasviði, kristind@securitas.is. **Hreint sakavottorð er skilyrði. Umsóknarfrestur er til 20. febrúar.**

Securitas hf. er stærsta fyrirtæki landsins á öryggismarkaði með um 450 starfsmenn. Hjá Securitas starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur áherslu á að veita frábæra þjónustu. Securitas rekur útibú og starfsstöðvar víða um land en höfuðstöðvarnar eru í Skeifunni 8 í Reykjavík.



Securitas er
fyrirmyndarfyrirtæki
VR 2011



Skeifan 8 | 108 Reykjavík | 580 7000 | securitas.is



Kæliver ehf leitar að öflugum starfsmanni til starfa í þjónustudeild fyrirtækisins.

Fyrirtækið sækist eftir dugmiklum og jákvæðum einstaklingi sem getur axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni. Viðkomandi þarf að vera sveigjanlegur og hafa frumkvæði.

Þjónustudeild leitar eftir velfræðingum/vélvirkjum sem hafa reynslu í þjónustu og eftirliti á frysti- og kælikerfum.

Í starfinu felst aðallega:

- Þjónusta við minni og stærri kælikerfi.
- Þjónusta, uppsetningar og viðgerðir á ammoniak lóðnaðarkerfum.
- Æskileg reynsla í TIG suðu / rórasuðu.

Skriflegar umsóknir um menntun og fyrri störf sendist til Kæliver ehf, Vagnhöfða 9, 110 Reykjavík eða rafrænt, á netfangið kaeliver@kaeliver.is.

Allar nánari upplýsingar veitir Steinar Vilhjálmsson, í síma 894-4310.

Framleiðslustjóri merkinga - Grafískur hönnuður / prentsmiður

Helstu verkefni:

- Móttaka merkja (logo) og annarra upplýsinga frá viðskiptavinum.
- Grafísk hönnun, þ.e. meðhöndlun myndefnis og gerð „prófarka“.
- Útanumhald um samþykktarferil áður en til merkingar kemur.
- Fagleg stjórnun merkingarstarfsemi þ.e. silkiprents, PAD prents og ísaums.
- Merkingarvinna, vöruafgreiðsla og lagerumsjón.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi er mikill kostur.
- Menntun og reynsla á sviði grafískrar hönnunar og prentsmíði.
- Reynsla og þekking í Illustrator og einhver í Photoshop.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Reykleysi er kostur.

Um fullt starf er að ræða.

Ef þú ert öflug manneskja, með áhuga á ofangreindu sviði, þá gæti hér verið um skemmtilegt starf að ræða. Það reynir á vinnusemi og dugnað, hugmyndaauðgi því við þurfum oft að útfæra hugmyndir og koma með nýjar hugmyndir um merkingar og margat fleira.

Umsóknir sendist á gudjon@tanni.is fyrir 19. febrúar nk. Sjá www.tanni.is

tanni
auglýsingavörur

höfðabakka 9 - 110 reykjavík
sími: 567 0500
tanni@tanni.is - www.tanni.is



Félagsráðgjafi

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga auglýsir lausa til umsóknar stöðu félagsráðgjafa við stofnunina.

Starfssvið:

Barnavernd og félagsþjónusta

Umsækjendur þurfa að hafa:

- Starfsbundin réttindi félagsráðgjafa.
- Samstarfsvilja til þverfaglegs starfs
- Getu til að hefja störf sem fyrst!

Umsóknir er tilgreini menntun, persónuupplýsingar, fyrri störf og 2 umsagnaraðila berist á pósthönd: Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga, Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður, Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbæ, ellegar á netfangið sveinn@fssf.is, s. 430 7800, www.fssf.is.

Umsóknarfrestur er til 23. febrúar 2012

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



DREYMIR ÞIG UM AÐ LEIKSTÝRA EINU AF UNDRUM VERALDAR? MANNAUÐSSTJÓRI

Bláa Lónið hefur margsinnis verið valið einn besti spa staður á heimsvísu sem byggir á einstakri upplifun gesta þar sem frammistaða starfsmanna skiptir höfuðmáli. Staðurinn er einstakur að því leiti að við tökumst á við fullt af óvæntum uppákomum á degi hverjum og búum yfir mikilli lífsgleði og orku. Við leitum því að metnaðarfullum og úrræðagóðum mannaússtjóra sem laðar fram það besta í hverjum og einum starfsmanni.

Hlutverk:

- Mótun og framfylgd starfsmannastefnu
- Greining á mannaflaþörf og umsjón með ráðningum í samráði við aðra stjórnendur
- Endurskoðun á núverandi vaktakerfi
- Gerð ráðningasamninga og samræming verkferla
- Endurskoðun á frammistöðumati starfsmanna og bónusa- og fríðindakerfum
- Móttaka nýrra starfsmanna og umsjón með þjálfun þeirra
- Umsjón með starfsþróun, innri vef og fræðslumálum

Persóna:

- Menntun á sviði mannaúðsmála
- Reynsla af sambærilegum störfum nauðsynleg
- Framúrskarandi samskipta- og leiðtogaþæfileikar
- Frumkvæði og hæfni til að innleiða breytingar og vinna í teymi
- Reynsla af stjórnun vaktavinnustaða æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Mjög góð tölvukunnátta

Bláa Lónið er tóbakslaus vinnustaður og þar starfa 160–220 starfsmenn. Frekari upplýsingar veitir Dagný H. Pétursdóttir, framkvæmdastjóri hjá Bláa Lóninu, dagny@bluelagoon.is.

42" FHD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn og 4.000.000:1 skerpu. 200 Active Motion Rate Processing, 24P Mode. DVB-T2 C2/S2 stafrænn móttakari. Gervihnattamóttakari. Smart TV. Wi-Fi Ready. Auto Backlight Control og Ambient Light Sensor. 4x HDMI, LAN, Scart, Ci, VGA, 2x USB og heyrnatólstengi o.fl.

TILBOÐ 159.990

FULLT VERÐ kr. 179.990



Panasonic



EINNIG TIL Í 50"

TILBOÐ 299.990

Panasonic TXP42G30Y

42" Full HD 1080p THX Plasma SJÓNVARP með 1920x 1080p upplausn, Vreal Live Engine, 600 Hz Sub Field Drive, High Contrast Filter, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, 0.001 msec svartíma, háskerpu HDTV stafrænum DVB-T/T2 móttakara, 2x USB, 4 HDMI 1.4, SD kortalesara ofl.

TILBOÐ 179.990

FULLT VERÐ kr. 219.990



PHILIPS

Philips 46PFL6606T

46" FHD LED Pixel Precise sjónvarp með 1920x1080p upplausn. Full-HD, Pixel Plus HD. HD Natural Motion. 400Hz Perfect Motion Rate. 500.000:1 í skerpu. 2ms svartími. Háskerpu stafrænn HDTV móttakari. NET-TV (Wi-Fi möguleiki). USB, VGA, Scart, 3x HDMI, VGA, Digital out og heyrnatólstengi. CI/CI+ lesari o.fl.

TILBOÐ 239.990

FULLT VERÐ kr. 269.990



STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



ALLAR GERÐIR

UMBODSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hjólsmýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrnarnabúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Verzlunin Ranglatur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnési. Snerpa Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. AUSTURLAND: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kaupún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosshaf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvubjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.



72 KÁRI JÓNASSON leiðsögumaður á afmæli.
„Huga þarf að veraldlegri uppbyggingu en ekki síður hlúa að mannsálinni.“



Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför bróður okkar, mágs og frænda,

Garðars Aðalsteins Sveinssonar

rafvirkja, frá Vestmannaeyjum, Blöndubakka 3, Reykjavík.

Ágústa Sveinsdóttir

Berent Theodór Sveinsson

Tryggvi Sveinsson

og frændsystkin.

Laufey Guðbrandsdóttir

Póra Eiríksdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, stuðning og hlýðug vegna fráfalls elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðbjargar Friðfinnsdóttur

Jófríðarstaðarvegi 19, Hafnarfirði, (áður Hlíðarbraut 7).

sem lést mánudaginn 16. janúar.

Sigurður Arnórsson

Friðfinnur Sigurðsson

Sólveig Sigurðardóttir

Arnór Sigurðsson

Sigríður Sigurðardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Christina Wieselgren

Jóhannes Kristjánsson

Árni Finnbogason



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

Kristín Svava Svavarsdóttir

lést á heimili sínu laugardaginn 4. febrúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 15. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heilaheill.

Viðar Gíslason

Andrés Viðarsson

Thelma Svava Andrésdóttir

Margrét Helga Skúladóttir



Innilegar þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýnt hafa fjölskyldunni samúð og kærleik við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

Sigurðar Njálssonar

Efstaleiti 14, Reykjavík,

og heiðrað minningu hans á margvíslegan hátt.

Guðný Þorsteinsdóttir

Halldóra Sigurðardóttir

Anna Sjöfn Sigurðardóttir

Ólafur Njáll Sigurðsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Viðar Símonarson

Guðmundur Páll Ásgeirsson

Birna Bergsdóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Vaktími:
581 3300 & 896 8242
www.utfarin.is

Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir



Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242



PETTA GERÐIST: 11. FEBRÚAR 2011

Mubarak hrökklast frá völdum

Hosni Mubarak, forseti Egyptalands, lét undan ákøfum þrýstingi almennings og hrökklaðist frá völdum þennan dag á síðasta ári. Þar með lauk nærri þriggja áratuga setu hans á forsetastóli. Þetta gerðist eftir þriggja vikna mótmæli almennings. Mikill fögnuður greip um sig meðal fólksins í landinu og var sannkölluð þjóðhátíðarstemning á Tahrir-torgi í Kaíró og víðar í Egyptalandi en Mubarak

forðaði sér frá höfuðborginni og hélt til hallar sinnar við Sharm-el-Sheikh, syðst á Sínaískaga. Herráðið tók við völdum í landinu til að byrja með og ræður enn ríkjum. Barack Obama Bandaríkjaforseti, leiðtogar Evrópusambandsins og þjóðhöfðingjar margra ríkja lýstu ánægju sinni með þróun mála í Egyptalandi en hvöttu jafnframt til þess að lýðræði yrði virt.



FORMAÐURINN
„Ég ræði mikið um félagið við vini og vandamenn og svo spyrst það út hversu gaman er að vera í því.“
MYND/HEIDA.IS

KVENFÉLAGIÐ HLÍF Á AKUREYRI: HELDUR BALL Í TILEFNI 105 ÁRA AFMÆLIS

Safnar fyrir tækjum fyrir bráðamóttöku ungra barna

„Við ætlum að halda ekta fullorðinsball þar sem hljómsveitin Dansbandið leikur fyrir dansi og Anna Breiðfjörð stjórna dansinum,“ segir Birna Soffía Baldursdóttir, formaður kvenfélagsins Hlíf á Akureyri. Umræddur dansleikur verður á Hótel KEA á morgun, sunnudaginn 12. febrúar milli klukkan 14 og 16. Allur ágóði rennur til kaupa á bráðamóttöku-búnaði ungra barna fyrir Slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. „Þessi búnaður er ekki til staðar hér fyrir norðan. Okkur Hlífarkonum finnst það algerlega ekki hægt og ætlum að reyna að bæta úr því. Það er eitt af verkefnum félagsins í tilefni af 105 ára afmæli þess,“ segir Birna sem telur að tækið kosti um fjögur hundruð þúsund.

Þegar haft er orð á að Birna sé býsna ung, miðað við aldur félagsins hlær hún. „Já, ætli ég sé ekki yngsti

formaður þessa félags frá upphafi? Ég verð þrjátíu og þriggja í ár. Við erum fjörutíu og fimm konurnar í Hlíf og sú yngsta er 25 ára.“ Hún kveðst vera nýkomin úr fæðingarorlofi og hafa veitt tíu konur í félagið á mömmumorgnum og víðar. „Ég ræði mikið um félagið við vini og vandamenn og svo spyrst það út hversu gaman er að vera í því.“

Í fyrstu sinnti kvenfélagið Hlíf, fátækrahjálpi og heimahjúkrun. Seinna byggði það og rak um tíma barnaheimilið Pálmholt en þegar barnadeild við sjúkrahúsið var í byggingu tók félagið til við að styrkja hana og gerir enn, ásamt því að sinna öðrum verkefnum tengdum börnum.

Á Akureyri eru líka Kvenfélagið Baldursbrá og Kvenfélag Akureyrarkirkju. Innt eftir hvort um samkeppni sé að ræða milli félaganna svarar Birna. „Nei, hér er allt í sátt og sam-

lyndi og ekkert hverfastríð. Hlíf er opið öllum, algerlega óháð trú og pólitík.“

En aftur að ballinu. Bládamanni finnst það stutt og auk þess haldið að degi til. Býst Birna við góðri þátttöku?

„Já, fólk er að koma til að dansa og þegar tíminn er svona afmarkaður þá kemur það á réttum tíma og tekur þátt. Í gamla daga voru haldin Hlífarböll með alvöru dansstjóra og huggulegheitum. Þetta er tilraun til að endurvefja þau. Anna Breiðfjörð danskennari sem verður með okkur er að þjálf fólk á öllum aldri og það talar um að algerlega vanti böll til að dansa á. Þetta er bara prufa en vonandi eitt-hvað sem er komið til að vera.“

Birna tekur fram að aðgangseyrir sé 2.500 krónur, kaffiveitingar séu innifaldar í verði en ekki sé hægt að taka við greiðslukortum á staðnum.

gun@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem sýnt hafa okkur samúð og hlýðug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

Svandísar Ottósdóttur

læknaritara, Kirkjusandi 1, Reykjavík.

Pétur Guðmundsson

Birgir Rafn Þráinsson

Eva Hrunn Pétursdóttir

Sólrún Edda Pétursdóttir

Óskar Freyr Pétursson

og barnabörn.

Kári Kárasón

Þorgils Ólafur Einarsson

Ása Björg Ásgeirsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýðug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðrúnar Jósefsdóttur

Hjarðarhóli 8, Húsavík,

sem lést á heimili sínu 20. janúar. Útförin fór fram frá Húsavíkurkirkju 28. janúar.

Ragna Kristjánsdóttir

Sæþór Kristjánsson

Sigríður Lovísa Kristjánsd.

Guðrún Agnes Kristjánsd.

Ingvaldur Kristjánsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Karl Bjarkason

Orri H. Gunnlaugsson

Nýr og byltingarkenndur fasteignavefur

- Byltingarkennd leitarvél. Notaðu google map.
- Gríðarlega öflug leitarvél fyrir kaupendur og leigjendur.
- Fjölbreyttari, einfaldari hraðari, nákvæmari og skemmtilegri fasteignaleit.



www.RE/MAX.is

Búrfell 1 - Reykholti

320 Reykholt í Borgarfirði
Gróin bújörð í Reyholtssveit

Stærð: 108 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1973
Fasteignamat: 17.161.000

RE/MAX Senter



Bókið sköun/fund hjá þóru

Verð: 57.000.000



RE/MAX Senter og Þóra kynna 130 hektara jörð, íbúðarhús, hesthús og refahús. Nánari lýsing: Íbúðarhúsið er 108 fm., byggt 1973, en nánast alveg endurnýjað. Nánari lýsing: Húsið er nýlega klætt að utan með liggjandi bárujúmi og timburklæðningu. Einangrun í þaki og veggjum er ný. Gluggar eru nýir úr mahogny. Nýjar raftagnar eru í öllu húsinu, ný heimitaug og rafmagnstafía ný. Þá hafa vatnsleiðslur verið endurnýjaðar. Eldhús er stórt og opið með nýlegri, sprautulakkaðri innréttingu. Borðstofa er rúmgöð. Baðherbergi er endurnýjað með flisum í hólf og gólf, gólfhlita og sturtuklefa með glervegg. Hjónaherbergi er rúmgott með skápum, skápar eru á gangi við svefnherbergi og tvö barnaherb. Þvottahús/geymsla er staðsett við bakdyra-ingang, tengt er fyrir þvottavél og þurrkara. Hesthúsið er 160 fermetrar, innréttað fyrir 10 hesta sem tekur helminginn af húsinu, hinn helmingurinn er notaður til smíða, víðgerða á vélum o.fl. Hestagráðingar eru góðar, sultarhólf og gott gerði. Refahúsið sem er samtals 736 fm., byggt 1985-6, býður upp á mikla möguleika. Allar frekari uppl. veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
7772882
thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remox.is

Mosprýði 7

210 Garðabær
Glæsilegt parhús í Garðabæ

Stærð: 229,9 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 2009
Fasteignamat: 64.250.000
Bílskúr: Já


RE/MAX Senter



Opið Hús

Sunnudaginn kl. 17.00-17.30

Verð: 66.500.000



RE/MAX SENTER kynnr glæsilegt, 5 herbergja, parhús í hrauninu í Garðabæ. Húsið sem er 229,9 fm. staðsteypt (þar af 43,5 fm. bílskúr) stendur á falletti 604 fm. hraunlöð. Nánari lýsing: Húsið er hannað sem fjölskylduhús með 3 góðum barnaherbergjum, hjónaherbergi með fataherbergi, tveim baðherbergjum, stofu eldhúsi og sjónvarpshól. Húsið er innréttað á afar vandað máta með sérsmíðuðum innréttingu frá R.H. Innréttingum úr sérvalinni hnotu. Innréttingar og skápar ná upp í loft, granít er í eldhúsi og baðherb. Forstofa er með skápum/innréttingum, sjónvarpshól er með sérhannaðri innréttingu fyrir sjónvarp/taeki. Stofa, eldhús og borðstofa eru í alrými þar er hátt til lofts og óbein lýsing. Úr stofu er gengið út á pall, bæði til vesturs og suðurs. Barnaherbergi eru öll stór (12-14 fm), hjónaherbergi með fataherbergi inn af, þvottahús vel innréttað, inn af því er geymsla með hílum. Bílskúr vel búinn, epoxi á gólf og styrkerfi fyrir gólfhlita, forhitara (vatn) og loftræstikerfi fyrir lokuð rými í húsinu. Afar vandað og fallett hús - allar frekari upplýsingar veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
7772882
thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remox.is

Hlíðarás 22 Glæsilegt útsýni.

221 Hafnarfjörður
Glæsilegt einbýli, nánast yfirtaka

Stærð: 291,3 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 2007
Fasteignamat: 47.300.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind



Opið Hús

Opið hús sun.12 feb.frá kl 15:00-15:30

Verð: 75.900.000

Jarðhæð: Forstofa, 3 svefnherbergi, gott sjónvarpshól, baðherb/sturta, þvottahús, innangengt í bílskúr/geymslu frá þvottahúsi. Efrihæð: Gengið upp teppalagðan stiga, innbyggð veggjós. Mjög bjart opið rými, björt stofa/borðstofa glæsilegt panorama útsýni, gert er ráð fyrir gasarni í stofu. Glæsilegt eldhús með innb. ísskáp, frystiskáp ásamt uppþvottavél, spanhelluborð. Glæsileg hjónasvita sírka 50 fm. fataherb. snyrting, sturta/bað, svalir, 5 svalarýr á hæðinni. Teikn. eftir Björn Skafason Arkitekt.

Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
6617788
bo@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is


RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remox.is

Til sölu Furuvellir 37

221 Hafnarfjörður
Glæsilegt einbýli á einni hæð.

Stærð: 270 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 2005
Fasteignamat: 43.300.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind



Pantið skoðun í síma 661 7788

Verð: 59.900.000

Glæsilegt 270 fm. einbýlishús á einni hæð innst í botnlanga á góðum stað í Hafnarfirði. Eignin skiptist í: Forstofu, 4 svefnherbergi, stofu/borðstofu, eldhús, baðherbergi, gestasnyrting, þvottaherbergi. Forstofa, fataskáp, glæsileg stofa, borðstofa útgengt á vernd með rafmagnspotti. Hjónaherbergi með fataherb. innaf er glæsilegt baðherbergi með hornbaðkari, sturtu, flisalag í hólf og gólf. Þrjú mjög rúmgöð svefnherbergi. Þvottaherb. með innréttingu, innangengt í tvöf. bílskúr. Eign sem vert er að skoða

Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
6617788
bo@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remox.is

Æsufell 4 íbúð 2C

111 Reykjavík Reykjavík
Áhv 11.9milj Áfb 59þús Laus strax

Stærð: 92 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1973
Fasteignamat: 15.400.000

RE/MAX Lind



Opið Hús

Opið hús á Sunnudaginn kl 14:00-14:30

Verð: 14.900.000

*** RE/MAX LIND kynnr *** LÆKKAB VERB ADEINS 161 ÞÚS Á PR FM Komíð er inn í forstofu með parket á gólf. Stofan/borðstofa er mjög björt með parketi á gólf, sjónvarpshól, útgengt frá stofu á suðurvalir. Eldhúsið er með snyrtilegri innréttingu, korkur á gólf. Hjónaherbergið er með mjög rúmgött, góður fataskápur, dúkur á gólf. Agætis Barnaherbergi, stór fataskápur, dúkur á gólf. Baðherbergið er með baðkari, tengi fyrir þvottavél

Ámi Þór Jónsson
Sölufulltrúi
773 6262
arni@remax.is

Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
6617788
bo@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remox.is

Glæsi eign að Ljárskógum 21

109 Reykjavík
Fallett útsýni, mikið endurnýjað.

Stærð: 229,8 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1976
Fasteignamat: 44.550.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind



Opið Hús

Opið hús sun.12 feb.frá kl 14:00-14:30

Verð: 59.500.000

Sérstaklega fallett 230 fm. einbýlishús með miklu útsýni á tveimur hæðum, glæsileg 150 fm vernd með potti. Góð forstofa, flisar á gólf, fataskáp. Gestasnyrting flisalögð. Stofa/borðstofa með miklu útsýni, parket á gólf. Glæsilegt eldhús með innb. ísskáp, uppþvottavél, spanhelluborð, 3 svefnherbergi ásamt stóru skrifstofurými sem auðvelt er að breyta í 2 herb. Glæsilegt flisalagt baðherb. með sturtu, útgengt á vernd. Á jarðhæð. Þvottahús, opið rými, innangengt í 45,1 fm. innb. tvöfaldan bílskúr.

Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
6617788
bo@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remox.is



Elskulega dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,

**Vilhelmína
Guðmundsdóttir**
Sléttuvegi 7, Reykjavík,

lést á heimili sínu þann 7. feb. Jarðarför auglýst síðar.

Guðmundur Ottósson
Grétar Karlsson
og frændsystkini.

Anna Þóra Sigurþórsdóttir
Ólöf Ólafsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýbug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, stjúpföður, tengdaföður, afa og langafa,

Harðar Sumarliðasonar
Lækjasmára 6, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar í Kópavogi fyrir góða umönnun.

Erna Hartmannsdóttir

Jenný Kamilla Harðardóttir
Oddný Guðbjörg Harðardóttir
Dagný Magnea Harðardóttir
Heiða Björk Reimarsdóttir
Kristín Helga Reimarsdóttir
Linda Sólveig Reimarsdóttir
Sigurlína Anna Halldórsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Eiríkur Hermannsson
Bjarni Reykjalin
Magnús Karlsson
Sigurvin Einarsson
Rúnar Guðjónsson



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýbug vegna fráfalls okkar ástkæru,

Katrínar Vilhelmsdóttur
Flúðaseli 32, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færur við heimahlynningu á Akureyri og í Reykjavík og öllu heilbrigðisstarfsfólki sem annaðist hana í veikindum hennar.

Snorri B. Arnar

Inga Björk Ingólfssdóttir
Kristjana Vilhelmsdóttir
Bryndís Gylfadóttir
Margrét Vilhelmsdóttir
Jóhann Bjarki Hauksson
María S. Arnar
Ester María Ragnhildardóttir
Ottó B. Arnar
Ottó Bjarki Arnar

Vilhelm Arthúrsson
Haukur Eiríksson
Kristján Örn Hauksson
Birgir Arnar



Innilegar þakkir færur við ykkur öllum, sem sýnt hafið samúð, vináttu og hlýbug við andlát og útför sonar okkar, bróður, mágs og barnabarns,

**Arnþórs Inga
Andréssonar.**

Sérstakar þakkir færur við Lionsklúbba Álftaness, Kvenfélagi Álftaness og öðrum vinum okkar fyrir ómetanlegan stuðning 4. janúar síðastliðinn. Guð blessi ykkur öll.

Andrés R. Ingólfsson
Ása Andrésdóttir
Auður Ásta Andrésdóttir
Guðbjörg Guðlaugsdóttir
Hafliði G. Guðlaugsson
Konráð G. Guðlaugsson
Ásta Haraldsdóttir
Ragnheiður Halldórsdóttir

Guðlaug Helga Konráðsdóttir
Benjamin Beier
Hilmar Þór Sunnusun
Elva Dröfn Adolfsdóttir
Eygla Árnadóttir
Steinþór Nygaard
Ingólfur Konráðsson

**INNBLÁSINN AF
ÞJÓÐBÚNINGNUM**
Ragna Fróða
hannaði þennan
óvenjulega þjóð-
búning nýverið.



Fjallar um áhrif þjóðararfs á hönnun

Þjóðararfur og hönnun er heiti fyrirlestrar hönnuðarins Rögnu Fróða sem hún heldur í dag í Norræna húsinu klukkan tvö. Ragna er hönnuður og listrænn stjórnandi hjá Edelkoort inc. en það fyrirtæki er heimsþekkt fyrir svokallað „trend forecast“.

Fyrirtækið spáir fyrir um strauma og stefnur í hönnun og tísku í bókum sem það gefur út fyrir tísku og hönnunariðnaðinn. Í fyrirlestri sínum mun Ragna

leggja áherslu á áhrif þjóðar-
menningar á strauma og stefnur
í hönnun.

Ragna Fróðadóttir nam textíl- og tískuhönnun í París og Reykjavík. Eftir að hafa haldið úti eigin fatahönnunarmerki, Path of Love, í um áratug flutti hún til New York og hóf störf hjá alþjóðlega fyrirtækinu Edelkoort inc. Ragna Fróðadóttir tók þátt í Norræna tískutværingnum 2011 í Seattle.

Fullt af táknum og vísunum í liðna tíð

Móbergur-Rafsteinn-Sæmunkur nefnist sýning sem opnuð er í Ketilhúsinu á Akureyri í dag á vegum Sjónlistamiðstöðvarinnar. Heitið er sótt í gamlar nafngiftir sem listamennirnir Árni Valur Axfjörð, Hafsteinn Michael Guðmundsson og Jón Sæmundur Auðarson hafa dustað rykið af í tilefni sýningarinnar.

Listamennirnir þrír eiga það sameiginlegt að sækja innblástur til hugar og sálar mannsins,

andlegra heima, fornra leyndardóma og trúarbragða. Hver um sig hefur skapað sinn eigin hugmyndaheim sem er fullur af táknum og vísunum í liðna tíð en byggður upp í sköpun og kynngimögnuðu andrúmslofti fortíðar, nútíðar og framtíðar, eins og það er orðað í fréttatilkynningu.

Sýningin stendur til 11. mars og er opin alla daga nema mánu-
daga frá 12-17. Aðgangur að henni er í boði Akureyrarbæjar.

- gun



LISTAMENNIRNIR Árni Valur Axfjörð, Hafsteinn Michael Guðmundsson og Jón Sæmundur Auðarson.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Torben Friðriksson
fyrirverandi ríkisbókari,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 4. febrúar. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 15. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkuð, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Rauða krossinn.

Margrét B. Þorsteinsdóttir

Steen Magnús Friðriksson
Hanna Katrín Friðriksson
Knútur Þór Friðriksson
og barnabörn

Heléne Westrin
Ragnhildur Sverrisdóttir
Hanna Kristín Pétursdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, bróðir og sonur,

Dagur Benediktsson
hjúkrunarfræðingur,
Lyngmóum 16, Garðabæ,

lést þriðjudaginn 7. febrúar á deild A6 Landspítalanum Fossvogi. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 17. febrúar kl. 13.00.

Maricris Castillo DeLuna

Emil Dagsson
María Kristveig DeLuna Dagsdóttir
María Kolbrún DeLuna Dagsdóttir
Kristjana Benediktsdóttir
Sigurveig Benediktsdóttir
Benedikt Þormóðsson



Innilegar þakkir færur við öllum þeim sem vottuðu okkur samúð og hlýbug við andlát ástkærrar móður okkar, tengdamóður, systur, ömmu og langömmu,

Sigríðar Sigurðardóttur
Hrafnistu, Laugarási.

Þökkum einnig öllu því góða starfsfólki á Hrafnistu sem að henni kom á undanförunum árum.

Erla Ólafsdóttir
Örn Ólafsson
Svala Ólafsdóttir
Hulda Ólafsdóttir
Ragnar Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Örvar Ingólfsson
Signý Einarsdóttir
Sigurður L. Hall
Björn P. Sveinsson



Við færur innilegar þakkir öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Guðmundar Sveinssonar
(Billa)**

netagerðarmeistara frá Siglufirði,
Seiðakvísl 3, Reykjavík.

Starfsfólk Eirarholts og hjúkrunarheimilisins Eirar fær bestu þakkir fyrir alúð og góða umönnun.

Elísabet Kristinsdóttir
Þóra Sjöfn Guðmundsdóttir
Sveinn Guðmundsson
Birna Guðmundsdóttir
barnabörn og langafabörn

Reynir Vignir
Kolbeinn Finnsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

SAMSUNG

Hönnun og myndgæði í hæsta gæðaflokki

6500 LÍNAN GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

SAMSUNG hlaut fjögur
EISA VERÐLAUN 2011-2012
fyrir framúrskarandi framleiðslu.

Ein þessara verðlauna voru veitt
fyrir **þetta sjónvarp**:

SAMSUNG 6505 – og TITILINN:

**BESTU SJÓNVARPSKAUP
ÁRSINS 2012**

SAMSUNG 6500 SJÓNVÖRP
LED · 3D · SMART TV
STÆRÐIR: 32"/37"/40"/46"/55"/60"



8000 LÍNAN TOPPLÍNAN Í SAMSUNG

SAMSUNG
8000 SJÓNVÖRP
LED · 3D · SMART TV
800 Hz

STÆRÐIR: 40"/46"/55"/60"

**SAMSUNG færir þér framtíðina
með 8000 · LED · SMART TV**

SAMSUNG SMART TV veit allt um kvikmyndir, þætti og forrit!

SMART TV færir þér það besta sem sjónvarp hefur upp á að bjóða í dag.

Þú getur núna notað Internetið að fullu í sjónvarpinu með nýjum möguleikum eins og Search All.

Þar getur þú leitað að allskonar sjónvarpsefni og fréttum á netinu. Hægt er nálgast allt þitt efni á þínu eigin heimaneti, t.d. sækja tónlist frá síma eða kvikmyndir frá tölvu beint í sjónvarpið. Endalausir möguleikar með Samsung TV Forritum en þar er t.d. boðið upp á Facebook, Skype, Picasa o.mfl.

SAMSUNG 8000 LED SMART TV er tilbúið til að gera alla skemmtun og samskipti í sjónvarpi *enn skemmtilegri!*

Komdu og gerðu bestu kaupin!

SAMSUNG**SETRID**
samsungsetrid.is

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSONLÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
www.ormsson.isORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

HEILSUÁTAKIÐ Í BÓNUS HEILSUÁTAKIÐ

ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS



1995
KR. KG

**KJÖRFUGL FERSKAR
KJUKLINGABRINGUR**



398
KR. 500 GR

BÓNUS KAFFI 500 GR



1498
KR. KG

**SLÁTURFÉLAGIÐ FERSKT
RIFSBERJA LAMBALÆRI**

Ali ALI FERSKT GRÍSAKJÖT
GOTT VERÐ Í BÓNUS



698
KR. KG

FERSKUR GRÍSABÓGUR



998
KR. KG

GRÍSAKÓTILETTUR



1298
KR. KG

GRÍSAHNAKKASN. ÚRB.



PEPSI 2 LTR.
195 KR.
PEPSI & MAX



COKE 2 LTR.
195 KR.
ZERO & LIGHT



179
KR. 1 LTR.
BÓNUS
FLORIDA
SAFI 1 LTR.



KRISTALL 2 LTR.
195 KR.
MEXICAN LIME



BÓNUS 2 LTR.
159 KR.
APPELSÍN

OS BRAUÐOSTUR 26%



300 KR. VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 1298 KR.KG
TILBOÐ Í FEBRUAR
998 KR.KG


	3	9				1
1		3				7 2
	2	6	4		3	
				4	8	
6	4					9 7
		7	5			
		9		5	6	3
4	6			3		5
3				2	8	

ÚRLAUSN Á SUDUKO
GÁTU 38 ER Á BONUS.IS ³⁸

OPNUM KL.IO **BONUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

OPNUM

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS 

Í BÓNUS HEILSUÁTAKIÐ Í BÓNUS



195
KR. KG

RAUÐAR VATNSMELÓNUR



195
KR. KG

HOLLENSKAR CONFERENCE PERUR



195
KR. PK

FUJI EPLI 2 STK



279
KR. KG

USA SÆTAR KARTÖFLUR



298
KR. 250 ML

FROOSH ÁVAXTA 250ML ORKUDRYKKUR



698
KR. 500 GR

HEIMA MÖNDLUR NÝ SENDING KOMIN Í VERSLANIR



498
KR. 600GR

FERSKAR DÖÐLUR



498
KR. 20 STK

PUKA 20 TEGRISJUR LÍFRAENT TE

Möndlurnar eru ofurfæða!

Tímaritið International Journal of Obesity um fjallaði um offitu og nýja rannsókn sem bendir sterklega til þeir sem borða átta til níu grömm á dag af möndlum, lækki líkamsmassa sinn (Body Mass Index) um heil 18 prósent.

Nnæringarefni í möndlum eru t.d. E-vítamín, fólínsýrur, magnesíum, kopar og trefjar. Möndlur innihalda holla fitu; aðallega ein- og fjölómettaðar fitusýrur. Rannsóknir benda til þess að svolitill skammtur af möndlum daglega geti dregið úr líkum á hjartasjúkdómum og lækkað blóðfitu.



498
KR. 1.2 KG

FROSNIR ÁVEXTIR Í HEILSUDRYKKI



498
KR. 1 KG



498
KR. 1 KG



398
KR. 250 G

FERSK JARÐARBER 250 GR



359
KR 125 GR

FERSK BLÁBER 125 GR



275
KR. 250 G

FROSIN BLÁBER 250 GR



275
KR. 350 G

FROSIN BERJABLANDA 350 GR



VEFSÍÐAN fjolmenningarvefur barna.net er forvitnileg síða þar sem finna má upplýsingar um lönd og þjóðir víða um heim auk íslensks orðabanka, þýðingarvéla á mörgum tungumálum, barnasöngva frá Evrópu og alls kyns fróðleiks.

Lisaloppa og Kata í ratleik 2

Bragi Halldórsson

„Ert þú að segja mér að þessi ónýti veggur tilheyrir ratleiknum?“ spurði Kata hneyksluð. „Hann er nú kannski ekki alveg ónýtur,“ sagði Lisaloppa. „En það vantar í hann nokkra steina.“ Kata horfði á gatið í veggnum drykkilanga stund. „Þetta getur ekki verið hluti af ratleiknum,“ sagði hún loks. „Hvernig getur gat á vegg verið þraut?“ „Jú,“ sagði Lisaloppa. „Við eigum að komast að því hvað vantar marga steina í vegghleðsluna.“ „Nú, svoléiðis,“ sagði Kata. „Ég var farin að halda að við ættum að stökkva á hjólabrettum í gegnum gatið eða eitthvað álíka.“

Getur þú hjálpað Lisaloppu og Kátu að finna út hvað vantar marga steina í vegghleðsluna?



BRANDARAKISTAN

Konan: Eftir hverjum ert þú skírður, Hans?
Hans: Eftir spænska kónginum.
Konan: En hann heitir ekki Hans.
Hans: Jú víst. Hans hátígn!

Á veitingastaðnum: Ég vildi gjarnan panta mér borð.
Nei, því miður. Húsgögnin eru ekki til sölu.

Hvernig brenndi drekinn sig á hendinni?
Hann hélt fyrir munninn þegar hann geispaði.

Mamma: Af hverju setur þú bangsann þinn inn í frysti?
Halli: Af því mig langar í ísbjörn.

Þú getur sent brandara til krakkar@frettabladid.is

ÆTLAR ALLTAF AÐ EIGA HEIMA HJÁ MÖMMU

Máni Ramzy Norðfjörð Secka verður sjö ára eftir nokkra daga. Hann gengur í Austurbæjarskóla og býr með Dagbjörtu mömmu sinni. Honum finnst oftast gaman í skólanum en skemmtilegast þykir honum að tromma. Þegar hann verður fullorðinn langar hann að keyra um á mótörhjól og hann ætlar aldrei að gifta sig.

Nafnið þitt er mjög fallett, getur þú sagt okkur frá því? Takk fyrir það. Mamma og pabbi völdu nafnið mitt, mamma valdi Mána því henni hefur alltaf þótt það svo fallett og pabbi valdi Ramzy því besti vinur hans hét þessu nafni. Norðfjörð og Secka eru fjölskyldunöfnin mín.

Hvar lærðir þú að spila á trommu? Ég lærði að spila á trommur í Kramhúsinu hjá guðföður mínum, honum Alseny Silla, og líka hjá Antonio sem var með krakkanámskeið í Kramhúsinu þarsíðasta sumar. Svo kemst ég alltaf í trommurnar hjá ömmu minni á Kryddlegin hjörtu. Þar eru alls konar trommur til staðar.

Hvernig líður þér þegar þú spilar? Mér líður bara mjög vel, ég elska að tromma.

Eru aðrir krakkar hissa á því hvað þú ert flinkur að spila? Nei, ekkert svo.

Spilar þú á einhver önnur hljóðfæri? Ég hef spilað á gítar en mér finnst skemmtilegast að tromma.

Finnst þér líka gaman að dansa? Já, það er alveg gaman. Ég hef verið á dansnámskeiði í Kramhúsinu hjá Natöshu í breiki og hipphoppi.

Hvað heitir skólinn þinn? Ég er í Austurbæjarskóla.

Er gaman að vera þar? Já, mjög gaman, en ekki þegar einhver er að stríða mér.

Er það satt að þú sért löngu búinn að læra að lesa? Já ég lærði að lesa 5 ára.

Og kanntu að skrifa og reikna líka? Já, ég er mjög góður í skrift og reikningi.

Hver eru uppáhalds fögin þín í



Máni Ramzy Norðfjörð Secka elskar að spila á trommur. Hann lærði að spila hjá guðföður sínum, Alseny Silla, sem spilar á trommur í Kramhúsinu. FRETATABLADIÐ/ANTON

skólanum? Mér finnst skemmtilegast í sundi og textílmenn.

Ef þú fengir að vera fullorðinn einn dag, hvað myndir þú þá gera? Ég myndi vilja keyra um á mótörhjól.

Hefur þú heimsótt pabba þinn til Gana? Já, þegar ég var tveggja ára fór ég til pabba og ömmu.

Hvar ætlar þú að búa þegar þú verður stór og með hverjum? Ég ætla að búa hjá mömmu. Ég ætla sko ekki að gifta mig.



Kynnum vor/sumar 2012 vörurnar í Tvö líf í dag!

Einnig lokaútsala aðeins þrjú verð 2000, 3000 og 4000 krónur.

tvö líf

www.tvolif.is Holtasmári 1 · © 517 8500

Hvað veistu um Star Wars-myndirnar?

1. Hvað heita hinir bangsalegu íbúar skógartunglsins Endor?
2. Hvað heitir tvíbúrasystir Loga geimhengils og hvaða titil ber hún?
3. Hver er aðstoðarflugmaður á geimskipinu Millennium Falcon?
4. Hver var það sem Jedi-meistarinn Qui-Gon Jinn bjargaði úr þrælalaldi á plánetunni Tatooine?
5. Hver er Padmé í raun og veru?
6. Hvaða smávaxni en vitri Jedi-meistari kemur við sögu í öllum myndunum nema þeirri fyrstu?
7. Hver er Svarthöfði?
8. Hver er faðir Loga geimhengils?
9. Hver tekur hjálminn af Svarthöfða í Return of the Jedi?
10. Hver var frystur af illmenninu Jabba the Hut?

- Svör:**
1. Ewokar. 2. Leia prinsessa. 3. Chewbacca, sem er at tegundinni Wookiee. 4. Anakin geimhengill. 5. Amidala, drottning plánetunnar Naboo. 6. Yoda. 7. Anakin geimhengill. 8. Svarthöfði. 9. Logi geimhengill. 10. Han Solo.



LÍKAMSRÆKT!

FYRIR ÞÁ SEM ELSKA AÐ HREYFA SIG!



13.990

ADIDAS DURAMO 4

Léttir hlaupa- og æfingaskór með adiPRENE-dempun í hæl. Dömu- og herrastærðir.

ÞÚ GETUR VERSLAÐ MEIRA HEIMA Á www.intersport.is

FRÍ PÓSTSENDING UM ALLT LAND!



3.490

ADIDAS ESSENTIAL WASHKIT

Snyrtitaska.



990

ENERGETICS BOTTLE

Vatnsbrúsi. Stærð: 0,75 lítrar.



4.990

(fullt verð 6.990)

NIKE INDY REVERSIBLE STRAPPY BRA

Æfingatoppur úr teygjanlegri bómull og polyester. Hægt að snúa á rönguna og fá annað mynstur. Léttur stuðningur. Dömustærðir.



8.990

ADIDAS RESPONSE WIND JACKET

Léttur hlaupajakki úr CLIMACOOOL-efni með góðri öndun. Litur: Bleikur. Dömustærðir.



8.990

(fullt verð 11.990)

ADIDAS SUPERNOVA TIGHTS

Hlaupabuxur úr teygjanlegu CLIMACOOOL-efni með góðri öndun. Dömustærðir.



4.990

(fullt verð 6.490)

NIKE INDY STRAPPY LONG BRA

Æfingabulur með stuðningstoppi. Litir: Svartur, bleikur, ferskjulitaður.



7.490

NIKE FILAMENT CAPRI

Hlaupa- og æfingakvartbuxur úr teygjanlegu efni með góðri öndun. Dömustærðir.



5.990

ADIDAS ESSENTIAL TEAMBAG

Íþróttataska. Lítil: 5.990. Miðstærð: 6.990. Stór: 7.990



6.990

(fullt verð 8.990)

ADIDAS RESPONSE LONGSLEEVE TEE

Síðerma hlaupabulur úr teygjanlegu efni með góðri öndun. Litur: Blár. Herrastærðir.



8.990

ADIDAS RESPONSE TIGHTS

Hlaupabuxur með FORMOTION-sniði sem þvinga ekki hreyfingar líkamans. Herrastærðir.



8.990

(fullt verð 10.990)

ADIDAS RESPONSE WIND JACKET

Léttur hlaupajakki úr CLIMACOOOL-efni með góðri öndun. Litir: Svartur, blár. Herrastærðir.

INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 11. – 17. FEBRÚAR 2012 **ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA**

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. dylja, 6. stefna, 8. stórt ílát, 9. mærd, 11. berist til, 12. safna saman, 14. málmblanda, 16. kallorð, 17. kverk, 18. fiskur, 20. ung, 21. svall.

LÓÐRÉTT

1. slagæð á úlnlið, 3. skammstöfun, 4. land í Suðvestur-Asíu, 5. sigað, 7. hlutavelta, 10. spor, 13. endir, 15. greinilegur, 16. langur, 19. tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. fela, 6. út, 8. hit, 9. lof, 11. skyr, 16. hár, 19. ll.
LÓÐRÉTT: 1. púls, 3. eh, 4. Líbanon, 5. at, 7. tombla, 10. far, 13. lok, 15. kok, 18. áll, 20. ný, 21. rall.
LÁRÉTT: 2. fela, 6. út, 8. hit, 9. lof, 11. skyr, 16. hár, 19. ll.

Til sölu tískuvöruslun á besta stað við Laugaveg

Frábært tækifæri - Gott verð

Nánari uppl. veitir Heimir Bergmann



Heimir Bergmann
Sími 822 3600
heimir@domusnova.is
heimir.domusnova.is

Axel Axelsson
Löggiltur fasteignasali



DOMUSNOVA
Fasteignasala

Turninum 12. hæð - 201 Kópavogur - www.domusnova.is

Kræktu klónum í ævintýrið



Leikir og gleði á
hverri síðu ... MJÁ!

JPU
JPU ÚTGAFA
www.forlagid.is

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

Amfetamín, óábyrgt kynlíf og stríð

BAKPANKAR Atla Fannars Bjarkasonar

Motörhead er hættuleg hljómsveit. Í 37 M ár hefur boðskapurinn sem Lemmy Kilmister og félagar predika breiðst hratt um heimsbyggðina og í raun verið hornsteinn hnignunar mannkyns. Óábyrgt kynlíf, stríð, spilafíkn og fíkniefnaneysla er aðeins hluti af því sem meðlimir Motörhead hafa á samviskunn og sem íbúar þessa heims getum við aðeins vonað að Guð þyrmi sálum okkar þegar stóri dagurinn rennur upp — við leyfum þeim að vaða uppi og fyrir það skulum við gjalda.



FYRR í vikunni birtust fréttir af óprúttum aðilum sem gerðu tilraun til að flytja boðskap Motörhead til landsins í formi rauðvins merktu hljómsveitinni. Því var að sjálfsögðu hafnað af nefnd á vegum Áfengis- og tóbaksverlunar ríkisins. Hún telur áhrifagjarna Íslendinga ekki tilbúna til að neyta vins á meðan allt sem djöfullinn sjálfur stendur fyrir blasir við á flöskunni.

Þegar annarra þjóða geta að vísu keypt vinið án vandræða, en íslenska þjóðin er ekki tilbúin.

DIÖFULLEGT merki Motörhead er vel sýnilegt á flöskunum. Það er því augljóst að nefndin treysti þjóðinni ekki til að forðast amfetamínneyslu, óábyrgt kynlíf og stríðsrekstur á meðan

hún dreypir á volgu Motörhead-rauðvíni. Þetta er skiljanlegt vegna þess að fátt fer betur saman en notaleg kvöld með rauðvín í hönd og stríðsrekstur undir áhrifum amfetamíns.

ÖNNUR rök sem nefndin notaði til að hafna kröfunni voru þau að meðlimir Motörhead koma ekki nálægt framleiðslunni. Þessi rök eru að sjálfsögðu góð og gild, enda notuð til hlíðsjónar við framleiðslu á fjölmörgum öðrum vörum. Allir vita til dæmis að Ágústa Johnson bakar sjálf heilsukexið sem hún leggur nafn sitt við, Arnar Grant og Ívar Guðmunds blanda líka prótíndrykkinn Hámark, svo ég tali ekki um stjórnur á borð við Britney Spears og David Beckham sem nýta stórkostlega efnafræðikunnáttu sína til að blanda ilmvoð. Loks má ekki gleyma íþróttálfnum og Sollu stírðu, sem vinna baki brotnu við framleiðslu á vörum Latabæjar víða um heim. Þetta vita allir.

ÞESSI harðduglega nefnd þarf að fá miklu víðtækari völd. Merkimíðar eru ekki það eina sem þarf að taka hart á innan ÁTVR, heldur einnig áfengið sjálft. Aldrei er maðurinn berskjaldaðri fyrir daglegum freistingum á borð við óábyrgt kynlíf, eiturlyfjaneyslu og stríðsrekstur en þegar hann er undir áhrifum áfengis. Næsta verkefni nefndarinnar er því að banna allt áfengi á Íslandi og leggja svo sjálfa sig niður. Eða skrifa nýja stjórnarskrá.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



EINSTÖK SÖGU- OG MENNINGARFERÐ
Tyrkland
2.-13. maí



Í fótspor Guðríðar
1.-9. júní
byggð á Reisubók Guðríðar eftir Steinunni
Jóhannesdóttur sem verður faglegur
leiðsögumaður í ferðinni.



SÁ VINSÆLASTI Á ÍSLANDI Í 18 ÁR
Knattspyrnuskóli
Sir Bobby Charlton
í Manchester



GSM ferðir ÍT ferða
Ganga - Saga - Menning

GSM ferðir ÍT ferða
Ganga - Saga - Menning

www.itferdir.is

Velkomin á nýja heimasíðu
ÍT ferða, www.itferdir.is

Á ÍSLANDI

Allir velkomnir!

Opin kynning á skólanum verður
þriðjud. 14. feb. kl. 20:00
í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Opnar æfingar í Akraneshöllinni og Fífunni 15. og 16. febr.

Tyrkland 2.-13. maí:

Einstök göngu- og menningarferð
með Jóni Björnssyni rithöfund.

Istanbul, Cappadocia o.fl.

Verð frá kr. 369.900.

Verð miðast við gengi EUR gagnvart ISK 8. febr. 2012.

Missið ekki af einstakri ferð
sem ólíklegt er að verði aftur í boði.

Fá sæti í boði! - Bókið strax!

Mögnuð og metnaðarfull

sögu- og menningarferð
til Alsír og Marseille

Verð frá kr. 399.900

Verð miðast við gengi EUR gagnvart ISK 8. febr. 2012.

Missið ekki af einstakri ferð
sem ólíklegt er að verði aftur í boði.

Fá sæti í boði! - Bókið strax!



Knattspyrnuskóli

Bobby Charlton
í Manchester

Verð aðeins kr. 199.900*

*Verð miðað við fargjald, flugv.skatta og gengi GBP 8. febr. 2012

Tilvalin fermingargjöf
fyrir fótboldastelpuna og -strákinn
og hentar fyrir alla áhugasama
leikmenn, 13-16 ára.



it ferðir
Pottþétt og persónuleg þjónusta



Mörkinni 3 - 108 Reykjavík - Sími 588 9900 - Fax 588 9901 - www.itferdir.is

Golf á Spáni í vor - Tveir 5 * staðir,
Las Colinas og La Finca á frábæru verði.

Dags.: 28. mars - 4. apríl 4. - 11. apríl 11. - 18. apríl 17. - 29. apríl 18. - 25. apríl.

Verð frá aðeins 204.900 kr. / 209.900 kr.

miðað við fargjald, flugv.skatta og gengi EUR 8. feb. 2012

Flugsæti í boði á sömu dagsetningum með Icelandair eða Iceland Express.
Verð frá 79.900 kr. með flugv.sköttum og bókunargjaldi.



ÞORVALDUR DAVÍÐ í hlutverki Stebba psycho prýðir bókakápu nýrrar kiljuútgáfu bókarinnar Svartur á lík eftir Stefán Mána sem komin er út í tilefni samnefndrar kvikmyndar sem frumsýnd verður brátt.

GERÐUBERG
Menningarmiðstöð

2012

Heimsdagur barna

á Vetrarhátíð í Reykjavík 2012

Magnað myrkur



Allir velkomnir!

laugardaginn
11. febrúar
kl. 13-17

Í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og frístundamiðstöðinni Miðbergi

Listsmiðjur kl. 13-16

- Hrollvekjuhúsið
- Snædrottningar og kóngar
- Seiðandi flamenco Minervu
- Glitrandi kóngulóarspuni
- Stjörnuregn
- Töfrahljóðfæri álfanna
- Draumur í dós
- Leikbrúðusmiðja álfanna
- Draugaveiðar
- Meistari hugans
- Óskaloftbelgir
- Frostrósir og snjókrystallar
- Klakastyttur
- Möndlusnakk Dimmuborga

Ókeypis
aðgangur!

Hátíð íss og myrkurs kl. 16-17

Nánari upplýsingar um smiðjurnar á www.gerduberg.is

Menningarmiðstöðin Gerðuberg • Gerðubergi 3-5 • 111 Reykjavík
Sími 575 7700 • gerduberg@reykjavik.is • www.gerduberg.is



HIN PÓLSKA OTYLIA LIS Búningasmiðja snædrottningarinnar verður opin í dag. Þar geta allir gert sinn eigin búning í anda vetrarríkis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skuggalegt og skemmtilegt

Árlegur heimsdagur barna er í Gerðubergi í dag milli klukkan 13 og 17. Atriðin eru gríðarlega fjölbreytt og flest í anda myrkurs.

„Það er búið að setja upp draugahúsið og ég er ekki enn búin að þora í gegnum það. Húsið er ekki mjög stórt en það gæti hvaða tívolí sem er verið hreykið af því,“ segir Hólmfríður Ólafsdóttir, verkefnastjóri í Gerðubergi, glettnislega þar sem hún er í óða önn að undirbúa heimsdag barna sem er í dag. „Flest atrið-

in eru í anda myrkurs. Hér verður margt skuggalegt og skemmtilegt, hrollvekjandi og hrikalegt. Það á svoltið að hræða krakkana,“ segir hún og nefnir kóngulóarvef úr sjálflysandi borðum og leikhús þar sem krakkar geta sjálfir gert leikbrúurnar og haft þær eins skuggalegar og þau vilja.

Hólmfríður tekur líka fram að óskastjörnur, töfrahörpur álfa, flamenco-dans og frostrósir komi við sögu á heimsdeginum. „Svo getur eitt barn í einu sett á sig höfuðfat sem nemur heilabylgjurnar þegar það einbeitt sér og með hugorkunni á það að geta beygt skeið sem sést

á skjá. Þetta þarf það að gera til að forða sér frá einhverjum Zombí sem ætlar að éta úr því heilann með skeiðinni!“ lýsir hún.

Heimsdagurinn er haldinn nú í tíunda skipti í Gerðubergi og er hluti af Vetrarhátíð í Reykjavík. „Við stækum viðburðinn alltaf og stækum. Nú erum við með fimmtán atriði, öll mjög metnaðarfull,“ segir Hólmfríður. Hún á von á mörgum gestum. Undanfarin ár hafa þeir verið fimmtán til sautján hundruð. „Þetta verður alveg frábært,“ segir hún. „Ég vil bara hvetja fólk til að mæta tímanlega.“

gun@frettabladid.is

Ljósmyndir sem list

Ljósmyndasýningar, ásamt fróðlegum fyrirlesti, verða á KEX hosteli, Skúlagötu 28 í kvöld milli klukkan 20 og 21.30.

Kvöldið hefst á því að Jón Proppé listfræðingur, sem er að skrifa sögu ljósmyndunar sem listmiðils, kynni rannsóknir sínar og sýnir myndir tengdar þeim. Að því loknu verður sýning á íslenskum samtímaljósmyndum frá árunum 1990 til 2011.

Í framhaldinu mun heiðursgestur ljósmyndadaga og samstarfsaðili, Christophe Laloi, stofnandi og list-

rænn stjórnandi ljósmyndahátíðarinnar Voies Off í Arles Frakklandi, sýna úrval ljósmynda frá 16 ára sögu hátíðarinnar.

Sýningin er haldin í tilefni af ljósmyndadögum í Reykjavík og er skipulögð af Félagi íslenskra samtímaljósmyndara ásamt Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Vakin er athygli á því að myndunum er varpað á tjald og þær eru sýndar aðeins í þetta eina sinn. Því er mjög mikilvægt að fólk mæti tímanlega.

- gun



Á SÝNINGUNNI Þessi mynd er ein þeirra sem brugðið verður upp á Kexi í kvöld.

MYND/NICOLAS HAENI

Heilsuvin í Mosfellsbæ óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra í allt að 50% starf

Heilsuvin í Mosfellsbæ er hlutafélag í eigu fyrirtækja og einstaklinga í heilsuþjónustu í Mosfellsbæ. Starf framkvæmdastjóra felur í sér almennt utanumhald um starf klasans, kynningar- og markaðsstarf, öflun nýrra hluthafa fyrir klasann, umsjón með umsóknum um styrki, bókhald og fleira.

Nánari upplýsingar um Heilsuvin er að finna á slóðinni www.heilsuvin.com. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Pálsson, stjórnarformaður Heilsuvinjar gegnum netfangið jon@ans.is.

Umsóknir skulu sendar á netfangið heilsuvin@heilsuvin.com fyrir 24. febrúar næstkomandi.

BYLGJAN 25
ÁRA
989

Hemmi Gunn
– og svaraðu nú!

Fjölbreyttur og fjörugur þáttur



alla sunnudaga
klukkan 16.
Njótið vel



ÆVINTÝRÍÐ LIFNAR VIÐ „Það sem segja má að hafi verið mest heillandi er að sköpunarferlið verður allt til beint fyrir framan augun á börnunum,“ segir gagnrýnandi Fréttablaðsins.

Góð sýning fyrir góð börn

Leiklist ★★★★★

Skrímlið litla systir mín

Sýnt í Norræna húsinu.

Höfundur, flytjandi og myndlistarmaður: Helga Arnalds, tónlist: Eivör Pálsdóttir, leikstjóri og meðhöfundur: Charlotte Bøving

Í kjallara Norræna hússins er búið að koma fyrir litlu leikhúsi og þar á púðum og kollum koma áhorfendur sér vel fyrir til þess að kynna dreng sem verður fyrir þeirri ógurlegu lífsreynslu að eignast systur sem í raun og veru er skrímli. Margir þekkja þá erfiðu reynslu og hryllilegu daga þegar yngra systkin tekur yfir alla athygli foreldranna og stóra barnið sem búið er að lifa eins og eina sólin í tilveru foreldranna gleymist.

Hér gefur að líta ævintýri sem gerist í leikmynd sem öll er úr hvítum þunnum pappír. Pappírinn lifnar við og verður að bráðskemmtilegum verum og hryllilegu skrímli auk þess að úr honum er galdraður fram feiknarflottur kastali. Sýningin er ætluð þriggja til níu ára börnum og það er alveg öruggt að engum leiðist. Fimm ára samferðamaður minn linnti ekki látum þegar heim kom heldur vildi strax fara að teikna og með svörtum tússlit má segja að hann hafi endursagt alla söguna, tengdi saman örmjóu strikin sem urðu að pabbanum og mömmunni og hafði sérstaklega gaman af því að teikna skrímlið fast og svart eins og konan gerði í leikhúsinu.

Það sem segja má að hafi verið mest heillandi er að sköpunarferlið verður allt til beint fyrir framan augun á börnunum, það er ekkert

sem er óskiljanlegt né heldur flókíð. Allt sem gerist geta þau í raun gert sjálf þegar heim kemur, það er að segja ef til eru nokkrir metrar af maskínupappír. Það verður fróðlegt að vita hvernig þessi sýning skilar sér inn í verkefni á leikskólunum.

Að sýningu lokinni í Norræna húsinu fá þau börn sem þess óska að taka þátt í smíðju þar sem þau geta fengið að búa til skrímli eða dreka eða eitthvað annað sem fyrir kom í sýningunni. Tónar og tónlist sem hljóma eru úr tónsmíðju Eivvarar Pálsdóttur.

Helga Arnalds leikur konu sem er algerlega hvítklædd og með slaufur úr sams konar pappír og sá sem hún skapar úr. Hún er skiljanlega sögumaður um leið og hún fer með þann texta sem persónunum er ætlaður. Ljós og skuggar eru í jafn mikilvægu hlutverki og aðrir þættir verksins. Þegar slett er vatni á pappírinn sem hangir niður á sviðið og síðan beitt rauðleitri lýsingu í átt að áhorfendum og sögumaður tekur að skera niður glugga og dyr þannig að úr verður kastali, opnuðust allir litlu munnarnir og augun stóðu á stilkum.

Þessi sýning var áhorfendum samboðin. Þær Charlotte Bøving og Helga Arnalds hafa hér náð, með hjálp Hallveigar og Eivvarar, í hinn rétta tón. Það er varla hægt að tala um að takast betur en þegar börnin lifa áfram í ævintýrinu að sýningu lokinni. Hvort sem þau vinna úr afbrýðisemi sinni eður ei!

Elisabet Brekkan

Niðurstaða: Höfundar hafa náð í hinn rétta tón í afar góðri sýningu um ógurlega lífsreynslu drengs.

Baunagrasið frumsýnt á Litla sviðinu

Barnaverkið Baunagrasið verður frumsýnt á Litla sviði Borgarleikhússins í dag. Þetta er annað verk í Ævintýrasýrpu þeirra Guðjóns Davíðs Karlssonar og Þrastar Leó Gunnarssonar, þar sem þeir ferðast um töfraheim ævintýranna.

Fyrri verkið í sýrpunni, Eldfærin, hlaut tvær tilnefningar til Grímunnar á síðasta ári, sem áhorfendasýning ársins og barnasýning ársins.

Nú ætla þeir Góí og Þröstur að halda áfram að kafa ofan í gömlu ævintýrin og blása í þau nýju lífi á sviðinu. Leikhúsgestir munu sjá risann, gömlu konuna, fallettu ríku stelpuna, sjálfspilandi hörpuna og hænuna sem verpir gulleggjunum sem allir muna eftir úr ævintýrinu. Góí er í hlutverki Jóa, en



GÓÍ SEM JÓÍ í Baunagrasinu er Guðjón Davíð Karlsson í hlutverki Jóa, en Þröstur Leó Gunnarsson leikur öll hin hlutverkin í sýningunni.

Þröstur bregður sér í öll hin hlutverkin. - hhs

STARFSMAÐUR Í TÖLVUDEILD

Norvik hf. óskar eftir að ráða starfsmann í tölvudeild.

Starfssvið: Uppsetning og viðhald á PC-vélum og jaðarbúnaði.

Þjónusta við notendur í síma og með heimsóknum í hinar ýmsu deildir fyrirtækisins.

Samskipti við starfsmenn og samstarfsaðila.

Hæfniskröfur: Leitað er að einstaklingi með menntun í kerfisfræði, rafeindavirkjun eða sambærilegu. Önnur menntun ásamt viðtækri starfsreynslu kemur einnig til álita.

Þekking og reynsla á Microsoft Windows stýrikerfi skilyrði.

Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt og hafa góða þjónustulund.

Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2012.

Nánari upplýsingar veitir Linda Kristmannsdóttir í tölvupósti linda@norvik.is eða í síma 458-1000

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Norvikur, www.norvik.is



Starfsemi Norvikur hf. hófst árið 1962 með stofnun BYKO hf. Nú starfækir Norvik byggingavörverslanir, timbursölur, leigumarkaði og lagnadeildir BYKO ásamt verslunum ELKO, Intersport, Húsgagnahallarinnar, Nóatúns, Krónunnar, 11-11 og Kjarvals.

Starfsmenn Norvikur samsteypunnar eru nú um 3.000 og eru höfuðstöðvar hennar að Bildshöfða 20, Reykjavík (á efstu hæð Húsgagnahallarinnar).

Dótturfyrirtæki Norvikur hf. í Lettlandi eru BYKO-LAT og Vika wood, í Bretlandi eru Wayland Timber og Continental Wood Products. Einnig er dótturfélag Norvikur, Norwood, með starfsemi í Rússlandi.



KARLAÁTAK KONUATAK BRAZIL BUTT LIFT ZUMBA

6 VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 20. OG 21. FEB.

Hress býður nú upp á sex vikna kraftnámskeið fyrir þá sem vilja koma sér í form á nýju ári. Námskeiðin hefjast 20. og 21. febrúar og standa til 30. mars.

Skráning og nánari upplýsingar: Símar 565 2212 og 565 2712 mottaka@hress.is www.hress.is

ÁTAK – Konur Mán., mið. og fös. kl. 06.05 Mán., mið. og fös. kl. 09.15 Mán., mið. og fös. kl. 17.30 Mán., mið. og fim. kl. 18.30	ZUMBA Tímar á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 12.05	BRAZIL BUTT LIFT Námskeið kl. 16.45–17.30 mánudaga og miðvikudaga.
ÁTAK – Karlar Mán., þri. og fim. kl. 18.30		Skráning stendur yfir.

INNIFALID Í NÁMSKEIÐUM:

Aðgangur að fjórum stöðvum, sundi og tækjasólum	Hot Yoga Zumba Hraðferð 45	Tabata Pilates Vaxtarmótun	BodyPump SB 30/10 RPM	BodyVive BodyBalance Hjólátímar	Jóga Stöðvaþjálfun BodyAttack	Warm yoga Krossþjálfun Heitfimi
---	----------------------------------	----------------------------------	-----------------------------	---------------------------------------	-------------------------------------	---------------------------------------

Dalshrauni 11
Ásvöllum 2
220 Hafnarfirði
hress@hress.is
www.hress.is

ÁSMEGIN
Sjúkraþjálfun

HRESS

LEIKHÚSUPPLIFUN
FYRIR BÖRN FRÁ 4 ÁRA ALDRI

Skrimslid litla systir mín

Sýningar um helgina!

Laugardag kl. 15.00 **uppselt**
Sunnudag kl. 12.00 **aukasýning**
Sunnudag kl. 15.00 **uppselt**



LEIKHÚSIÐ
10 FINGUR

Sýnt í Norræna húsinu í febrúar

Miðpantanir: midi.is og
Norræna húsið s: 551 7030
Nánari upplýsingar á tiufingur.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 11. febrúar 2012

→ Félagsvist

14.00 Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.
19.00 Bridge, Tvímenningur, verður spilaður í Breiðfirðingabúð Faxafeni 14. Allir velkomnir.

→ Sýningar

15.00 Hjalti Parelus opnar sína fimmtu einkasýningu í Gallerí Fold við Rauðarárstíg.



17.00 Hulda Hlín Magnúsdóttir opnar sýningu í 7Factory Gallerí, Fiskislóð 31 Reykjavík. Yfirskrift sýningarinnar er chromotion, eða lit-lifun.

→ Íþróttir

12.45 Smárábió sýnir viðureign Manchester United og Liverpool í ensku deildarkeppinni í fótbolta í beinni útsendingu í þrívídd.

→ Uppákomur

10.00 Vetrarhátíð Reykjavíkur heldur áfram. Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá í

boði í allan dag. Sjá nánar á vetrarhátid.is.

13.00 Heimsdagur barna verður haldinn í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og frístundamiðstöðinni Miðbergi. Þema dagsins að þessu sinni er Magnað myrkur. Börnum og fjölskyldum þeirra er boðið að taka þátt í fjölbreyttum listasmiðjum og njóta margs konar skemmtunar. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

14.00 Þjóðminjasafn Íslands býður gestum að koma með gamlar ljósmyndir í greiningu til sérfræðinga.

→ Tónlist

13.00 Tónleikaröð Súfistans í Hafnarfirði heldur áfram með hljómsveitinni Gang Related.

21.00 Stórsveitin Valdimar stígur á stökk á Bar 11 í kvöld. DJ dúet Pink & Floyd mæta á svæðið að þeim loknum og halda stuðinu gangandi fram á nótt. Aðgangur er ókeypis.



21.00 Greifarnir spila á balli á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi. Öll bestu Greifalögin, gömul og ný, munu hljóma á þessum fyrstu tónleikum ársins hjá drengjunum.

22.00 Sigríður Thorlacius flytur frönsk dægurlög ásamt Ómari Guðjónssyni, Guðmundi Óskari Guðmundssyni og

Magnúsi Tryggvasyni Eliassen á Græna Hattinum Akureyri. Upphitun verður í höndum Snorra Helgasonar og hljómsveitar. Miðaverð er kr. 2.000.

23.00 Bragi Ragnarsson, Jón M. Einarsson og Hallgrímur Guðsteinsson halda tónleika á Ob-La-Di, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

→ Útivist

10.00 Hjólfreiðferð á vegum LHM verður farin frá Hlemmi og hjólað verður í 1-2 tíma um borgina. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis. Nánari upplýsingar á LHM.is

Sunnudagur 12. febrúar 2012

→ Fundir

15.00 Skemmtifundur Félags harmonikkunnenda í Reykjavík verður haldinn í Iðnó. Gunnar Kvaran og hljómsveit kynna tónlist Everts Taube auk þess sem Ásta Soffía Þorgeirsdóttir, Flemming Viðar Valmundsson, hljómsveit FHUR og fleiri koma fram.

→ Uppákomur

10.00 Vetrarhátíð Reykjavíkur lýkur í dag. Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá í boði í allan dag. Sjá nánar á vetrarhátid.is.

→ Dansleikir

20.00 Dansleikir Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldinn í félagsheimili þeirra, Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassísk leikur léttu danstónlist. Aðgangseyrir er kr. 1.500 en kr. 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

→ Kvikmyndir



15.00 Stalker, ein af kvikmyndum hins fræga rússneska leikstjóra Tarkovskíjs, verður sýnd í MÍR Hverfisgötu 105. Myndin er frá árinu 1979 og er með enskum texta. Aðgangur er ókeypis.

22.00 Vikurlegt þýnnkubíó á skemmtistaðnum Prikínu. Aðgangur ókeypis og popp í boði.

→ Tónlist

16.00 Svavar Knútur og Kristjana Stefáns halds uppi stemningu á Vetrartónleikaröð í Merkigili, heimili söngvaskáldanna Uni og Jóns Tryggva á Eyrarbakka. Aðgangur er ókeypis en frjáls fram-lög eru vel þegin.



→ Leiðsögn

14.00 Halldór B. Runólfsson verður með leiðsögn um sýningarar þá og nú og í afbyggingu sem standa yfir í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg.

→ Listamanspjal

15.00 Listamanspjal verður um sýningu Söru og Svanhildar Vilbergsdætra, Systrasögur: Tvíhent á striga, í listasafni ASÍ. Villi Valli og Rúnar Vilbergsson leika á harmonikku og fagott.

15.00 Mynlistarmaðurinn Einar Garibaldi Eiríksson mun taka þátt í spjalli um Jóhannes S. Kjarval á Kjarvalsstöðum. Nú stendur yfir sýning á helstu lykilverkum Kjarvals í austursal Kjarvalsstaða og er spjallið í tengslum við það.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



GIACOMO PUCCINI LA BOHÈME

HULDA BJÖRK GARDARSDÓTTIR - GISSUR PÁLL GISSURARSON / ÞÓRA EINARSDÓTTIR - GARÐAR THÓR CORTES
ÁGÚST ÓLAFSSON - HRÓLFUR SÆMUNDSSON - JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON
HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR - BERGÞÓR PÁLSSON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI: DANÍEL BJARNASON - LEIKSTJÓRI: JAMIE HAYES

LEIKMYND: WILL BOWEN - BÚNINGAR: FILIPPÍA ELÍSDÓTTIR - LÝSING: BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON



FÖSTUDAGINN 16. MARS KL. 20 - FRUMSÝNING
LAUGARDAGINN 17. MARS KL. 20 - 2. SÝNING
LAUGARDAGINN 31. MARS KL. 20 - 3. SÝNING
SUNNUDAGINN 1. APRÍL KL. 20 - 4. SÝNING
LAUGARDAGINN 14. APRÍL KL. 20 - 5. SÝNING
FÖSTUDAGINN 20. APRÍL KL. 20 - LOKASÝNING

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á WWW.HARPA.IS

ÍSLENSKA ÓPERAN

Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um *starf deildarforseta hönnunar- og arkitektúrdeildar*

Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um starf deildarforseta hönnunar- og arkitektúrdeildar. Umsækjandi skal vera hönnuður eða arkitekt með mikilsverða reynslu í atvinnuumhverfi sinnar greinar. Það skilyrði er sett að umsækjandi hafi meistaragráðu eða sambærilega háskólagráðu í greininni.


Deildarforseti fer með yfirstjórn deildarinnar og er í forystu fyrir starfsemi hennar bæði innvið og útvið. Hann leiðir stefnumótun fyrir deildina, rættar samstarf kennara og sérfræðinga, byggir upp brýr til atvinnulífs og annarra háskóla, er fulltrúi skólans í alþjóðlegu samstarfi á sviði hönnunar og arkitektúrs, og ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og annarra áætlana sem varða deildina sérstaklega.

Jafnframt er til þess ætlast að deildarforseti taki þátt í almennri umræðu um hönnun og arkitektúr, jafnt innan skólans sem utan, og láti að sér kveða á opinberum vettvangi um málefni þessara greina. Deildarforseti situr í framkvæmdaráði skólans og fagráði, og sinnir trúnaðarstörfum fyrir skólann í heild sem rektor kann að fela honum.

Umsóknir skulu merktar viðkomandi starfi og sendar rektor Hjálmar H. Ragnarssyni, Listaháskóla Íslands, Þverholti 11, 105 Reykjavík, eigi síðar en **mánudaginn 5. mars** næstkomandi.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans lhi.is

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·



Könnun meðal fagfólks í iðnaði

Nýlega lét IÐAN fræðslusetur kanna viðhorf fagfólks í iðnaði til starfsins, vinnustaða og starfsþróunarmöguleika.

Niðurstöðurnar eru áhugaverðar fyrir alla sem starfa í iðnaði og varpa athyglisverðu ljósi á ímynd iðnaðar, starfsánægju og sjálfsmynd fagfólks í iðnaði.

Sérstakar kynningar á niðurstöðum könnunarinnar eftir iðngreinum verða haldnar á morgunfundum hjá IÐUNNI fræðslusetri.

14
febrúar

Kynning á niðurstöðum könnunar meðal starfsfólks í prentiðnaði
Þriðjudaginn 14. febrúar frá 8:30 - 10:00

21
febrúar

Kynning á niðurstöðum könnunar meðal starfsfólks í hársnyrtiiðn
Þriðjudaginn 21. febrúar frá 8:30 - 10:00

15
febrúar

Kynning á niðurstöðum könnunar meðal starfsfólks í byggingariðnaði
Miðvikudaginn 15. febrúar frá 8:30 - 10:00

22
febrúar

Kynning á niðurstöðum könnunar meðal starfsfólks í matvæla- og veitingagreinum
Miðvikudaginn 22. febrúar frá 8:30 - 10:00

17
febrúar

Kynning á niðurstöðum könnunar meðal starfsfólks í málm- og véltækniðnaði
Föstudaginn 17. febrúar frá 8:30 - 10:00

23
febrúar

Kynning á niðurstöðum könnunar meðal starfsfólks í bílgreinum
Fimmtudaginn 23. febrúar frá 8:30 - 10:00

Kynningarnar fara fram í sal IÐUNNAR, Skúlatúni 2, á 6. hæð. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.



IÐAN
fræðslusetur

Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - Fax 590 6401
idan@idan.is - www.idan.is



NÝR KINDLE Bókarisinn Amazon.com kynnir á næstunni tvær nýjar útgáfur af Kindle-lestölvunni sinni, sem hefur slegið í gegn víða um heim. Nýju útgáfurnar verða með sjö og níu tommu skjá. Kindle hefur hingað til verið fánleg með sex tommu skjá.



FÓLK ER MISJAFNT Sumir vilja stunda kynlíf á næturnar, aðrir á kvöldin og enn aðrir um hábjartan dag.

Vakinn af kærustunni til að stunda kynlíf

? Kærastan mín vill alltaf vakna á næturnar til að stunda kynlíf – hún er aldrei til í tuskið ÁÐUR en við förum að sofa. Er asnalegt að ég vilji frekar gera það á kvöldin? Eru konur kannski þannig gerðar að þær njóta kynlífs betur um miðja nótt?

SVAR: Konur eru ekki sér þjóðflokkur sem stundar bara kynlíf á ákveðnum tímum dags. Engir tveir einstaklingar eru eins og á það einnig við um konur. Þín kona nýtur kannski kynlífs betur eftir að hafa sofið í sig smá orku. Þá hafa mörg „kvennablöð“ oft ráðlagt konum að karlar elski að láta vekja sig um miðja nótt í villtum kynlífsleik. Kannski finnst konunni þinni þessi tími einfaldlega hentugastur eða kannski er hún að fara eftir afleitum ráðum tímarits. Hvort heldur, ef þessi tími hentar þér ekki þá verður þú

að segja það við hana og þið að sammælast um tíma sem hentar ykkur báðum. Það gengur ekki að annað hvort ykkar sé hálfsofandi á meðan á samförum stendur. Kannski þarf konan þín að fara fyrr upp í rúm, ná að sofa smá áður en þú kemur upp í og þá eru þið bæði til í tuskið á sama tíma. Eða þið gætu prufað kynlíf um miðjan dag. Ef þú vilt að þetta breytist þá verður þú að tala við hana. En svo velti ég því fyrir mér, vill hún kannski hafa þig sofandi á meðan á samförum stendur? Ef svo er þá erum við komin út í allt aðra sálma.

KYNLÍF: ÞARFTU HJÁLP?

Sendu **Sígu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



Uppfærsla gerir út um símavandamál skeggjaðra

Skeggjaðir menn hafa lent í vandræðum með snertiskjásímama sína sem lýsir sér þannig að skeggið skellir á viðmælendur. Fyrir suma ætti að vera einfalt mál að leysa vandann.

TÆKNI Alskegg er í tísku hjá karlmonnum víða um heim og þá sérstaklega í Reykjavík. Skeggið hefur ýmsa kosti, eins og Fréttablaðið greindi frá á dögnum, en skeggsérfræðingurinn Stjúri, sem rekur rakarastofu í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar, segir það meðal annars veita góða vörn fyrir bæði hita og kulda. Ókostirnir eru líka til staðar og einn af þeim einskorðast við menn sem nota síma með snertiskjá og þá sérstaklega Nokia N8.

Þeir sem eru með þykkt alskegg hafa lent í því að skjárin nemi skeggið á meðan á samtali stendur með þeim afleiðingum að síminn skelli á eða setji viðmælendann á bið. Vandamálið má þó leysa á einfaldan hátt með því að hala niður Symbian Belle-uppfærslunni á heimasíðu Nokia.

Þorsteinn Þorsteinsson, vörustjóri farsíma hjá Hátækni, segir að vandinn hafi legið í skynjara í skjánum, en að það sé nú úr sögunni. „Það er búið að laga þetta vandamál með uppfærslum, en þeir sem voru með mikið skegg lentu frekar í þessu en hinir,“ segir hann.

Ókostirnir við alskeggið eru nokkrir í viðbót, eins og Stjúri kom að á dögnum. „Marga klæjar undan skegginu í fyrstu,“ segir hann. „Svo eiga matarleifar til að festast í því, en maður verður að vera duglegur að þrifa sig og forðast að borða eins og dýr.“ Þessi vandamál verða ekki leyst með hugbúnaðaruppfærslu.

atlifannar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

UPPFÆRÐU SÍMANN ÞINN

- Til að sækja Symbian Belle í Nokia N8-símann þinn þarftu að vera með Nokia PC Suite-hugbúnaðinn settan upp í tölvunni þinni.
- Það á að vera nóg að tengja símann við tölvuna og opna Nokia PC Suite. Þannig ættirðu að finna nýjustu uppfærsluna sem ætti að gera út um skeggvandamálið.

AMERICAN STYLE

12 ÁRA & YNGRI

borða FRÍTT með fjölskyldunni allan febrúar

Gildir eingöngu þegar forráðamaður kaupir máltíð. 1 máltíð á barn af barnamatseðli. Gildir eingöngu í sal.

Bíldshöfða 14 • 566 5007 | Dalshrauni 15 • 555 6610 | Nýbýlavegi 22 • 554 6085 | Skipholt 70 • 568 6838 | Tryggvagötu 26 • 551 2700



Ferming 2012



Skoðið úrvalið og fleiri myndir á facebook síðu Galleri Sautján og á www.ntc.is

galleri sautján
Kringlunni | Smáralind



43

ÁR fyllir leikkonan Jennifer Aniston. Hún mun eflaust halda upp á daginn með kærasta sínum Justin Theroux.



BEIN Í BAKI Hér sést ein stúlkan ganga fyrir framan myndavélina í þeirri von um að fá að taka þátt í RFF. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




LEGGUR LÍNURNAR Þessi strákur tók á móti leiðbeiningum frá Arnari Gauta.



MÆLINGAR Í GANGI Ásta Kristjánsdóttir var með málbandið á lofti.

Upprennandi fyrirsætur freista gæfunnar

Reykjavík Fashion Festival hélt á dögunum opið hús til að leita að fyrirsætum til að taka þátt í tískuveislunni. Strákar jafnt sem stelpur mættu í þeirri von um að fá að ganga tískupalla á hátíðinni sem fer fram í lok mars. Arnar Gauti Sverrisson, framkvæmdastjóri Reykjavík Fashion Academy, Ásta Kristjánsdóttir og Ellen Loftsdóttir, stílisti RFF, leiðbeindu krökkunum sem mættu. Fjörutíu fyrirsætur verða svo valdar til að sýna á RFF og fara þær í strangar æfingabúðir. Mikill hamangangur var á svæðinu þegar ljósmyndari Fréttablaðsins mætti á svæðið.



BROSMILD Það er lyklatríði að brosa við myndatökuna.



„LABBADU Í ÞESSA ÁTT“ Arnar Gauti bendir í átt að myndavélinni en allir sem sóttu um voru myndaðir.



FYLGJAST MEÐ Arnar Gauti og Ásta fylgjast spennnt með.

Allir pottar & pönnur á afslætti **15-50%** en aðeins í nokkra daga Yfir **100** tegundir

Ál Stórir pottar
Stál Litlir pottar
Keramik Skaffpottar
Teflon Þrýstipottar
Titan Gufusúðupottar
Djúpar pönnur
Grunnar pönnur
Grillpönnur
Wok-pönnur
Pönnukökupönnur

TEFAL
EVA
BEKA
SCHOU
TRISTAR
SWAN
BERGHOFF
SITRAM
JAMIE OLIVER

bygggt og búíð

568 9400 bygggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / bygggtogbuid

SPARAÐU ÞÚSUNDIR

House hættir göngu sinni

Bandarísku sjónvarpsþættirnir House ljúka göngu sinni í Bandaríkjunum í apríl þegar sýningum lýkur á áttundu þáttaröðinni. Framleiðendurnir, þar á meðal aðalleikarinn Hugh Laurie, sögðu að ákvörðunin hefði verið sársaukafull en tími væri kominn að binda enda á þættina.

Laurie leikur Gregory House, snjallan lækni sem virðist eiga erfitt með að læra almenna mannsiði. Þættirnir hafa hlotið yfir fjórutíu verðlaun síðan þeir hófu göngu sína, þar á meðal Emmy- og Golden Globe-verðlaun.



KVEÐJUSTUND Áttundu og síðustu þáttaröðinni af House lýkur í apríl.

Hitta ráðgjafa vegna sonarins

Sir Elton John og maðurinn hans, David Furnish, hafa hitt ráðgjafa vegna uppeldis sonar þeirra, Zachary. Þeir óttast að hann verði litinn hornauga þegar hann vex úr grasi.

Zachary kom í heiminn á jóladag 2010. „Við ætlum að ala hann upp þannig að hann verði stoltur af því hver hann er og skilji að hann varð til upp úr ást okkar beggja,“ sagði Furnish við tímaritið Attitude. „Hann á eftir að fá mikla athygli og hugsanlega verður hann litinn tvöfalt meira hornauga bæði vegna þess að foreldrar hans eru mjög frægir og að hann á tvo pabba.“

Elton John, sem er 64 ára, segir að það hafi verið ótrúleg upplifun að eignast barn, sérstaklega vegna þess að hann bjóst ekki við því að eignast fjölskyldu. „Árið okkar með honum hefur verið frábært. Ég get ekki lýst því hversu gott þetta ár hefur verið og hversu mikla ánægju hann hefur fært okkur,“ sagði tónlistarmaðurinn um Zachary.

„Mér líður ekki eins og 65 ára manni, sem ég verð á næsta ári. Núna þegar ég hef eignast barn hef ég svo mikið meira að gera. Mig langar að sjá svo margt verða að veruleika áður en ég dey.“



HITTA RÁÐGJAFI Elton John og David Furnish hafa hitt ráðgjafa vegna uppeldis sonar þeirra, Zachary.



ÚR NÝJU MYNDBANDI Nýtt myndband Úlfs við lagið Black Shore hefur vakið athygli.

Black Shore vekur athygli

Nýverið sendi tónlistarmaðurinn Úlfur frá sér myndband við lagið Black Shore sem er að finna á plötu hans, White Mountain, sem kemur út hjá Kimi Records í lok mars. Áður kemur hún út hjá japanska útgáfufélaginu AfterHours.

Máni Sigfússon leikstýrði myndbandinu sem hefur fengið mikla athygli frá frumsýningu og hafa rúmlega 33 þúsund manns borið það augum á Vimeo.com.

Úlfur, sem kallaði sig áður Klive, hefur spilað með Swords of Chaos og verið bassaleikari í tónleikahljómsveit Jónsa.



LEIKUR DÍÖNU Naomi Watts leikur Diónu prinsessu í nýrri mynd.

Naomi Watts sem Dána

Naomi Watts mun leika Diónu prinsessu í nýrri mynd sem talið er að fjalli um samband hennar við hjartalækinn Hasnat Khan. Þau áttu í leynilegu ástarsambandi sem hófst árið 1995 en lauk nokkrum mánuðum fyrir dauða hennar 1997.

Myndin nefnist Caught in Flight og leikstjóri verður Oliver Hirschbiegel sem vakti mikla athygli fyrir myndina Downfall. Hann segir Watts framúrskarandi leikkonu sem hafi yfir að ráða þeirri hlýju og mannægæsku sem þarf til að leika Diónu. Watts sást síðast í myndinni J. Edgar þar sem hún lék á móti Leonardo DiCaprio.

ÞEKKTU ÞITT MAGAMÁL

... og náðu tökum á mataræðinu



Í þessari bók er kynnt aðferð við að ná stjórn á matarvenjum sínum sem höfundurinn hefur þróað á síðastliðnum 15–20 árum.

Aðferðin hefur verið nefnd „Þjálfun svengdarvitundar“ og byggir á hugrænni atferlismeðferð.

Aðferðin er notuð á næringar- og offitusviði Reykjalundar, á Landspítalanum og víðar í íslenska heilbrigðiskerfinu.

Reynslan hefur sýnt að þjálfun svengdarvitundar gagnast vel þeim sem glíma við offitu og hvers kyns átraskanir.

Umsagnir um bókina:

Í offitumeðferðinni á Reykjalundi höfum við notað þjálfun svengdarvitundar í nokkur ár. Hún hefur gefist mjög vel og hjálpað fjölmörgum að skilja mun á svengd og löngun í mat og auðveldað þeim að hafa stjórn á stærð máltíða. Það hefur aftur auðveldað þeim að ná tökum á „eðlilegri“ næringu. Við sjáum þjálfun svengdarvitundar því sem mjög gott hjálpartæki í meðferð offitu.

Ludvig Guðmundsson, yfirlæknir næringar- og offitusviðs Reykjalundar

Neyslusamfélagið léttir okkur ekki ævinlega lífið. Knúðið áfram af æ meiri framleiðslu, sölu og neyslu á alls kyns varningi, hvetur það leynt og ljóst til ofneyslu og sóunar. Öll ofgnóttin verður hvað sýnilegust og afdrifaríkust þegar neysluvaran er matur eða drykkur. Afleiðingarnar eru aukin líkamspýngd milljóna manna um víða veröld. Við þurfum að læra að borða, drekka og velja rétt og hlusta á líkamann. Þessi bók kennir einmitt það.

Dr. Laufey Steingrimsdóttir, næringarfræðingur og prófessor við H.Í.

Við þjálfun svengdarvitundar er áhersla lögð á að velja mat af kostgæfni, fylgjast með áti á meðan því stendur, hætta að borða hóflega saddur og meta líðan að máltíð lokinni.

Þetta er gagnreynd meðferð, sem kennir að þekkja sitt magamál. Þýðendum hefur tekist vel að þýða bókina, sem á erindi við hina fjölmörgu, sem eiga við ofþyngd að stríða.

Dr. Eiríkur Örn Arnarson, prófessor í sálfræði við H.Í.

SKRUDDA
www.skrudda.is

SUPER SUB
2 fyrir 1
af lambasamlokum
í febrúar.

Nýbýlavegi 32 • www.supersub.is



PÓSAÐ Hér má sjá tiskubloggarann vinsæla Bryan Boy í stórum pels að pósa fyrir myndavélarnar.



ATHYGLI Þessi unga dama var stöðvuð á ferð sinni til að fá mynd af klæðaburði hennar en þetta er algeng sjón á tiskuvíkunum.



Á LEIÐ INN Þessi var mynduð á leið sinni inn í Lincoln Center þar sem margar sýningar fara fram.

NORDICPHOTOS/AFP



HÁIR HÆLAR Fegurð umfram þægindi eru án efa lykilorð gesta tiskuvíkkunnar.



BLOGGARAR Þeir skipta eflaust hundruðum tiskubloggararnir sem keppast við að mynda flottasta klæðaburðinn á gestum tiskuvíkkunnar.



NEONLITIR Gult pils og munstraðar buxur.



LITADYRÐ Litríkir skór eru fylgihluturinn í ár.

FEGURÐ UMFRAM ÞÆGINDI Í NEW YORK

Tiskuvíkan í New York var á sett með pompi og prakt á fimmtudaginn þar sem fatahönnuðurinn Nicholas K reið á vaðið. Tískuunnendur flykkjast nú til borgarinnar og vart verður þverfótað fyrir smart klæddum tiskubloggurum, hönnuðum og fjölmiðlafólki með myndavélarnar á lofti. Litríkir hælaskór, pelsar og sólgleraugu einkenna götutísku borgarinnar en tiskuvíkan í New York er aðeins byrjunin á tiskuveislunni sem heldur áfram út mánuðinn í London, Mílanó og loks París.

Laaaaaaaangbestar?



Mörgum finnst Superfries vera laaaangbestu frönskurnar og þær eru nú betri en nokkru sinni áður. Sérvaldar kartöflur, steiktar í repjuolíu og kryddaðar með sjávarsalti. Prófaðu núna!



Mest afslappandi lag allra tíma

Hljómsveitin Marconi Union vann með hópi þerapista við að búa til afslappandi lag sem hægir á öndun og starfsemi heilans.

Lagið heitir Weightless og var spilað fyrir fjórutíu konur sem hluti af rannsókn á vegum snyrtifyrirtækisins Radox. Kom í ljós að það var meira afslappandi en lög með Enyu, Mozart og Coldplay. Samkvæmt The Daily Telegraph sögðu rúmlega 65% kvennanna að lagið hefði dregið úr streitu.

Lys Cooper, stofnandi bresku hljóðmedferðarstofnunarinnar, sagði að lagið notaðist við mörg tónlistarmeðul sem hafi áður verið notuð með góðum árangri. „Með því að blanda þessum meðulum saman hefur Marconi Union tekist að búa til hið fullkomna afslöppunarlag. Samkvæmt rannsókninni er þetta mest afslappandi lag í heimi.“

TÍU MEST AFSLAPPANDI LÖGIN:

1. **Marconi Union** – Weightless
2. **Airstream** – Electra
3. **DJ Shah** – Mellomaniac
4. **Enya** – Watermark
5. **Coldplay** – Strawberry Swing
6. **Barcelona** – Please Don't Go
7. **All Saints** – Pure Shores
8. **Adele** – Someone Like You
9. **Mozart** – Canzonetta Sull'aria
10. **Cafe Del Mar** – We Can Fly



Stolt af línunum

Netheimar hafa logað að undanfögnu eftir að fatahönnuðurinn Karl Lagerfeld tjáði sig um líkamsvöxt söngkonunnar Adele í viðtali við blaðið Metro. Adele hefur nú svarað ummælum Karls um að hún væri of feit og segist vera stolt af vaxtarlagi sínu.

Í viðtali við tímaritið People segir söngkonan að hún myndi ekki vilja líta út eins og ein af fyrirsætum fatahönnuðarins þar sem henni þyki þær of grannar. Hún telur sig vera fulltrúa meirihluta kvenna nú til dags, bæði í útliti og framkomu, en sé vissulega meðvituð um eigin sjálfmynd eins og flestir. Eftir að hafa fylgst með fólki eyða lífi sínu



ELSKAR SJÁLFA SIG Adele segist ekki vilja líta út eins og fyrirsætur Karls Lagerfeld.

Í að óska þess að það liti öðruvísi út hefur Adele kosið að forðist slíkt fólk og elska sjálfa sig eins og hún er. Gott hjá henni!



+ D-3 vítamín er nauðsynlegt fyrir alla
– börn, konur og karla.



Fyrir þig í Lyfju

www.lyfja.is



ENN SAMAN Því er haldið fram að samband George Clooney og Stacy Keibler sé sett á svið.

Bara plat?

Samband George Clooney og kærustu hans, leikkonunar og fyrirsætunnar Stacy Keibler, virðist enn blómstra. Þau sáuust yfirgefa ítalska veitingastaðinn Dan Tana í Los Angeles á fimmtudagskvöldið, og virkuðu þau afslöppuð og hamingjusöm.

Slúðurdálkar vestanhafs hafa mikið spád í sambandið og hvort það sé raunverulegt eður ei. Margir telja það vera sett á svið í þeim tilgangi að auka líkur Clooney á Óskarsverðlauninum eftirsóttu nú í lok mánaðar og að það muni ekki endast nema rétt fram yfir Óskarsverðlaunahátíðina.

Clooney er sagður hafa sagt við vin sinn að Keibler væri allt það sem maður gæti óskað sér í konu, en að hann væri þó tilbúinn til að halda áfram og leita á ný mið.



MADONNA Eltihrellir Madonnu gengur laus um þessar mundir.

Eltihrellir gengur laus

Maður sem var dæmdur fyrir að hafa setið um söngkonuna Madonnu og hótað að stinga hana með hnífi slapp af heimili fyrir geðfatlaða í Kaliforníu fyrir skömmu og er leitað af lögreglunni.

Maðurinn er 54 ára og hefur afplánað tíu ára fangelsisdóm fyrir að hótta Madonnu. Hann elti hana á röndum víðs vegar um Kaliforníu snemma á tíunda áratugnum og hótaði að meiða hana vildi hún ekki giftast honum. Madonna bar fyrir rétti að hann hefði klifrað yfir grindverk við heimili hennar og hefði það valdið martröðum hjá henni.



Fósturlandsins Freyja,
Fagra Vanadís,
móðir, kona, meyja,
meðtak lof og prís!

*fallegar konur
á fallegum tíma*

**VIÐ HÖFUM OPNAÐ NÝJA OG
GLÆSILEGA VERSLUN FYRIR
VERÐANDI OG NÝBAKAÐAR MÆÐUR.
30% AF ÖLLUM VÖRUM, AÐEINS Í DAG.**

Meðgöngu- og brjóstgöngufatnaður í miklu úrvali.

Komið í dag og takið þátt í gleðinni.

Frábær opnunartilboð og léttar veitingar í boði.

Kápur - buxur - kjólar - bolir- sokkabuxur
nærföt og margt fleira.

Næg bílastæði í bílastæðahúsi!

Fósturlandsins Freyja,
Fagra Vanadís,
móðir, kona, meyja,
meðtak lof og prís!



Móðir Kona Meyja - Laugarvegi 86 - 571-0003 - www.mkm.is



ALFABAKKA			EGILSHÖLL		
HUGO	kl. 2-3-5:20-8-10:40	2D	HUGO	kl. 3-5:20-8	2D
HUGO Luxus VIP	kl. 3-5:20-8-10:40	3D	HUGO Ótextuð	kl. 10:40	3D
HUGO Ótextuð	kl. 8-10:40	3D	MAN ON A LEDGE	kl. 5:40-8	2D
ONE FOR THE MONEY	kl. 5:40-8-10:20	2D	ONE FOR THE MONEY	kl. 5:50-8-10:10	2D
MAN ON A LEDGE	kl. 10:40	2D	PRÓDULEIKARARNIR	kl. 3	2D
CONTRABAND	kl. 5:40-8-10:20	2D	STÍGVELADI KÖTTURINN	kl. 3:30	2D
PRÓDULEIKARARNIR	kl. 1-3:20-5:40	2D	WAR HORSE	kl. 10:20	2D
SHERLOCK HOLMES 2	kl. 8	2D	FJÖRFISKARNIR	kl. 3:30	2D
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 5:30	2D	PRÓDULEIKARARNIR	kl. 5:40	2D
FJÖRFISKARNIR	kl. 1:30-3:40	2D	UNDERWORLD: AWAKENING	kl. 8-10:10	2D
STÍGVELADI KÖTTURINN	kl. 1:30-3:40	2D	KRINGLUNNI		
HAPPY FEET 2	kl. 1	2D	GÖTTERDAMMERUNG		
AKUREYRI			KEFLAVÍK		
HUGO	kl. 1:30-3:40	2D	HUGO með texta	kl. 5	2D
HUGO Ótextuð	kl. 5:50-8	3D	HUGO Ótextuð	kl. 8	3D
ONE FOR THE MONEY	kl. 10:20	2D	SAFE HOUSE	kl. 10:30	2D
PRÓDULEIKARARNIR	kl. 1:30-5:50	2D	SHERLOCK HOLMES 2	kl. 10:10	2D
FJÖRFISKARNIR	kl. 3:40	2D	THE MUPPETS MOVIE	kl. 2	2D
WAR HORSE	kl. 8	2D	PUSS IN BOOTS	kl. 2-4	2D
SHERLOCK HOLMES 2	kl. 10:30	2D	FJÖRFISKARNIR	kl. 2	2D
SELFÖSS			50/50		
CONTRABAND	kl. 5:40-8-10:20	2D	FJÖRFISKARNIR	kl. 4	2D
THE HELP	kl. 5	2D			
WAR HORSE	kl. 8	2D			
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 10:40	2D			
PUSS IN BOOTS	kl. 2-4	2D			
FJÖRFISKARNIR	kl. 2	2D			



EKKI NÓGU GÓÐ Keira Knightley er glæsileg, en A Dangerous Method er ekki nógu góð mynd.

Bíó ★★★★★

A Dangerous Method

Leikstjóri: David Cronenberg

Leikarar: Michael Fassbender, Viggo Mortensen, Keira Knightley, Vincent Cassel, Sarah Gadon

Cronenberg í krísu?

Árið 1904 fær geðlæknirinn Carl Jung hina ungu Sabinu Spielrein til meðferðar, en hún þjáist af alvarlegri geðveiki. Eftir langa meðferð, sem framkvæmd er með aðstoð frá sjálfum Sigmund Freud, sýnir stúlkan batamerki og nær að stunda læknánám sitt af kappi. Meðan á því stendur á hún í kynferðissambandi við Jung, sem sjálfur er ráðsettur fjölskylduafaðir. Kanadíski leikstjórinn David Cronenberg hefur í seinni tíð færst nær „venjulegri“ kvikmyndagerð, en á fyrri hluta ferils síns sendi hann frá sér margar stórkvæmar en virkilega áhugaverðar myndir. Óvenjuleg kynhegðun hefur margsinnis verið umfjöllunarefni hans og má því ætla að hann hafi fyrir löngu hlaupið af sér perrahornin. Af þeim sökum staldrar hann stutt við í sjálfum kynlífsatriðunum og gefur þess í stað samtölunum stærra hlutverk. Leikhópurinn er ágætur. Viggo Mortensen er þrælfinn sem Freud, Keira Knightley kemur á óvart í erfiðu hlutverki og dansar skemmtilega á gráa svæðinu milli leiks og ofleiks, en Fassbender, sem mestur þungi hvílir á, er því miður veiki hlekkurinn. Hann er ekki ósannfærandi en á köflum er eittvað þínulítið rembingslegt við taktana í honum. A Dangerous Method er forvitnileg en frásagnargleðinni er ábótavant. Cronenberg var frábær leikstjóri og hefði hann gert myndina fyrir 15 árum hefði hún verið mun groddegri, en um leið hefði hún líklega verið meira spennandi og listrænt ógrandi. Að þessu sinni vantar einhvern herslumun.

Haukur Víðar Alfreðsson

Niðurstaða: Sæmileg mynd frá leikstjóra sem hefur þó oft gert betur.

Endurnýja kynni sín

Mickey Rourke og Kim Basinger ætla að leiða hesta sína saman á ný í pólitísku dramamyndinni Black November. Þau hafa áður leikið hvort á móti öðru á hvíta tjaldinu í hinni erótísku Níu og hálfri viku frá árinu 1986. Þau léku einnig bæði í The Informers sem kom út fyrir fimm árum en ekki hvort á móti öðru.

Black November byggir á sannri sögu og gerist í Nígíeríu. Leikstjórinn er einmitt nígíerískur og heitir Jeta Amata og myndin er væntanleg í bíó vestanhafs síðar á þessu ári.



SAMAN Á NÝ Mickey Rourke og Kim Basinger leiða saman hesta sína á nýjan leik.

mid.is LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

5% Miðasala og nánari upplýsingar

SAFE HOUSE, SKRÍMSLI Í PARÍS, CHRONICLE, THE GREY, CONTRABAND, THE IRON LADY, ALVIN OG IKORNARNIR 3

Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

Sími: 553 2075 - bara lúxus

Ódýrt í bíó

SYND KL.2

ATH 750 KR. í 2D

ATH 950 KR. í 3D

ATH 750 KR. í 2D

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSBÍÓ

LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR

SMÁRA BÍÓ **mid.is**

ALVIN OG IKORNARNIR 3 KL. 1 LAU OG SUN L

SKRÍMSLI Í PARÍS 3D KL. 1 LAU OG SUN L

STAR WARS EPI 3D KL. 1 SUNNUDAG 10

CHRONICLE KL. 1 SUNNUDAG 12

HÁSKÓLA BÍÓ **mid.is**

SKRÍMSLI Í PARÍS 3D KL. 3.30 LAU OG SUN L

STAR WARS EPI 3D KL. 3 LAU OG SUN 10

THE DESCENDANTS KL. 3 LAU OG SUN L

LISTAMAÐURINN KL. 4 LAU OG SUN L

SMÁRA BÍÓ **mid.is** HÁSKÓLA BÍÓ

SAFE HOUSE, STAR WARS EPISODE I, SKRÍMSLI Í PARÍS, CHRONICLE, THE GREY, CONTRABAND, THE IRON LADY, ALVIN OG IKORNARNIR 3

TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!

PRÓDULEIKARARNIR SYND MEÐ ÍSLENSKUM TEXTA

TRYGGU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS

SPARBÍÓ

VERKTAR MED GRÆNU OG APPELSINUGULU Í BÍO AUGLÝSINGUM

SAMBÍÓ KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSINUGULT

SAMBÍÓ

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR	5%	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MID.IS	5%
MAN UTD VS LIVERPOOL 3D	KL. 12.45 LAU	L	SAFE HOUSE	KL. 5.30-8-10.30	16
SAFE HOUSE	KL. 5.30-8-10.30	16	STAR WARS EPISODE 1 3D	ÓTEXTUÐ KL. 3 (TILB) 6-9	10
SAFE HOUSE LÚXUS	KL. 5.30-8-10.30	16	THE DESCENDANTS	KL. 3 (TILB) 5.30-8-10.30	L
SKRÍMSLI Í PARÍS 3D	KL. 1 (TILB) - 3.20	L	LISTAMAÐURINN	KL. 4 (TILB) 6-8-10	L
STAR WARS EPISODE 1 3D	ÓTEXT. KL. 1 (TILB,SUN) 3*LAU-8-10.45	10	DESCENDANTS	KL. 3 (TILB)	L
STAR WARS 3D LÚXUS	KL. 2	10	BORÐARBÍÓ NÁNAR Á MID.IS		
CHRONICLE	KL. 1 (TILB,SUN) 3.30 LAU-3* SUN 6-8-10	12	SKRÍMSLI Í PARÍS 3D	KL. 2 (TILBOÐ) - 3.50	L
THE GREY	KL. 10.30	16	SAFE HOUSE	KL. 8-10.10	16
CONTRABAND	KL. 5.30-8	16	ALVIN OG IKORNARNIR 3	KL. 2 (TILBOÐ) - 4	L
THE DESCENDANTS	KL. 3* SUN - 5.30	L	STAR WARS EP 1 3D	ÓTEXT. KL. 5.40	10
ALVIN OG IKORNARNIR 3	KL. 1 (TILB) - 3.20	L	CONTRABAND	KL. 6	16
			CHRONICLE	KL. 8	12

BÍÓ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMISTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / mid.is ■ Hluti af Europa Cinemas

LAUGARDAGUR: A DANGEROUS METHOD 18:00, 20:00, 22:00 ■ FRÖNSK HÁTÍÐ: STRÍÐSFRYLÝSING 20:00 ■ FRÖNSK HÁTÍÐ: ÖLD MYRKURSINS 22:00 ■ FRÖNSK HÁTÍÐ: SAMAN ER EINUM OF 18:00 ■ EDDA 2012: Á ANNAN VEG 18:00 ■ EDDA 2012: JÓN OG SÉRA JÓN 20:00 ■ EDDA 2012: BORGRIKI 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 22:00 ■ MY WEEK WITH MARILYN 20:00 ■ SUNNUDAGUR: A DANGEROUS METHOD 18:00, 20:00, 22:00 ■ FRÖNSK HÁTÍÐ: STRÍÐSFRYLÝSING 22:00 ■ FRÖNSK HÁTÍÐ: ÖLD MYRKURSINS 18:00 ■ FRÖNSK HÁTÍÐ: BARNSFADIRINN 18:00 ■ EDDA 2012: ANDLIT NORÐURSINS 18:00 ■ EDDA 2012: ELDFJALL 22:00 ■ EDDA 2012: STUTTMYNDIR EDDU 20:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00 ■ MY WEEK WITH MARILYN 20:00 ■ VETRARHÁTÍÐ: PARTIR 22:00

FRÁ MEISTARA DAVID CRONENBERG **A DANGEROUS METHOD**

NIU MYNDIR AF FRÖNSKU HÁTÍÐINI HALDA ÁFRAM HJA OKKUR!

EDDA 2012: BÍOMYNDIR HEIMILDA-MYNDIR OG STUTTMYNDIR TIL EDDU-VERÐLAUNA

MY WEEK WITH MARILYN

Hin eina sanna Skósprengrja

Opið alla helgina

Lágmarks-
afsláttur 50%

90%

Allt að

Opið

afsláttur

virka daga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND



Toppskórin

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

Outlet



KEFLAVÍK ætlar ekki að áfrýja niðurstöðu aga- og úrskurðarnefnd KKÍ um að úrslit leiks Njarðvíkur og Keflavíkur í 8-liða úrslitum Powerade-bikars kvenna í körfubolta skuli standa en Keflavík kærði framkvæmd leiksins sem Njarðvík vann í framlengingu. Mótanefnd KKÍ hefur því sett undanúrslitaleikina á mánudagskvöldið klukkan 19.15. Njarðvík tekur þá á móti Haukum og Stjarnan sækir Snæfell heim. Þetta tryggir það jafnframt að bikaúrslitaleikur kvenna fer fram í Laugardalshöllinni laugardaginn 18. febrúar.

ÚRSLIT

IE-deild karla:

KR-Stjarnan	89-87
KR: Joshua Brown 21, Robert Ferguson 15, Finnur Atli Magnússon 15, Martin Hermannsson 13, Hreggviður Magnússon 8, Emil Þór Jóhannsson 6, Dejan Sencanski 5, Skarphéðinn Freyr Ingason 4, Ágúst Angantýsson 2.	
Stjarnan: Justin Shouse 28, Keith Cothran 15/10 stoðsendingar, Renato Lindmets 14, Marvín Valdimarsson 12, Jovan Zdravevski 9, Fannar Freyr Helgason 5, Guðjón Lárusson 4.	
Haukar-Keflavík	73-71
Haukar: Emil Barja 23, Hayward Fain 13/10 frá, Christopher Smith 12/19 frá/6 varin, Alik Joseph-Pauline 11, Örn Sigurðarson 6, Steinar Aronsson 5, Davíð Páll Hermannsson 2, Helgi Björn Einarsson 1.	
Keflavík: Jarryd Cole 22, Magnús Þór Gunnarsson 14, Kristoffer Douse 11, Charles Michael Parker 9, Valur Orri Valsson 6, Almar Guðbrandsson 4, Halldór Örn Halldórsson 3, Ragnar Albertsson 2.	
STADAN:	
Grindavík	15 14 1 1341-1160 28
KR	15 10 5 1321-1277 20
Stjarnan	15 10 5 1335-1248 20
Keflavík	15 10 5 1362-1250 20
Snæfell	15 9 6 1434-1336 18
Þór Þ.	15 9 6 1277-1216 18
Fjölnir	15 7 8 1298-1348 14
ÍR	15 6 9 1294-1367 12
Tindastóll	15 6 9 1274-1351 12
Njarðvík	15 6 9 1257-1284 12
Haukar	15 3 12 1150-1263 6
Valur	15 0 15 1133-1376 0



GEIR OG ÓLAFUR Stóðu þétt saman er Ólafur stýrði landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Geir Porsteinsson:

Sé ekki eftir að hafa ráðið Ólaf

FÓTBOLTI „Ég verð að sitja uppi með það að ég hélt trúnaði við Ólaf og hélt hann vera rétta manninn í fjögur ár. Stigin töluðu svo sínu máli,“ sagði Geir Porsteinsson, formaður KSÍ, í viðtali í útvarpsþættinum Boltinn á X-inu 977 í gær en hann var þar í ítarlegu viðtali. Þar svarar hann því hvort rétt hafi verið að veðja á Ólaf Jóhannesson sem landsliðshjálfa. Geir sér ekki eftir því.

„Nei, ég sé ekki eftir því. Ég lít ekki á þessa ráðningu sem mistök. Ég sé ekki eftir þessum tíma.“

Í viðtalinu var farið um víðan völl og Geir segist meðal annars hafa kosið Sepp Blatter með góðri samvisku.

Viðtalið við Geir er aðgengilegt í heild sinni inni á Vísir.is.

SUÁREZ OG EVRA HITTAST Á NÝ

Stórleikur helgarinnar í enska boltanum er viðureign erkifjendanna Manchester United og Liverpool á Old Trafford í hádeginu í dag en allir bíða spenntir að sjá hvað gerist á milli þeirra Luis Suárez og Patrice Evra.


FÓTBOLTI Þeir gerast ekki stærri leikirnir í enska boltanum en leikir Manchester United og Liverpool, tveggja sigursælustu félaganna í sögu enskrar knattspyrnu. Fyrri tvær viðureignir liðanna í vetur hafa aðeins ýtt undir spennuna og eftirvæntinguna fyrir leikinn á Old Trafford í dag, ekki síst vegna málsins sem kom upp í deildarleik liðanna á Anfield í októbermánuði.

Patrice Evra, bakvörður Manchester United, sakaði Luis Suárez, framherja Liverpool, um kynþáttaníd eftir leikinn og Úrúgvæmaðurinn var síðan dæmdur í átta leikja bann af enska knattspyrnu-sambandinu. Málið fór strax hátt í öllum fjölmiðlum og hefur ekki þagnað síðan. Í raun má segja að menn hafi í raun beðið eftir því í 119 daga að þeir Suárez og Evra hittust á ný og í dag er komið að því.

Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, og Kenny Dalglish, stjóri Liverpool, hafa undanfarna fjóra mánuði þurft að svara óteljandi spurningum um mál þeirra Suárez og Evra.

„Allir þeir sem koma að þessum leik með einum eða öðrum hætti, þar á meðal fjölmiðlar, stuðningsmenn og liðin sjálf, bera þá ábyrgð að þessa leiks verði aðeins minnst fyrir frábæran fótbolta en ekki einhvers annars,“ sagði Kenny Dalglish og bætti við:

„Ég veit að allir vilja tala um Luis Suárez en hann er búinn að taka út sitt bann og er kominn aftur til baka. Það er kominn tími til að við komumst yfir þetta mál og höldum áfram,“ sagði Dalglish.



FYRIR 119 DÖGUM Patrice Evra og Luis Suárez í leik Manchester United og Liverpool á Anfield í október.

„Við ætlum bara að halda áfram að sinna okkar starfi. Við höfum haldið okkar virðingu í gegnum allt þetta mál og ætlum bara að einbeita okkur að leiknum. Liverpool-menn hafa tjáð sig mikið um málið, en við höfum haldið okkur til hlés og það er að mínu mati rétta leiðin í svona málum,“ sagði Sir Alex Ferguson.

Flestir knattspyrnuáhugamenn

munu þó örugglega bíða spenntastir eftir því hvort þeir Luis Suárez og Patrice Evra heilsist fyrir leik og hvernig barátta þeirra á vellinum eigi eftir að þróast.

Það er líka spurning hvort fleiri hljóðnemar eða fleiri myndavélar verði á vellinum fari svo að það sjóði aftur upp á milli þeirra. Eitt er nokkuð öruggt að Suárez mun draga sig út til hægri og sækja

ítrekað á Patrice Evra því annars væri hann ekki að spila sinn leik.

„Ég hef talað við Luis og ég veit að hann mun taka í höndina á Patrice Evra og öðrum leikmönnum Manchester United fyrir leikinn,“ sagði Dalglish og Ferguson hefur ekki miklar áhyggjur af einu mest umtalaða handabandi síðari tíma.

„Ég hef ekki einu sinni hugsað um það og það er ekkert til umræðu og hefur aldrei verið til umfjöllunar innan okkar raða. Við erum bara að einbeita okkur að þessum fótboltaleik,“ sagði Sir Alex Ferguson.

Man. Utd. hefur unnið 7 af 8 síðustu leikjum sínum í deild og bikar á móti Liverpool á Old Trafford og fær miklar kjörir tækifæri til að hefna fyrir bikartapið á Anfield í síðasta mánuði. Það má búast við því að annað liðið fagni sigri í dag því jafntefli liðanna í október var aðeins annað af tveimur jafnteflum liðanna í síðustu 23 deildarleikjum.

Leikur Manchester United og Liverpool hefst klukkan 12.45 í dag. Luis Suárez og Patrice Evra eru bara tveir af 22 frábærum fótboltamönnum á vellinum og allir þeirra vita fátt verra en að tapa á móti erkifjendunum.

Það verður því barist fyrir hverjum bolta í 90 mínútur á Old Trafford. Stigin þrjú eru líka liðunum afar mikilvæg, United á í titilbaráttu við City og Liverpool-menn lifa enn í voninni um sæti í Meistaradeildinni. Sigur í þessum leik væri stórt skref í átt að því að ná þeim markmiðum.

ooj@frettabladid.is

KR vann sigur á Stjörnunni í háspennuleik:

Dýrt brot hjá Cothran

KÖRFUBOLTI KR vann mikilvægan tveggja stiga sigur 89-87 á Stjörnunni á heimavelli sínum í gærkvöldi þar sem Joshua Brown tryggði sigurinn með tveimur vítum þegar tvær sekúndur voru eftir af leiknum.

KR var lengst af yfir í leiknum sem jafnaðist í fjórða leikhlotu. Allt virtist benda til þess að leikurinn yrði framlengdur þar til Keith Cothran braut á Brown í þriggja stiga skoti rétt fyrir leikslök.

„Við virðumst bara spila spennandi leiki núna. Þetta spilaðist ekki eins og við ætluðum okkur. Mér fannst við hafa alla burði til að

vera mun meira yfir í fyrri hálfleik. Glötuð víti og glataðir boltar gegnum gangandi allan leikinn valda okkur vandræðum,“ sagði Hrafn Kristjánsson þjálfari KR í leikslök.

„Við fáum umdeild víti í lokin en við gerum vel í að halda boltanum þangað til í lokin og taka ákvörðun,“ sagði Hrafn sem tók leikhlé fyrir vítaskot Brown þar sem lagt var upp með að hann klikkaði úr þriðja vítinu svo Stjarnan gæti ekki tekið leikhlé.

Í hinum leik gærkvöldsins komu Haukar á óvart með því að leggja Keflavík eftir framlengingu. - gmi



BARÁTTA Það var hart barist í DHL-höllinni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

EIMSKIPS BIKARINN

HANDBOLTI 2012 UNÐANÚRSLIT

EIMSKIPSBIKAR KARLA

Sunnudagurinn 12. febrúar

15.45 Haukar - FH Schenkerhöllinni

Mánudagurinn 13. febrúar

19.30 HK - Fram Digranesi

SPORT 2

enski boltinn

Síminn

ICELANDAIR


1011
...opið í 20 ár

OPIN KERFI

EVRA vs SUAREZ

MANCHESTER UNITED – LIVERPOOL

BARDAGINN HEFST KL. 12:15 Í DAG



**FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT NÚNA
STOD2.IS – 512 5100**

Stöð 2 Sport 2 og fylgistöðvar*

213 KR.

Á DAG

*MUTV, Liverpool TV og Chelsea TV

ÞAD ER
ÓDYRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

Í hádeginu í dag mætir Luis Suarez á Old Trafford eftir átta leikja bann. Ensku meistaranir eru sjálfir óðir í að hefna fyrir hrakfarirnar gegn Rauða hernum í bikarkeppninni um daginn. Þetta er bardaginn sem allir eru að tala um.

TRYGGÐU ÞÉR BESTA SÆTIÐ!

NÚMER EITT ER AÐ VINNA LEIKI

Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfari í knattspyrnu, hefur valið sína fyrstu landsliðshópa en á blaðamannafundi í gær útlistaði hann hvaða leiðir hann ætlar að fara til að ná settum markmiðum. Leikmenn byrja með hreint borð hjá þjálfaranum sem valdi alls 36 menn fyrir leikina á móti Japan og Svartfjallalandi.



EYJÓLFUR SVERRISSON Kynnir hér hópinn sinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eyjólfur Sverrisson: U-21 spilar 4-4-2 eins og A-liðið

FÓTBOLTI Samvinna þjálfara A-landsliðs karla og U-21 landsliðsins verður meiri en hingað til. Lars Lagerbäck sagði á blaðamannafundi KSÍ í gær að hann vonaðist eftir góðu samstarfi við bæði Eyjólf Sverrisson, þjálfara U-21 liðsins, sem og Sigurð Ragnar Eyjólfsson þjálfara kvennalandsliðsins.

